





SÉRBLAÐ FYLGIR
Europris
FRÁBÆR TILBOÐ!

FRÍTT
# FRÉTTABLAÐIÐ
15. október 2008 — 282. tölublað — 8. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 512 5000

## MIÐVIKUDAGUR



**Ástæða til að komast heim**
Hafdís Huld kynnir lag sitt fyrst á Íslandi svo hún geti notið lífsins í heimahögunum.
FÓLK 25

**Frelsi og sjálfstæði fjölmiðla**
Skýrsla dr. Herdísar Þorgeirsdóttur á sviði fjölmiðlaréttar verður lögð til grundvallar á sérstökum fundi Evrópuráðsins í Strassborg í dag.
TÍMAMÓT 18



**Látum verkin tala**
Hermann Hreiðarsson segir að það sé kominn tími til að landsliðið láti verkin tala.
ÍÞRÓTTIR 26




## VEÐRIÐ Í DAG




**BJART SYÐRA** Í dag verður yfirleitt hæg norðlæg átt. Rigning eða slydda norðan til og austan einkum þegar líður á daginn, en yfirleitt bjart sunnan og suðvestan til. Hiti 0-7 stig, mildast syðst. Næturfrost.
VEÐUR 4

# Fiskútflutningur í hættu vegna gjaldeyriskreppu

**Forsætisráðherra hvetur útflytjendur til að flytja erlendar tekjur heim á sama tíma og bresk yfirvöld frysta fjárstreymi til Íslands. Vinnslu er sjálfhætt að óbreyttu, segir framkvæmdastjóri útgerðarsviðs Samherja.**

**SJÁVARÚTVEGUR** Geir H. Haarde forsætisráðherra hvatti útflytjendur í gær til að flytja erlendar tekjur sínar til landsins og Eiríkur Guðnason seðlabankastjóri sagði í kvöldfréttum Sjónvarpsins að nauðsynlegt væri að auka gjaldeyristekjurnar með útflutningi. Á sama tíma fá íslenskir fiskútflytjendur þau boð frá breskum viðskiptavinum sínum að stjórnvöld í Bretlandi hafi fryst allt fjárstreymi til Íslands um óákveðinn tíma.

„Ég held að menn ættu ekki að vera með neinar yfirlýsingar heldur halda áfram að vinna og koma hlutunum í lag því ef þeir gera það ekki þá er sjálfstoppað,“ segir Kristján Vilhelmsson, framkvæmdastjóri útgerðarsviðs Samherja. „Ef atvinnulíf á að geta gengið á Íslandi þá verða gjaldeyrisviðskipti að vera í lagi, bæði út og inn í landið. Ef framleiðandi fær ekki peninginn sinn fyrir vöruna þá segir það sig sjálft að hann hættir að vinna.“ Ægir Páll Friðbertsson, forstjóri Ísfélagsins, sem meðal annars rekur frystitogara sem nú landar í Noregi, tekur í sama streng. „Við fengum olíu í síðustu viku með því að væla hana út. Þeir sögðu að við mættum búa okkur undir að þurfa að staðgreiða næst. Við áttum von á greiðslum frá Bretlandi en þær hafa ekki borist,“ segir Ægir Páll.

> Ef ekki vill betur verða menn að setjast upp í flugvél með stóra tösku og fara og ná í gjaldeyrinn.
>
> **FRIÐRIK J. ARNGRÍMSSON**
> FRAMKVÆMDASTJÓRI LÍÚ

Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri LÍÚ, segir forgangsatriði að koma gjaldeyrismörkuðum í lag. „Við verðum að geta komið gjaldeyrinum heim. Sum fyrirtæki eiga allt að 100 milljónum erlendis sem þau komast ekki í. Við lifum nokkra daga af svona, en þessu verður að bjarga. Ef ekki vill betur verða menn að setjast upp í flugvél með stóra tösku og fara og ná í gjaldeyrinn.“ **- jse, kóp**



**BESTI KNATTSPYRNUMAÐUR ÍSLANDS** Ásgeir Sigurvinsson var í gær valinn besti knattspyrnumaður Íslands frá árinu 1946. Kjörið var samvinnuverkefni Stöðvar 2 Sport og Knattspyrnusambands Íslands. Tíu voru tilnefndir. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Uffe Ellemann-Jensen:

## Dýrt er sjálfstæði Íslands

**EFNAHAGSMÁL** Uffe Ellemann-Jensen, fyrrverandi utanríkisráðherra Danmörku, birti í gær grein í danska blaðinu Berlingske tidene undir heitinu Ísland í miðpunkti fjármálakreppunnar.



**UFFE ELLEMANN-JENSEN**

Í greininni segir hann efnahagskrísuna reyna mjög á íslenska vini sína þótt sé vart hægt að finna duglegra og kraftmeira fólk. Stolt Íslendinga og sjálfstæði hafi einangrað þá. Íslendingar gjaldi nú sjálfstæði sitt dýru verði rétt eins og Bjartur í Sjálfstæðu fólki eftir Laxness áður. Á Íslandi hafi dregið úr lífsgæðum og frjáls verslun takmörkuð.

Uffe telur að dugnaður Íslendinga geti komið þeim út úr kreppunni. Þeir verði þó að átta sig á því að í heiminum nú sé styrkur fólks lítill standi það alltaf eitt. **- kdk**

Tónlistarhátíðin Iceland Airwaves hefst í kvöld í miðborg Reykjavíkur:

## 300 milljóna króna innspýting

**FÓLK** Iceland Airwaves-tónlistarhátíðin hefst í kvöld í miðborg Reykjavíkur og stendur fram á sunnudag. Alls munu um 4.500 gestir sækja hátíðina þetta árið. Þar af eru um 1.800 erlendir gestir. Að sögn Þorsteins Stephensen hjá Hr. Örlygi, sem sér um framkvæmd hátíðarinnar, komu fyrstu erlendu listamennirnir til landsins í gær. „Það kemur svo stór hópur í dag og enn stærri á morgun. Partíið er að byrja.“

Erlendir blaðamenn eru ætíð áberandi á Airwaves. Í ár er búist við 400 erlendum blaðamönnum frá þekktum tónlistarblöðum á borð við Rolling Stone, NME, Q og Vice svo fáein séu nefnd. Þá verða hér fulltrúar frá þekktum dagblöðum eins og Guardian og Times.

Óhætt er að segja að hátíðin komi á góðum tíma fyrir Ísland og Íslendinga. Ekki einasta er hún kærkomið tækifæri fyrir tónlistaráhugafólk til að gleyma áhyggjum af efnahagsástandinu um stund heldur segir Þorsteinn að hátíðin skili dágóðri summu í þjóðarbúið. „Það var reiknað út í Viðskiptablaðinu í fyrra að Iceland Airwaves sé 300 milljóna króna innspýting í miðborgarhagkerfið. Þá er allt reiknað með: hótel, veitingastaðir, bílaleigur og svo mætti áfram telja. Þetta er nú upphæð sem munar um í þessu árferði.“ **- hdm**

BORÐLAMPAR



Rafkaup
Ármúla 24 • S: 585 2800
OPIÐ LAUGARDAG KL:11-16

Bestu kaupin í dag
Kafbátur mánaðarins
6 tommu pizzabátur
329 kr.
SUBWAY
Gildir í okt. 08, gildir ekki með öðrum tilboðum.

Kaffirjómi í nýjum umbúðum
Frábær út í kaffið og til matargerðar.




ms.is

**SPURNING DAGSINS**



*Stefán, ertu fær í flestan sjó?*

Já, nema kannski í bankabrælu.

Stefán Máni rithöfundur stundar sjósund og segir það vera allra meina bót.

Spurningum velt upp um réttmæti þjóðnýtingar Glitnis:

# Þjóðnýting Glitnis orsökin

**EFNAHAGSMÁL** „Allt það sem íslenska þjóðin upplifir í dag er afleiðing Seðlabankans,“ segir Sigurður G. Guðjónsson, fyrrverandi stjórnarmaður í Glitni. Hann segir stjórnmálamenn hafa samþykkt inngrip í bankann án þess að kynna sér aðgerðina að nokkru marki.

„Það að ríkið lánaði ekki þessa peninga [600 milljónir evra] á þessum tíma, sem hefði gert Glitni kleift að anda og mæta þeim hremmingum sem voru augljóslega að ríða yfir bankakerfi heimsins, hefur skapað það ófremdarástand sem er á Íslandi í dag. Beint í kjölfar inngripsins á Glitni var mati á öllum bönkunum kollvarpað og dregið yfir lánalínur.“



SIGURÐUR G. GUÐJÓNSSON



ÓLAFUR ÍSLEIFSSON

Ólafur Ísleifsson, prófessor í hagfræði við HR, spyr í grein í Markaðnum í dag hvort málin hafi þurft að þróast með þessum hætti. Í lokaorðum sínum segir hann:

„En líkindi má telja til þess að önnur afgreiðsla á máli Glitnis hefði gefið bönkunum svigrúm til að mæta lausafjárþurrðinni, hugsanlega nógu lengi til að komast í það skjól sem vænta má af samræmdum alþjóðlegum aðgerðum til stuðnings fjármálakerfinu. Kannski var þetta spurning um tvær eða þrjár vikur. Við því fæst ekki svar héðan af. Afgreiðslan á erindi Glitnis tæmdi stundaglasið.“

- kóp, jsa / Sjá Markaðinn

Tilmæli frá ríkisstjórn Íslands:

## Vilja frysta afborganir lána

**EFNAHAGSMÁL** Ríkisstjórnin vill að Nýi Landsbankinn og Nýi Glitnir frysti afborganir myntkörfulána, sérstaklega vegna húsnæðislána, þar til ró kemst á gjaldeyrismarkaðinn.

Þetta kom fram í tilkynningu sem viðskiptaráðuneytið sendi fjölmiðlum í gær.

Einnig er þeim tilmælum beint til sömu aðila um að fólki í greiðsluerfiðleikum verði boðin sömu úrræði og til staðar eru hjá Íbúðalánasjóði vegna greiðsluerfiðleika. Auk þess eru önnur fjármálafyrirtæki beðin um að veita sömu fyrirgreiðslu.

- kdk



**MJÁLMANDI KÖTTUR** Kettir fá stundum hjálp frá slökkviliðsmönnum þegar þeir hafa komið sér í ógöngur.

Slökkviliðið gerir góðverk:

## Kettlingi hjálpað úr þakrennu

**BJÖRGUN** Kettlingur, sem sat fastur í þakrennu húss í Reykjavík í gær, fékk hjálp slökkviliðsmanna við að komast niður. Það varð honum til happs að fólk sem var að bíða eftir strætó tók eftir honum vandræðast í rennunni og hafði samband við slökkviliðið.

Slökkviliðsmenn sinna útköllum á borð við þetta þegar tími gefst til. „Við höfum reyndar aldrei fundið dauðan kött uppi í tré eða í þakrennu. Þeir koma sér niður á endanum. En það er okkar hlutverk að slökkva elda, stóra sem smáa,“ sagði Eyþór Leifsson, slökkviliðsmaður á vakt í gær. - hhs

**ÞÝSKALAND**

### Sodann í forsetaframboð

Þýski Vinstriflokkurinn, Die Linke, hefur tilnefnt leikarann Peter Sodann sem frambjóðanda sinn til embættis forseta landsins. Forsetinn er kjörinn af kjörmannasamkomu sem skipuð er þingmönnum bæði af Sambandsþinginu og héraðsþingum þýsku sambandslandanna 16. Kjörið fer fram 23. maí í vor. Horst Köhler, sem gegnt hefur embættinu undanfarið kjörtímabil, gefur kost á sér áfram.

# Vilja að stjórn Seðlabanka víki sem fyrst

**Formaður Samfylkingar segir að skynsamlegt sé að seðlabankastjórar víki. Ágúst Ólafur Ágústsson segir að skilaboð til Davíðs Oddssonar ættu að hafa borist honum. Geir H. Haarde stendur enn með stjórn Seðlabankans.**

**EFNAHAGSMÁL** Skynsamlegt er að stjórn Seðlabankans víki og veiti Geir H. Haarde forsætisráðherra þar með nægjanlegt svigrúm til breytinga. Þetta kom fram í máli Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, utanríkisráðherra og formanns Samfylkingarinnar, í viðtali á RÚV í gær. Áður hefur Ágúst Ólafur Ágústsson, varaformaður flokksins, látið þessa skoðun sína í ljós.

Á þriðjudag fyrir viku var Davíð Oddsson seðlabankastjóri spurður að því í Kastljósi hvort til greina kæmi að hann léti af embætti. Því svaraði Davíð á þessa leið: „Það hefur enginn nefnt það við mig en ég hef bara svona séð þetta en ef ég teldi mig hafa unnið til þess þá væri það sjálfsagt. Eins og ég segi þá er það þannig að það hefur verið nokkuð velrekin hérna sjoppa sem hefur haldið uppi látlausum árásum á mig í þrjú, fjögur ár, það gerir mér ekkert til en einhvern tímann verður þetta skoðað og þá kemur fram að þar hefur mikil ósanngirni verið á ferðinni.“

„Maður skyldi ætla að skilaboðin séu búin að berast núna,“ segir Ágúst Ólafur um svar Davíðs að enginn hefði nefnt það við hann að til greina kæmi að hann hætti.

„Það þarf að auka trúverðugleika Seðlabankans, menn sjá það að peningastefna Seðlabankans er gjaldþrota,“ segir Ágúst Ólafur. Hann segir eina af þeim leiðum sem þurfi að grípa til svo bæta megi trúverðugleika stofnunarinnar að skipta þar um stjórn. „Það mega engar heilagar kýr verða í veginum fyrir því að bæta ástandið, jafnvel þótt þær heiti Davíð Oddsson,“ segir Ágúst Ólafur.



**ÞRÝSTINGURINN ÞYNGIST** Svo megi endurvekja traust á Seðlabankanum vilja forystumenn Samfylkingar að seðlabankastjórarnir Ingimundur Friðriksson, Eiríkur Guðnason og Davíð Oddsson víki þegar í stað. Davíð hefur ekki ljáð máls á því.



ÁGÚST ÓLAFUR ÁGÚSTSSON



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR



ÞORGERÐUR KATRÍN GUNNARSDÓTTIR



GEIR H. HAARDE

Þegar Fréttablaðið leitaði viðbragða Geirs H. Haarde forsætisráðherra í gær og leitaði viðbragða hans við ummælum Ingibjargar sagði Gréta Ingþórsdóttir, aðstoðarkona hans, að hann hefði þegar komið fram skoðun sinni um þetta mál á framfæri.

Ekki fengust svör frá Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur, menntamálaráðherra og varaformanni Sjálfstæðisflokksins, í gær. Ágúst Ólafur segist hvorki ætla að svara fyrir skoðanir allra Sjálfstæðismanna né allra Samfylkingarmanna á þessu máli. Hann viti þó að mikill skilningur ríki á mikilvægi þess að endurvekja traust á Seðlabankanum. Ekki hrikti í stoðum ríkisstjórnarinnar vegna þessa máls. „Davíð Oddsson hvorki sameinar né sundrar þessari ríkisstjórn,“ segir Ágúst Ólafur.

karen@frettabladid.is



**VÆNTIR ÁRANGURS** Össur væntir árangurs af viðræðum íslensku sendinefndarinnar sem nú er í Rússlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Össur Skarphéðinsson:

## Ráðherra bjartsýnn á viðræður við Rússa

**EFNAHAGSMÁL „Ég er mjög bjartsýnn á viðræður við Rússa um lán. Skýr skilaboð hafa komið um vilja þeirra til viðræðna þótt málið hafi ekki verið eins fast í gadda slegið og ætla mætti af fyrstu yfirlýsingum Seðlabankans,“ segir Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra.**

**Íslensk sendinefnd fundaði í Moskvu í gær um gjaldeyrislán. Ekkert liggur fyrir eftir þær viðræður. Össur segir að gangi þær vel verði þess skammt að bíða að fyrstu greiðslur berist.**

**„Ég átti von á að aðrir hefðu komið okkur fyrr til hjálpar, en vinir okkar í Rússlandi hafa áður komið og aðstoðað okkur.“** - kóp

**DÓMSTÓLAR**

### Stal nærbuxum og ilmvatni

Kona hefur verið dæmd í fjögurra mánaða fangelsi, þar af þrjá skilorðsbundna, fyrir að stela tvennum nærbuxum og ilmvatnsglasi í Hagkaupum í Skeifunni. Verðmæti þýfisins nam 6.677 krónum.






Forstjóri Fjármálaeftirlitsins segir að ekki hefði verið hægt að loka Icesave:

# Engar réttmætar ástæður til að afturkalla starfsleyfið

**VIÐSKIPTI** „Ekkert kom fram sem veitti Fjármálaeftirlitinu ástæðu til að afturkalla starfsleyfi Landsbankans,“ segir Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, þegar hann er spurður um erlenda starfsemi bankans sem gerði út Icesave-reikningana.

Breskir og hollenskir sparifjáreigendur lögðu sem nemur hundruðum milljarða króna inn á reikningana, en þeir hafa verið lokaðir um nokkurra daga skeið. Íslensk stjórnvöld ræða enn við Breta um lausn mála. „Heimild til að banna stofnun útibús getur aðeins komið til ef Fjármálaeftirlitið hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun eða fjárhagsstaða fjármálafyrirtækis í heild sinni sé ekki traust er tilkynning um opnun útibús berst eftirlitinu,“ segir Jónas. Hafi Fjármálaeftirlitið réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða sé ekki traust komi mögulega til afturköllunar á starfsleyfi að heild eða hluta. „Eftir að útibú hefur tekið til starfa hefur Fjármálaeftirlitið ekki lagaleg úrræði til að breyta starfsemi nema í samráði við viðeigandi fjármálafyrirtæki og yfirvöld í viðkomandi ríki.“



**JÓNAS FR. JÓNSSON** Forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

Hann bendir á að aðrar þjóðir gangi í gegnum efnahagserfiðleika og aðrar þjóðir hafi gert það áður. „Það er kannski skemmst að minnast annarra Norðurlanda. Þau fóru í gegnum mjög erfiða fjármálakrísu í upphafi tíunda áratugarins og þau náðu með samstilltu átaki að koma sér út úr henni og halda í raun og veru sínu þjóðfélagskerfi óbreyttu.“ Jónas segir að Íslendingar eigi auðvitað að reyna að draga lærdóm af þeim hremmingum.

- ikh / sjá Markaðinn




**LEIKUR ÁN FORDÓMA**

# ÍSLAND - MAKEDÓNÍA

UNDANKEPPNI HM 2010, LAUGARDALSVÖLLUR, Í KVÖLD KL. 18:00

KSÍ
*Alltaf í boltanum*

*Alltaf í boltanum með KSÍ*

Landsbankinn · MasterCard · Coca-Cola · vodafone · VÍS · Lengjan · ICELANDAIR

MIÐAVERÐ Á LEIKDAG 15. OKT.
Sæti á rauðu svæði kr. 2.000
Sæti á bláu svæði kr. 1.500
Sæti á grænu svæði kr. 1.000

Börn 16 ára og yngri fá miðana með 50% afslætti.

Miðasala fer fram á midi.is

Athugið að reykingar eru stranglega bannaðar í báðum stúkum. Öll meðferð áfengis er óheimil og eins að fara með drykkjarföng inn á völlinn. • Áhorfendur eru hvattir til að mæta tímanlega því aðgöngumiðar eru skannaðir við aðgönguhlið. Áhorfendur á rauðu og grænu svæði ganga inn um aðgönguhlið í vesturstúku. • Áhorfendur á bláu svæði ganga inn um aðgönguhlið við austurstúku við Valbjarnarvöll.

## GENGIÐ 14.10.2008

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 109,29 | 109,81 |
| Sterlingspund | 192,14 | 193,08 |
| Evra | 149,96 | 150,8 |
| Dönsk króna | 20,117 | 20,235 |
| Norsk króna | 17,799 | 17,903 |
| Sænsk króna | 15,48 | 15,57 |
| Japanskt jen | 1,0653 | 1,0715 |
| SDR | 167,44 | 168,44 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
199,6994

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Bandarísk stjórnvöld verja 250 milljörðum til að styðja „traustar“ bankastofnanir:

# Kaupa hluti í níu bönkum

**EFNAHAGSMÁL** Bandarísk stjórnvöld tilkynntu í gær að þau hygðust koma níu stærstu bönkum Bandaríkjanna til aðstoðar með nýju hlutafé. Alls mun ríkið leggja bönkunum til 125 milljarða dollara, en stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau hyggist styrkja innviði fjármálakerfis landsins með kaupum á nýjum hlutabréfum í bönkum fyrir allt að 250 milljarða dollara.

Wall Street Journal hefur heimildir fyrir því að stjórnendur og eigendur sumra bankanna hafi lagst gegn þessari síðustu bankaþjóðnýtingu, og Bloomberg-fréttaveitan segir að bönkunum hafi ekki verið gefinn kostur á að afþakka hjálpina. Ekki er ljóst hver hlutur ríkisins í bönkunum verður, en aðstoðinni fylgja þó ýmis skilyrði, svo sem þak á laun stjórnenda.

„Við verðum að endurreisa tiltrú á fjármálakerfið,“ sagði Henry Paulson þegar aðgerðin var kynnt og bætti við að allir bankarnir sem ríkið hefur ákveðið að styðja séu „traustir“ en talið er að bankarnir sem um ræðir séu stórbankarnir Goldman Sachs, Morgan Stanley, JP Morgan Chase, Bank of America, Citigroup, Wells Fargo auk tveggja minni banka, Bank of New York Mellon og State Street.

Á þriðjudag tilkynnti innistæðusjóður sparifjáreigenda í Bandaríkjunum einnig að ríkið myndi gangast í ábyrgðir fyrir öllum millibankalánum. - msh



**HENRY PAULSON** Bönkum var ekki gefinn kostur á að afþakka hlutafjárframlag ríkisins en fjármálaráðherra Bandaríkjanna, Henry Paulson, segir að þjóðnýtingin treysti undirstöður bankakerfisins. NORDICPHOTOS/AFP

Mansal í Mexíkó:

# Fólk selt á 100 dali í þrældóm

**MEXÍKÓ, AP** Ráðist var á lögreglu í bænum Rafael Lara Grajales í Mexíkó. Bæjarbúar komust að því að lögregluþjónar ætluðu að selja innflytjendur frá Mið-Ameríku til þrælasmyglara, fyrir 100 dollara hvern.

Hundruð bæjarbúa réðust á lögregluna þegar þeir voru að færa innflytjendurna inn í rútu. Óeirðunum lauk þannig að aðeins 20 af 34 innflytjendum enduðu um borð í rútunni og uppreisnarseggirnir kveiktu í lögreglubílum og mótorhjólum. Átta bæjarbúar voru þó handteknir. Málið er í rannsókn en fimm lögregluþjónar eru grunaðir um mansal. - mba

# 400 milljónir evra frá Norðurlöndum

**Seðlabankinn hefur ákveðið að nýta sér lánalínur frá Noregi og Danmörku fyrir 400 milljónir evra. Mun nýtast til að greiða fyrir viðskiptum erlendis. Iðnaðarráðherra fagnar ráðstöfuninni en óttast að ekki sé nóg að gert.**

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabanki Íslands hefur dregið 400 milljónir evra á gjaldeyrisskiptasamninga frá seðlabönkum Danmerkur og Noregs; 200 milljónir frá hvorum. Það er samkvæmt samningi sem Seðlabankinn gerði í maí síðastliðnum við seðlabanka Svíþjóðar, Danmerkur og Noregs um aðgang að 500 milljónum evra frá hverjum banka fyrir sig gegn íslenskum krónum; samtals 1,5 milljörðum evra.

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segir gott að fá gjaldeyrinn til landsins. „Ég segi nú bara þó fyrr hefði verið. Þetta á að tryggja viðskipti með nauðsynlega hluti eins og lyf, olíu og, ef því er að skipta, matvæli.“

Össur segist þó óttast að ekki sé nóg að gert. „Ég óttast hins vegar að þetta hafi engin úrslitaáhrif á stöðuna. Alvarlegasti vandinn sem við okkur blasir er ástand gjaldeyrismarkaða og ég tel að annaðhvort þurfi menn að taka ákvörðun um að leita til Alþjóða gjaldeyrissjóðsins eða sækja mun meiri gjaldeyri með öðrum hætti,“ segir Össur.

Pétur Blöndal, formaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, segir ráðstöfunina munu hafa góð áhrif. „Ég hef ýtt á það undanfarið að dregið verið inn á þessar línur. Við þurfum að komast yfir ákveðinn þröskuld í gjaldeyrismálum. Það þarf ákveðið magn af hræddu fé að hverfa af krónunni á aðrar myntir. Þegar það er farið sitjum við eftir með jákvæðan vöruskiptajöfnuð og jafnvel viðskiptajöfnuð líka.“

Ólafur Ísleifsson, kennari í hagfræði við HR, segir þessa ráðstöfun bera keim af því að gjaldeyrisskorturinn sé kominn á alvarlegt stig. „Menn grípa til þessara skiptasamninga þó þeir hafi kannski verið ætlaðir í annað. Þeir voru hugsaðir sem viðbót við gjaldeyrisforðann en féð verður nú nýtt til að greiða fyrir að lánastofnanir geti veitt nauðsynlega gjaldeyrisfyrirgreiðslu.“

Ólafur segir virkjun skiptasamninganna fela í sér viðbrögð til að bregðast við brýnum aðstæðum þessa dagana. „Ég tel útilokað annað en að allt kapp sé nú lagt á það í stjórnkerfinu að undirbúa efnahagsáætlun í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Trúverðug áætlun um nýskipan gjaldeyris- og peningamála og viðreisn fjármálakerfisins er forsenda þess að skapa megi traust á íslensku efnahagslífi.“

Hvað sjóðinn áhrærir segir Össur: „Ég tel að það sé mjög nærtækur kostur að leita til hans, svo fremi sem þau skilyrði sem hann setur séu ásættanleg.“

kolbeinn@frettadbladid.is



**SEÐLABANKI ÍSLANDS** 400 milljónir evra hafa verið tryggðar sem verða nýttar til að liðka fyrir viðskiptum við útlönd. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**



**PÉTUR BLÖNDAL**



**SINFÓNÍAN** Býður þjóðinni á tónleika á föstudags- og laugardagskvöld.

Sinfóníuhljómsveit Íslands:

# Býður þjóðinni á tónleika

**MENNING Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur ákveðið að bjóða íslensku þjóðinni á tónleika næstkomandi föstudags- og laugardagskvöld. Fluttar verða sinfóníur eftir finnska tónjöfurinn Jean Sibelius.**

**Í tilkynningu segir að á erfiðum tímum sé fátt betra fyrir andann en góð tónlist. Því sé Sinfóníuhljómsveitinni mikil ánægja að bjóða þjóðinni endurgjaldslaust á tónleika.**

**Tónleikarnir hefjast í Háskólabíói klukkan 19.30 bæði kvöldin. Stjórnandi er Petri Sakari.** - kg

## RÚMENÍA

### Átti ekki fé erlendis

Einni lífseigustu goðsögninni um Nicolae Ceausescu, fyrrverandi einræðisherra Rúmeníu, hefur verið eytt. Sérskipuð rannsóknarnefnd, sem var að störfum í tvö ár, hefur komist að þeirri niðurstöðu að Ceausescu hafi ekki átt fé á leynilegum bankareikningum erlendis. Rúmenska þingið samþykkti þessa niðurstöðu.

## SVÍÞJÓÐ

### Dæmd fyrir morð

Rúmlega þrítug þýsk kona hefur verið dæmd í lífstíðarfangelsi fyrir morð á tveimur ungum börnum í Arboga í Svíþjóð. Konunni hefur verið vísað brott frá Svíþjóð og fær aldrei að koma þangað aftur. Hún er einnig dæmd til að greiða móður barnanna bætur. Konan hafði áður verið með sambýlismanni móðurinnar.

Demókratar í Bandaríkjunum:

# Vilja 300 milljarða í aðgerðir

**EFNAHAGSMÁL Þingflokkur demókrata á leggur nú á ráðin um umfangsmiklar aðgerðir til að koma í veg fyrir kreppu í Bandaríkjunum. Aðgerðirnar yrðu tvisvar sinnum stærri en skattaendurgreiðslur og aðstoð sú sem samþykkt var fyrr í ár.**

**Í stað þess að byggjast fyrst og fremst á skattaendurgreiðslum, líkt og fyrri aðgerð, vilja demókratar verja fé til atvinnusköpunar með fjárfestingum í vegum og öðrum innviðum, auk fjárstuðnings við sveitarfélög sem hafa mörg hver þurft að skera mikið niður vegna minnkandi skatttekna. Þá gera aðgerðirnar ráð fyrir auknum framlögum til atvinnuleysisbóta og matargjöfum til þeirra sem verst eru staddir. Repúblikanar hafa hafnað hugmyndinni sem þeir segja óábyrga.** - msh

Ný rannsókn í HÍ:

# Miklu hent af lyfjum hérlendis

**HEILBRIGÐISMÁL** Áttatíu milljónir króna tapast á hverju einasta ári vegna ávísunar lyfja sem aldrei eru notuð. Um er að ræða fjárhæð sem jafngildir heildarkostnaði við öll sýklalyf Tryggingastofnunar í fyrra. Þetta er niðurstaða Rannsóknastofnunar um lyfjamál við Háskóla Íslands. Heildarverðmæti skilaðra lyfja með fyrningarár 2006-2011 voru tæp 21 milljón króna. Verðmæti lyfja með fyrningarár 2008 eða síðar voru hins vegar 13 milljónir króna. Lyfin í síðarnefnda flokknum eru ennþá nýtileg.

Hér er aðeins átt við lyf af heimilum og minni stofnunum sem skilað er til apóteka. Lyfjasóun á Íslandi er sennilega mun meiri ef lyf frá sjúkrastofnunum og spítölum eru talin með. - shá






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson**
Veðurfræðingur

**NÝ LÆGÐ Á MORGUN**
Hann andar norðri í dag með úrkomusvæði yfir og við norður- og austurströndina. Á morgun kemur ný lægð með strekkingsvind vestan til á landinu ásamt rigningu og heldur hlýnandi veðri, einkum sunnan til. Svipuð staða er á föstudag en um helgina horfir til norðlægra átta.



**Á MORGUN**
8-13 m/s vestan til annars mun hægari

**FÖSTUDAGUR**
5-10 m/s, hvassast SA-til

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Kaupmannahöfn | 15° |
| Billund | 14° |
| Ósló | 8° |
| Stokkhólmur | 11° |
| Gautaborg | 15° |
| London | 18° |
| París | 18° |
| Frankfurt | 17° |
| Friedrichshafen | 21° |
| Berlín | 14° |
| Alicante | 25° |
| Mallorca | 23° |
| Basel | 22° |
| Eindhoven | 17° |
| Las Palmas | 25° |
| New York | 22° |
| Orlando | 31° |
| San Francisco | 21° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.


Græn skref í Reykjavík
BURT MEÐ SVIFRYKIÐ
TOYO HARÐSKELJADEKK
MEIRA GRIP ÁN NAGLA
UMHVERFISVÆN, ENDINGARGÓÐ, HLJÓÐLÁT
Toyo harðskeljadekk fást í Bílabúð Benna (Vagnhöfða 23 S: 590 2000)
Nesdekk (Fiskislóð 30 S: 561 4110) og öllum betri dekkjaverkstæðum.
www.toyo.is
TOYO TIRES
Bílabúð Benna
561 4110
NESDEKK
FISKISLÓÐ 30

**KJÖRKASSINN**



*Hefur þú eða einhver sem þú þekkir misst vinnuna vegna kreppunnar?*

| | |
|---|---|
| Já | 51,3% |
| Nei | 48,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Telur þú líklegt að gjaldeyrisviðskipti komist í lag fljótlega?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Viðamikið samstarf er hafið til að spyrna við atvinnuleysi á vinnumarkaði:

# Ráðgjöf og upplýsingagjöf

**ATVINNUMÁL** Samstarf er hafið milli aðila vinnumarkaðarins, opinberra stofnana og Háskólans í Reykjavík um viðbrögð við atvinnuleysi. Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir að nú megi eiginlega segja að „við erum að mjólka okkar þekkingu og setja hana fram með skikkanlegum hætti“.

Teknar hafa verið saman upplýsingar, til dæmis um Ábyrgðarsjóð launa, atvinnuleysistryggingar, hópuppsagnir og réttarstöðu fólks, fyrir aðildarfélög ASÍ og til birtingar á vefsíðu ASÍ. „Við erum líka að fara dýpra og skoða þætti eins og það hvaða áhrif þessar efnahagsþrengingar hafa á sparifé, lífeyrissparnað og viðbótarlífeyrissparnað, fjárhagsvanda og skuldir,“ segir Halldór.

„Við höfum verið að undirbúa ráðgjöf til aðildarfélaganna og vonumst til að geta boðið upp á námskeið, til dæmis fyrir trúnaðarmenn. Við erum að skoða hvernig við getum verið bakhjarlar í því sem gerst hefur og því sem við teljum að sé fram undan.“

Gunnar Páll Pálsson, formaður VR, segir að VR hafi borist mikið af símtölum og fyrirspurnum um uppsagnir en ekki hafi borist fréttir af stórfelldum uppsögnum enn þá. VR sé að kortleggja hvaða réttindi félagsmennirnir hafi og bjóða fram aðstoð, til dæmis í áfallamiðstöðvum.



**HALLDÓR GRÖNVOLD**

Opni háskólinn hjá Háskólanum í Reykjavík hefur boðið til samstarfs um viðbrögð við atvinnuleysi og náms á því sviði.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun eru nú um 3.200 manns án atvinnu.

**- ghs**

Smásali nappaður:

# Í fangelsi fyrir fíkniefnasölu

**DÓMSTÓLAR** Karlmaður hefur verið dæmdur í fimmtán mánaða fangelsi fyrir að hafa umtalsvert magn fíkniefna á heimili sínu við Hringbraut í Reykjavík. Tólf mánuðir af fangelsisvistinni eru skilorðsbundnir.

Maðurinn sem um ræðir var tekinn með 4,27 grömm af amfetamíni, 9,52 grömm af kókaíni, 162,7 grömm af marijúana og 279 skammta af LSD. Þá lagði lögregla hald á 92 þúsund krónur við rannsókn málsins.

Maðurinn játaði brot sitt fyrir dómi. Hann á nokkurn sakaferil að baki.

**- jss**

Fíkniefnasending frá Póllandi:

# Þrír áfram inni

**LÖGREGLUMÁL Gæsluvarðhald yfir þremur karlmönnum frá Póllandi og Lettlandi var framlengt um viku í gær. Þeir voru handteknir vegna rannsóknar á fíkniefnamáli sem kom upp nýverið þegar tollyfirvöld fundu amfetamín og kannabisefni í sendingu sem kom til landsins frá Póllandi.**

**Við afhendingu sendingarinnar handtók lögreglan á höfuðborgarsvæðinu mennina. Þeir eru á aldrinum 17 til 28 ára.**
**Einn mannanna kærði úrskurð héraðsdóms um framlengingu gæsluvarðhaldsins til Hæstaréttar strax í gær, en annar tók sér umþóttunartíma.**

**- jss**



**SMITH OG BROWN** Niðurstaðan er áfall fyrir bresku stjórnina. NORDICPHOTOS/AFP

Áform um 42 daga varðhald:

# Lávarðar felldu umdeild áform

**BRETLAND, AP** Á mánudagskvöld hafnaði lávarðadeild breska þjóðþingsins umdeildum áformum breskra stjórnvalda um að lengja þann tíma sem breska lögreglan getur haldið grunuðum hryðjuverkamönnum í varðhaldi úr 28 dögum í 42 daga.

Atkvæðin féllu 309 gegn 118 og verður niðurstaðan að teljast verulegt áfall fyrir ríkisstjórnina og Gordon Brown forsætisráðherra. Jacqui Smith innanríkisráðherra sagði síðar um kvöldið að ákvæðið um 42 daga varðhald yrði fellt úr frumvarpi stjórnarinnar um varnir gegn hryðjuverkum.

**- gb**



**FYRRVERANDI BANKASTJÓRAR** Árni Páll Árnason vill að þeir Sigurjón Árnason og Halldór J. Kristjánsson svari fyrir það af hverju þeir hunsuðu athugasemdir Fjármálaeftirlitsins í byrjun ársins. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

# Landsbankamenn eiga að bera ábyrgð

**Þingmaður Samfylkingarinnar knýr á um að forsvarsmenn Landsbankans svari fyrir það af hverju þeir hunsuðu athugasemdir Fjármálaeftirlitsins og útvíkkuðu starfsemi sína. Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir í byrjun ársins.**

**EFNAHAGSMÁL** Árni Páll Árnason, þingmaður Samfylkingarinnar, segir að forsvarsmenn Landsbankans hljóti að þurfa að svara fyrir það af hverju þeir stofnuðu til frekari umsvifa bankans jafnvel þó að Fjármálaeftirlitið hafði gert athugasemdir við það að reikningar Icesave væru orðnir of stórir.

Fjármálaeftirlitið kom fram með athugasemdirnar í byrjun þessa árs. Var bankinn þá hvattur til að færa reikninga sína yfir í dótturfyrirtæki sitt, Heritable-bankann, svo ríkið væri ekki ábyrgt fyrir innistæðunum. Síðan þá útvíkkaði bankinn verulega starfsemi sína, til dæmis á vormánuðum þegar hann byrjaði að bjóða upp á Icesave-reikninga í Hollandi.

„Maður hlýtur að staðnæmast við hina siðferðilegu ábyrgð, rekstrarlegu ábyrgð og hina refsiréttarlegu ábyrgð forsvarsmanna Landsbankans sem héldu áfram að stofna til skuldbindinga eftir að fyrir lágu athugasemdir Fjármálaeftirlitsins um að ekki væri með fullnægjandi hætti um hnútana búið,“ sagði Árni í þingumræðum í gær. „Þar liggur stór ábyrgð og þeir sem hana kusu að axla verða að svara fyrir þær ákvarðanir.“

Hann mælti til þess að umræða um þetta færi fram á opnum fundi viðskiptanefndar. „Núna er nýbúið að samþykkja í forsætisnefnd þingsins möguleikann fyrir opnum þingnefndarfundum þar sem fjölmiðlar gætu skilað umræðunni til almennings,“ segir Árni Páll í samtali við Fréttablaðið. „Ég veit ekki nokkurt form sem er betur til þess fallið að leiða þetta í ljós og svara almenningi hreint og klárt hvernig að þessum hlutum var staðið.“

**jse@frettabladid.is**

**Í TILKYNNING LANDSBANKANS FRÁ 29. JÚLÍ**

„Á öðrum ársfjórðungi steig bankinn stórt skref er hann hóf innlánastarfsemi á meginlandi Evrópu með því að bjóða Icesave netreikninginn í Hollandi. Fjöldi Icesave-reikninga í Bretlandi og Hollandi er nú yfir 350.000 talsins og yfir 50% af heildarfjárhæð Icesave-innlánanna í Bretlandi eru nú bundin. Bankinn mun halda áfram að styrkja hlutfall innlána í fjármögnun sinni en starfsemi Icesave í Hollandi er bæði sveigjanleg og öflug sem auðveldar Landsbankanum að sækja inn á fleiri markaði Evrópu á næstu mánuðum.”

*- Sigurjón Þ. Árnason bankastjóri Landsbankans*

Tillögur um stjórnarhætti:

# Óttast alræði flokksskírteina

**VIÐSKIPTI „Við eigum að horfast strax í augu við þá staðreynd að töluverð hætta verður á að smám saman fari pólitísk afskipti að ráða för í útlánum ríkisbanka,“ segir Þór Sigfússon, formaður Samtaka atvinnulífsins, í tilkynningu. Það yrði gífurlegt áfall yrði atvinnulífi stefnt inn í „ástand þar sem flokksskírteinin ráða meiru en góð viðskiptahugmynd“.**

**Samtökin, Viðskiptaráð og Kauphöllin hyggjast því móta tillögur um stjórnarhætti nýrra ríkisbanka. Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs, ætlar að stýra vinnunni en ráðin verða meðal annars sótt til stjórnmálaflokka og Alþýðusambandsins.**

**- ikh**

Heimsmeistaraeinvígi í skák:

# Jafntefli varð í fyrstu skákinni

**SKÁK** Heimsmeistaraeinvígið í skák hófst í gær í Bonn í Þýskalandi. Núverandi heimsmeistari, Indverjinn Viswanathan Anand, og fyrrverandi heimsmeistari, Rússinn Vladimir Kramnik, keppa um titilinn.



**ANAND**

Jafntefli varð í fyrstu skákinni eftir 32 leiki. Kramnik var með hvítt og beitti uppskiptaafbrigðinu í Slavneskri vörn en jafnteflislykt þykir vera af því afbrigði. Anand fórnaði peði en Kramnik tók enga áhættu og stýrði skákinni í örugga höfn.

Teftdar verða tólf skákir og hefst hver skák klukkan 14 að íslenskum tíma. Hægt er að fylgjast með einvíginu beint víða á netinu.

**- pal**




Biblíumatur
í Neskirkju

Jesús var veislumaður, en hvers konar mat borðaði hann? Hverjar eru matarhefðir Biblíunnar?

Næstu fimmtudagshádegi verður í Neskirkju eldaður biblíumatur og matarmenningin kynnt.

Sr. Sigurður Árni Þórðarson og Ólafía Björnsdóttir og elda.
Fimmtudaginn 16. október, verður kjúklingaréttur Maríu í Nasaret.
Kynning hefst kl. 12.

Allir fá svo uppskriftina. Biblían þjónar lífinu, hinu líkamlega líka.
Svo er auðvitað aukabónus að þessi heilsumatur er bragðgóður!
Allir velkomnir.

Neskirkja.is


Efnahagsástandið kemur víða niður:

# Samdráttur og uppsagnir hjá SÁÁ

**HEILBRIGÐISMÁL** Hafnar eru ráðstafanir til að draga úr þjónustu SÁÁ og segja upp hluta starfsfólks, að sögn Þórarins Tyrfingssonar yfirlæknis á Vogi.

Hann segir að allt þetta ár hafi vantað um hundrað milljónir króna frá heilbrigðisráðuneytinu í reksturinn. Samtökin hafi þurft að fjármagna rekstur göngudeilda í Reykjavík og á Akureyri á eigin reikning. Nú þegar fjárlögin liggi fyrir sé ljóst að grípa þurfi til ráðstafana.

„Þess utan geta menn ímyndað hverju við erum að lenda í,“ útskýrir Þórarinn. „Kostnaður við reksturinn er að hækka. Lánin okkar, að hluta í erlendri mynt, sem við eigum á byggingunum eru að hækka. Öll aðföng og lyfjakostnaður eru að hækka um allan helming. Auk þessa vorum við með aðrar tekjur, sem nú rýrna óðum, því ekki er nema von að fyrirtæki sem hafa lagt ríflega til þessarar starfsemi geti það nú lengur.“



**ÞÓRARINN TYRFINGSSON** Boðar gríðarlegar breytingar á þjónustustigi SÁÁ.

Spurður um hvaða breytingar þurfi að gera á þjónustu SÁÁ og hve mörgum þurfi hugsanlega að segja upp kveðst Þórarinn ekki geta greint frá því að svo stöddu.

„En það er um að ræða gríðarlega breytingu á þjónustustigi og eðli þjónustunnar einnig.“ **- jss**


DREPTU
BETUR
210 cm
205 cm
200 cm
195 cm
190 cm
185 cm
180 cm
175 cm
170 cm
165 cm
160 cm
155 cm
150 cm
Spurningakeppni Eymundsson um glæpi verður haldin í bókabúð okkar í Austurstræti í kvöld klukkan 20:00
Höfundar spurninga og spyrlar eru glæpasagnasérfræðingarnir Árni Þórarinsson og Páll Kristinn Pálsson.
Ekki missa af einstökum atburði í glæpasögunni.
Sigurvegarinn fær glæpsamlegt verðlaun.
3 FYRIR 2 GLÆPAFARALDUR
FARALDUR Í EYMUNDSSON 3 FYRIR 2 GLÆPAFA
GLÆPAFARALDUR Í EYMUNDSSON
eymundsson.is
Eymundsson
Bóksali frá 1872

**VEISTU SVARIÐ?**



1 *Hvað heitir formaður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja?*

2 *Hvaða hárgreiðslumeistari hefur breytt Bubbalagi í ballöðu?*

3 *Hvaða tónlistarhátíð hefst í Reykjavík í kvöld?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Þrír dagar uns kosið verður í tvö sæti í öryggisráði SÞ kjörtímabilið 2009-2010:

# Ná sér fljótt á strik eftir áföll

**UTANRÍKISMÁL** Í þeim „fellibyl“ sem nú dynur yfir fjármálakerfi heimsbyggðarinnar hafa Íslendingar, sem og aðrar þjóðir, verið „minntar á að þegar fellibyljir fara yfir úthafið í átt að máttugum meginlöndum fara þeir vanalega fyrst yfir eylönd þar sem þeir valda mestum skaða“. En reynslan sýni að lítil ríki geti í krafti sveigjanleika og nándar samfélagsins náð sér aftur á strik á furðu stuttum tíma.

Þetta sagði Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, í ávarpi sem flutt var með hjálp skjávarpa í móttöku fyrir fastafulltrúa og aðra háttsetta erindreka annarra aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna sem íslensk stjórnvöld stóðu fyrir í höfuðstöðvum samtakanna í New York á mánudag. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra var einnig viðstödd þrátt fyrir að vera í veikindaleyfi. Í nafni öryggisráðsframboðs Íslands var svo haldið málþing í gær, sem margir fastafulltrúarnir sátu, um hvaða möguleika smáríki hefðu til að hafa áhrif.



**ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON** Forseti Íslands ávarpaði fundargesti gær.

Aðeins þrír dagar eru nú þar til greidd verða um það atkvæði á allsherjarþingi SÞ hvort Ísland fái sæti í öryggisráðinu kjörtímabilið 2009-2010. Ísland etur eins og kunnugt er kappi við Austurríki og Tyrkland um tvö sæti í ráðinu en framboð Íslands nýtur opinbers stuðnings hinna Norðurlandanna. - aa

Lögreglan á Akureyri:

# Á annað hundrað steratöflur

**LÖGREGLUMÁL** Á annað hundrað steratöflur, 23 grömm af kannabisefnum, tíu grömm af amfetamíni og fimm grömm af kókaíni var það sem lögreglan á Akureyri fann við húsleit í fyrrakvöld.

Lögreglan fann fíkniefnin í íbúð á Akureyri. Tveir menn á þrítugsaldri voru handteknir í tengslum við málið. Annar þeirra viðurkenndi að eiga efnin og einnig að hafa selt fíkniefni á Akureyri fyrr í þessum mánuði. Mönnunum var sleppt að loknum yfirheyrslum og telst málið upplýst. Lögreglan minnir á fíkniefnasímann, 800-5005. - jss



**HERFORINGJAR Á FUNDI** Yfirmenn hersveita Taílands og Kambódíu ræddu saman í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Taíland og Kambódía:

# Spenna vex enn á landamærum

**KAMBÓDÍA, AP Spenna vex enn á landamærum Kambódíu og Taílands, þar sem þjóðirnar deila um hvoru megin landamæranna þúsund ára gamalt musteri stendur.**

**Taílendingar sendu fleiri hermenn að landamærunum í gær, og segjast reiðubúnir að bregðast við ef Kambódíuher gerir árás. Þetta var svar Taílands við kröfu Kambódíu um að taílenski herinn yrði kallaður strax frá landamærunum.**

**Báðar þjóðirnar eru með fjölmennt herlið á staðnum, og hvorug þjóðin vill gefa eftir í deilunni.** - gb

# Lífeyrissjóðirnir bregðast við yfirvofandi vanskilum

**Lífeyrissjóðirnir búast við vanskilum með samdrætti í tekjum og auknu atvinnuleysi. Þeir móta sér samræmdar reglur um viðbrögð við yfirvofandi vanskilum. Fyrirmyndin meðal annars sótt til Íbúðalánasjóðs.**

**VINNUMARKAÐUR** Lífeyrissjóðirnir í landinu hafa skipað starfshóp til að koma með tillögur um viðbrögð og aðgerðir lífeyrissjóðanna ef vanskil lántakenda aukast verulega á næstu mánuðum og misserum. Starfshópurinn hittist á fyrsta vinnufundi í gær og unnið er hratt, hann á að skila tillögum sínum á næstu dögum.

Örn Arnþórsson, skrifstofustjóri hjá Gildi lífeyrissjóði, segir ýmsa möguleika koma til greina. Í gegnum tíðina hafi oft verið boðið upp á skuldbreytingar lána og þá hefur verið bætt við höfuðstól lánanna en væntanlega þurfi að taka fleiri möguleika inn. Hann segir að Íbúðalánasjóður sé með sex valkosti eins og sjá megi á vefsíðu sjóðsins og þeir verði skoðaðir.

Reynt verði að samræma gerðir lífeyrissjóðanna og Íbúðalánasjóðs. „Persónulega finnst mér ekki óeðlilegt að við reynum að líta til Íbúðalánasjóðs. Best væri ef hægt væri að gera þetta á svipaðan máta. Íbúðalánasjóður hefur verið með marga valkosti en við eigum eftir að fara í gegnum þetta. Þeir hafa verið með skuldbreytingu, lengingu og frystingu og svo hafa þeir líka boðið upp á samninga til ákveðins tíma þar sem fólk getur gert vanskilin upp samhliða því sem það borgar af lánunum. Það gengur kannski ekki alveg upp núna en við eigum eftir að fara í gegnum þetta.“

Örn segir að ástandið nú sé væntanlega öðruvísi en Íbúðalánasjóður hafi almennt verið að glíma við. Búast megi við samdrætti í tekjum fólks og atvinnuleysi. Lífeyrissjóðirnir geti ímyndað sér hvert vandamálið verður „þannig að við þurfum bara að reyna að leysa úr því hvernig við gætum bæði hagsmuna sjóðanna og einstaklinganna líka“.





**UNNIÐ AÐ AÐGERÐUM** Lítið hefur verið um vanskil hjá lífeyrissjóðunum en lífeyrissjóðirnir eru að búa sig undir að það geti breyst á næstu misserum. Unnið er að tillögum um aðgerðir til að vinna úr greiðsluerfiðleikum fólks.

Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, situr í stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða. Hann segir að lífeyrissjóðirnir muni fara yfir tillögur starfshópsins. Misjafnt geti verið eftir lífeyrissjóðum og hverju vanskilatilfelli fyrir sig hvaða tillögur verði notaðar. Lítið hafi verið um vanskil hjá lífeyrissjóðunum hingað til en það geti breyst á næstu misserum. ghs@frettabladid.is



# GLÆPAFARALDUR Í EYMUNDSSON

**Kemur út í dag!**

**– 30% afsláttur um helgina**






**Í tilefni af opnun Glæpafaraldurs 2008 mun Stefán Máni lesa upp úr nýrri skáldsögu sinni, Ódáðahrauni, í verslun okkar í Kringlunni - suður klukkan 15 í dag.**

**Ódáðahraun** er áttunda skáldsaga **Stefáns Mána** en síðasta saga hans, Skipið, varð ein af metsölubókum ársins 2006. Hér leiðir hann saman undirheimana og viðskiptalífið á eftirminnilegan hátt í kraftmikilli sögu beint úr íslenskum veruleika.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872



KISA MEÐ TÚRBAN Á kattasýningu í Biskent, höfuðborg Tadsjikistans, gat að líta þessa prúðbúnu kisu með vefjarhött. NORDICPHOTOS/AFP

Bankakreppan bitnar illa á íslensku tónlistarfólki:

# Japanar vantreysta Sinfóníunni

**EFNAHAGSMÁL** Meðlimum Sinfóníuhljómsveitar Íslands sárnar að fyrirhuguð ferð þeirra til til Japans hafi verið blásin af. Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri hljómsveitarinnar, segir þetta mikið áfall.



ÞRÖSTUR ÓLAFSSON

Hljómsveitin og fylgdarlið hennar, alls áttatíu og fimm manns, áttu að leggja af stað í nítján daga ferðalag í lok mánaðarins. Undirbúningur hafði staðið yfir í tvö ár en förin sjálf var í boði velunnara sveitarinnar í Japan. Velunnarinn hafi nú hins vegar gefið þær skýringar að ekki sé áhugi lengur fyrir komu sveitarinnar en fyrir fáum vikum var mikil eftirspurn eftir því að komast á tónleika sveitarinnar. Illt orðspor Íslendinga sem skapast hafi vegna hruns bankakerfisins hafi valdið því að Japanar hafi ekki áhuga á því sem íslenskir listamenn hafi fram að færa.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEITIN Ekki ríkir lengur áhugi fyrir því sem listamenn sveitarinnar hafa fram að færa í Japan. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Þetta sýnir algjört vantraust á öllu því sem íslenskt er,“ segir Þröstur og bætir við að sárt sé að sjá ástandið bitna á þeim sem síst skyldi. Þannig sé það þó því miður oftast.

Tónleikar Sinfóníunnar á föstudag og laugardag, en þeir áttu að vera undirbúningstónleikar fyrir Japansförina, verða haldnir. **- kdk**

Glitnir selur eignir í FInnlandi:

# Glitnir í Finnlandi selt

**VIÐSKIPTI** Glitnir hefur selt alla starfsemi sína í Finnlandi. Kaupverðið mun vera trúnaðarmál, en fjármálaeftirlit Finnlands hafði milligöngu um söluna.

Kaupendurnir eru stjórnendur Glitnis Finnland, dótturfélags Glitnis þar í landi, en forstjóri félagsins, Johannes Schulman, segir í viðtali við finnska viðskiptablaðið Taloussanomat að ráðgert sé að bjóða sem flestum starfsmönnum bankans þar í landi að kaupa hlut í honum. Alls starfa 250 manns hjá félaginu, sem mun nú taka upp nafnið FIM, en svo hét starfsemin fyrir yfirtöku Glitnis fyrir ári. **- msh**

Tæplega tvítugur ákærður:

# Röð ofbeldisverka

**DÓMSTÓLAR Tæplega tvítugur karlmaður hefur verið ákærður fyrir að halda öðrum manni nauðugum, tekið hann hörðu kverkataki og slegið hann í andlitið. Þá var maðurinn ákærður fyrir að hafa ráðist að tveimur lögreglumönnum við skyldustörf.**

**Maðurinn réðst fyrst á manninn á bílastæði á Ísafirði, sneri hann niður og neyddi hann til að hlusta á skipanir og viðvaranir sínar.**

**Skömmu síðar elti hann sama mann inn á salerni, læsti og þjarmaði að honum með ýmsum hætti.**

**Hinn ákærði sneri svo lögreglumann við skyldustörf niður og hrinti honum svo á annan lögreglumann þannig að báðir féllu í götuna.**

**- jss**

Milan Kundera borinn hálfrar aldar gömlum sökum:

# Sakaður um uppljóstrun

**TÉKKLAND, AP** Í skjali úr förum öryggislögreglu kommúnistastjórnarinnar í Tékkóslóvakíu er fullyrt að rithöfundurinn Milan Kundera hafi árið 1950, þegar hann var námsmaður í Prag og félagi í kommúnistaflokknum, ljóstrað upp um landa sinn sem var síðan dæmdur fyrir njósnir í 22 ára refsivist og afplánaði 14 ára þrælkunarvinnu í úrannámum.

Svonefnd Rannsóknarstofnun um alræðisstjórnir, sem sett var á fót eftir hrun kommúnismans í byrjun tíunda áratugarins til að halda til haga hverjir hefðu lagt kúgunarstjórn kommúnista lið í áratuga valdatíð hennar, segir að umrætt skjal hafi komið í ljós í rannsókn sagnfræðinga stofnunarinnar. Kundera, sem nú er 79 ára og hefur búið utan Tékklands frá árinu 1968, sendi tafarlaust frá sér yfirlýsingu þar sem hann segir ekkert hæft í ásökuninni.

Maðurinn sem um ræðir heitir Miroslav Dvoracek. Hann hafði gengist á mála hjá samtökum útlægra Tékka sem vildu grafa undan kommúnistastjórninni í Prag sem náði völdum í skjóli Rauða hersins árið 1948.



MILAN KUNDERA

Að sögn sagnfræðinganna hafði Dvoracek skilið eftir ferðatösku hjá konu einni í Prag. Konan lét kærasta sinn vita af töskunni. Sá hafði samband við Kundera sem gerði lögreglu viðvart. Dvoracek var síðan handtekinn er hann hugðist sækja töskuna. **- aa**



BARACK OBAMA Forsetaefni demókrata, var í keppnisskapi á mánudag og gekk hús úr húsi milli kjósenda í bænum Holland í Ohio. FRÉTTABLAÐIÐ/AP


ATORKA

HLUTHAFAFUNDUR
ATORKU GROUP HF.

FIMMTUDAGINN 23. OKTÓBER 2008 KL. 14:00
TURNINN, 20. HÆÐ
SMÁRATORGI 3, 201 KÓPAVOGUR

Dagskrá:

1. Tillaga um að stjórn félagsins verði falið að óska eftir afskráningu hlutabréfa félagsins úr kauphöll OMX Nordic Exchange á Íslandi

Atkvæðaseðlar afhendast á hluthafafundinum og verða einungis atkvæði þeirra hluthafa sem eru skráðir í hluthafaskrá kl. 11 þann 23. október talin með.

Stjórn Atorku Group hf.


# McCain tapar fylgi í efnahagskrísunni

**Þriðju og síðustu kappræður Obama og McCains eru í kvöld. Báðir frambjóðendurnir hafa kynnt kjósendum nýjar hugmyndir sínar í efnahagsmálum. Fátt virðist geta stöðvað sigurgöngu Obama.**

**BANDARÍKIN, AP** John McCain, forsetaframbjóðandi repúblikana í Bandaríkjunum, kynnti í gær nýjar hugmyndir sínar í efnahagsmálum, daginn eftir að mótframbjóðandi hans, demókratinn Barack Obama, kynnti sínar hugmyndir.

McCain lofaði 52 milljörðum dala úr ríkissjóði til að hjálpa miðstéttarfólki í gegnum verstu hörmungar efnahagshamfaranna, en Obama hafði á mánudaginn meðal annars lofað níutíu daga frystingu húsnæðislána og skattaafslætti til fyrirtækja sem skapa ný atvinnutækifæri.

Fjármálakreppan, sem hófst í Bandaríkjunum og hefur breiðst víða um heim, er nú aðalkosningamálið í Bandaríkjunum. Þetta hefur skilað sér í auknu fylgi til Obama, en McCain og Repúblikanaflokkurinn missa að sama skapi fylgið frá sér.

Skoðanakannanir í Michigan, Wisconsin og Minnesota sýna að McCain er að tapa fylgi þar. Þetta eru slæmar fréttir fyrir McCain, því þótt demókratar hafi yfirleitt átt góðu gengi að fagna í þessum þremur ríkjum, þá höfðu mál þróast á þann veg að McCain virtist eiga góða von á sigri í þeim öllum.

Óflokksbundnir kjósendur, sem eru um fjórðungur allra skráðra kjósenda þetta árið, virðast auk þess skiptast nokkurn veginn jafnt á milli þeirra tveggja, sem eru slæmar fréttir fyrir McCain því meðal skráðra kjósenda í ár eru demókratar mun fleiri en repúblikanar.

Á landsvísu hefur Obama verið að mælast með 53 prósenta fylgi en McCain aðeins með 43 prósenta fylgi. Fátt virðist því koma í veg fyrir sigur Obama, nema eitthvað óvænt komi fyrir á lokasprettinum.

Á mánudaginn viðurkenndi McCain að hann stæði ekki vel að vígi en sagðist þó vonast til að ná sér á strik aftur. Þetta sagði hann á kosningafundi í Virginíu þar sem repúblikanar eiga í vök að verjast þótt demókratar hafi ekki unnið þar sigur í forsetakosningum síðan 1964.

Þriðju og síðustu kappræður þeirra Obama og McCains eru í kvöld, en innan við þrjár vikur eru til kosninga þar sem úrslit ráðast loks eftir lengstu kosningabaráttu sögunnar í Bandaríkjunum.

gudsteinn@frettabladid.is

LAGADEILD HÁSKÓLA ÍSLANDS

100

svarar kröfum tímans

## Hátíðarmálþing

**Í Hátíðasal Háskóla Íslands 17. október kl. 13.15**

# Lögfræði og laganám í aldarspegli

Lagadeild Háskóla Íslands efnir til hátíðarmálþings um lögfræði og laganám í aldarspegli í tilefni þess að 100 ár eru liðin síðan lagakennsla hófst á Íslandi. Á ráðstefnunni verður fjallað um lögfræði og laganám í sögulegu og heimspekilegu ljósi, aðdragandann að stofnun lagaskólans 1908 og áhrif þess fyrir sjálfstæðisbaráttuna og ímynd Íslands sem þjóðar að lagakennsla fluttist frá Kaupmannahafnarháskóla hingað til lands. Leitað verður svara við spurningunni um uppruna norrænnar lögfræði og hvað norræn lög eiga sameiginlegt, hvort lög eru nauðsynleg yfirleitt og hvert þróun lögfræðinnar stefnir í framtíðinni.



**Setning málþings**
Björg Thorarensen, deildarforseti



**Ávarp dómsmálaráðherra**
Björn Bjarnason



**How Nordic is Nordic Law?**
Ditlev Tamm, prófessor við Háskólann í Kaupmannahöfn



**Rannsóknir og kennsla í íslenskum rétti við Háskólann í Kaupmannahöfn**
Sigurður Líndal, prófessor við Háskólann á Bifröst



**Krafan um stofnun lagaskóla og sjálfstæðisbaráttan**
Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur



**Um nauðsyn lögfræðinnar**
Garðar Gíslason, hæstaréttardómari



**Fundarstjóri**
Guðrún Erlendsdóttir, fyrrv. hæstaréttardómari

**Í Hátíðasal Háskóla Íslands 18. október kl. 16.00**

# Antonin Scalia – Um lögfræði og dómsvaldið



Steve Petteway, Collection of the Supreme Court of the United States

**Antonin Scalia, dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna**

Antonin Scalia hefur verið dómari við Hæstarétt Bandaríkjanna frá 1986. Scalia starfaði áður meðal annars sem dómari í áfrýjunarrétti og prófessor í lögum. Skoðanir Scalia hafa án efa haft áhrif í fræðilegri umræðu um dómsvaldið og er hann einn af þeim dómurum sem eru hvað þekktastir í heimi lögfræðinnar.



**Fundarstjóri**
Róbert R. Spanó, prófessor

HÁSKÓLI ÍSLANDS

**Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir**

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**FBL-GREINING:** HJÓNABÖND SAMKYNHNEIGÐRA Í BNA

# *Kapphlaup í Kaliforníu*

Ekki er langt síðan margir bjuggust við að hjónabönd samkynhneigðra yrðu eitt af stærri kosningamálunum í Bandaríkjunum. Skyndileg fjármálakreppa hefur kaffært þetta mál að mestu svo varla er á það minnst lengur.

### ■ Hve víða eru hjónaböndin leyfð?

Í lok síðustu viku kvað hæstiréttur í Connecticut upp úr með að ekki skuli banna samkynhneigðum að ganga í hjónaband. Dómstóllinn taldi slíkt brjóta gegn ákvæðum stjórnarskrár ríkisins um jafnrétti. Þar með eru hjónabönd samkynhneigðra heimiluð í þremur ríkjum Bandaríkjanna, því áður höfðu sambærileg lög verið sett í Kaliforníu og Massachusetts. Hjónabönd samkynhneigðra eru hins vegar bönnuð í 26 ríkjum Bandaríkjanna. Í þessum ríkjum hefur stjórnarskránni verið breytt þannig að hjónabönd eru einungis heimil milli karls og konu.

### ■ Hvað með Kaliforníu?

Í kosningunum 4. nóvember verður ekki aðeins kosið um forseta og þing Bandaríkjanna, heldur er í þremur ríkjum einnig kosið um stjórnarskrárbann við hjónaböndum samkynhneigðra. Þetta eru ríkin Kalifornía, Arizona og Flórída. Óvíst er því hvort samkynhneigðir í Kaliforníu fái að ganga í hjónaband mikið lengur. Vegna yfirvofandi kosninga hafa samkynhneigð pör í Kaliforníu því haft hraðan á og streyma nú á borgarskrifstofur til að láta gefa sig saman í hjónaband. Langar biðraðir hafa myndast og tími embættismanna er yfirbókaður.

### ■ Hverjar eru horfurnar?

Bæði Barack Obama og John McCain eru á móti hjónaböndum samkynhneigðra, en Obama segist hins vegar líka vera á móti því að þau verði bönnuð sérstaklega. Samkvæmt skoðanakönnunum skiptast bandarískir kjósendur í tvo nokkurn veginn jafnstóra hópa, eftir afstöðu þeirra til hjónabands samkynhneigðra. Í Kaliforníu skiptast kjósendur líka í tvo álíka stóra hópa, svo afdrif þessa málaflokks eru afar tvísýn.



Kanadabúar kusu sér nýtt þing í gær:

# Harper verður áfram í minnihluta

**KANADA, AP** Allt bendir til að minnihlutastjórn Stephens Harper í Kanada muni starfa áfram eftir þingkosningarnar, sem haldnar voru í gær.

Stephen Harper, leiðtogi Íhaldsflokksins, hefur verið forsætisráðherra minnihlutastjórnar í tvö ár, en boðaði óvænt til kosninga í haust í þeirri von að styrkja stöðu flokksins á þingi.

Harper hefur hins vegar ekki þótt bregðast nógu hratt og vel við heimskreppunni, sem skall á óvænt stuttu eftir að boðað var til kosninga. Að öllum líkindum þarf hann því eftir sem áður að reiða sig á stjórnarandstöðuna til að ná málum í gegn á þingi.

„Hann hefur sennilega komið sér í þá aðstöðu að hann heldur líklega völdum en verður ekki fær um að koma stefnumálum sínum í framkvæmd,“ segir Robert Bothwell, yfirmaður alþjóðatengslaáætlunar við Toronto-háskóla.



**STEPHEN HARPER** Forsætisráðherra Kanada þarf áfram að reiða sig á meirihlutann til að koma stefnumálum sínum í framkvæmd. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sjálfur hefur Harper fylgt harðri frjálshyggju í flestum efnum, en ekki náð henni fram á þingi nema að takmörkuðu leyti.

Í upphafi kosningabaráttunnar virtist sem Harper ætti nokkrar líkur á að koma Íhaldsflokknum í meirihluta, en ýmis óheppileg ummæli hans í kosningabaráttunni hafa kostað flokkinn töluvert fylgi. - gb


Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki





**FRÉTTASKÝRING:** Starfsemi Alþjóðagjaldeyrirssjóðsins

# Lán eða ólán

**Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra hefur undanfarna daga fundað með fulltrúum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ásamt fulltrúum annarra fjármálastofnana um hugsanlega lántöku ríkisins. Rætt er hvaða skilyrði sjóðurinn muni setja fyrir láni, kjósi Ísland að fara fram á fyrirgreiðslu. Búast má við róttæku inngripi í íslenskt efnahagslíf verði aðstoð sjóðsins þegin, sem fjölmargir hagfræðingar telja að sé óumflýjanlegt og æskilegt.**



**GILDIR SJÓÐIR** Lánasjóðir IMF eru taldir um 200 milljarðar Bandaríkjadala. Útistandandi lán IMF námu 100 milljörðum Bandaríkjadala árið 2004. NORDICPHOTOS/GETTY

Engum blandast hugur um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn mun á næstu vikum og mánuðum útdeila miklu fjármagni til margra þjóðlanda vegna efnahagsþrenginganna sem nú herja á heiminn. Svo virðist sem smáríki ætli að verða fyrir þyngstu búsifjunum og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn stendur frammi fyrir áður óþekktum vanda; hvernig koma má í veg fyrir að minni hagkerfi leggist á hliðina með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Forsvarsmenn gjaldeyrissjóðsins hafa gefið út að umsóknarferlið muni verða stytt umtalsvert vegna yfirvofandi hættu og að lánaskilyrði verði jafnvel önnur en áður hefur verið í rúmlega sextíu ára sögu sjóðsins.

**Stofnaður 1944**

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn ásamt Alþjóðabankanum á rætur að rekja til ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem haldin var í Bretton Woods í New Hampshire-ríki í Bandaríkjunum árið 1944. Markmið ráðstefnunnar var að koma á fót nýjum vettvangi efnahagssamvinnu varðandi gjaldeyrismál; stuðla að stöðugu gengi mynta og greiða fyrir frjálsum gjaldeyrisviðskiptum. Kreppan mikla var þá mönnum í fersku minni en í kjölfar hennar fylgdu nær öll ríki heims einangrunarstefnu sem leiddi til mikils samdráttar í viðskiptum og aukins atvinnuleysis. Tilgangur hins nýja vettvangs efnahagssamvinnu var að koma í veg fyrir að sú hörmungarsaga endurtæki sig. Við stofnun voru aðildarlöndin 29 og mörg hver iðnríki. Í dag eru aðildarríkin 184 að tölu.

Hlutverk Alþjóðagjaldeyrissjóðsins frá stofnun hefur gengið í gegnum grundvallarbreytingar en felst nú sem áður í eftirliti, lánveitingum og tæknilegri aðstoð við aðildarríkin. Síðustu tuttugu árin hefur sjóðurinn helst aðstoðað mörg nýmarkaðsríki sem lentu í miklum skuldaerfiðleikum á níunda áratugnum og síðustu misseri hefur mikið verið lagt upp úr aðgerðum sem tryggja fjármálastöðugleika eftir að umfangsmiklar bankakreppur riðu yfir í iðnríkjum jafnt sem þróunarlöndum.

Gjaldeyrissjóðurinn býður aðildarríkjum sem eiga í greiðsluerfiðleikum fjárhagsaðstoð. Þessi lán eru yfirleitt með hagstæðari kjörum en lán sem bjóðast á almennum markaði. Auk þess að veita hefðbundin lán og neyðarlán hefur sjóðurinn unnið með skuldsettum þróunarríkjum í þeim tilgangi að létta skuldabyrði þeirra. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lánar ekki til sérhæfðra verkefna sem er hlutverk Alþjóðabankans.

**Ísland og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn**

Ísland á samstarf við Norðurlöndin og Eystrasaltsríkin á vettvangi sjóðsins. Norðurlöndin hafa starfað saman síðan 1952 en Eystrasaltsríkin gengu til liðs við þau árið 1992 eftir að þau höfðu hlotið aðild. Saman mynda þessi ríki eitt af 24 kjördæmum sjóðsins. Ísland gegndi síðast forystu í kjördæminu árin 2002 og 2003.

Ísland hefur fjórum sinnum hlotið fjárhagsaðstoð frá IMF. Fyrsta lánið var veitt 1960 í tengslum við efnahagsumbætur viðreisnarstjórnarinnar. Eftir það fékk




Ísland þrisvar sinnum lán hjá sjóðnum vegna greiðsluhallaerfiðleika. Árin 1967-1968 vegna stórfelldrar minnkunar útflutningstekna við hrun síldarstofnsins. Einnig árin 1974-1976 úr sérstökum olíusjóði þegar olíukreppa geisaði um heimsbyggðina og aftur 1982 úr sérstakri lánadeild vegna samdráttar í útflutningstekjum. Ísland varð skuldlaust við sjóðinn árið 1987.

**Skilyrði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins**

Stórt lán úr digrum sjóðum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur verið mikið til umræðu á Íslandi í kjölfar þeirra áfalla sem íslenskt efnahagslíf hefur orðið fyrir á stuttum tíma. Ekki hafa síður verið til umræðu þau ströngu skilyrði sjóðurinn setur fyrir slíku láni. Óumflýjanlegt virðist, að sögn hagfræðinga, að skattar verði hækkaðir umtalsvert og ríkisútgjöld skorin verulega niður. Allt kapp verði lagt á þjóðhagslegan sparnað; sem reyndar er óumflýjanlegur í ljósi þeirra aðstæðna sem upp eru komnar. Hin ströngu skilyrði beinast oftar en ekki að þróunarlöndunum; sem hingað til hafa notið fyrirgreiðslu sjóðsins að mestu leyti.

Er þá farið fram á að tollamúrar séu felldir og ríkisfyrirtæki einkavædd svo dæmi sé tekið. Ísland uppfyllir nú þegar skilyrði sjóðsins að stærstum hluta enda hafa matsskýrslur stofnunarinnar gefið Íslandi þá einkunn að framtíðarhorfur efnahagskerfisins séu öfundsverðar.

Efnahagskreppan sem nú er við að eiga er sú alvarlegasta sem heimurinn hefur upplifað frá því að til sjóðsins var stofnað. Þess vegna telja menn ljóst að aðferðafræðin við lánafyrirgreiðslu úr sjóðnum verði önnur en tíðkast hefur. Það meðal sem gefin hafa verið duga ekki til og vissar tilslakanir eru fyrirsjáanlegar. Engu að síður stendur það í valdherrum þróaðra ríkja að þiggja þessa aðstoð þar sem skuldsett þróunarríki hafa verið ein um að þiggja hana um langt árabil.

En við lifum á tímum þar sem margir þurfa að kyngja stoltinu; eins og jafnan er um þá sem innikróaðir þurfa að grípa til örþrifaráða.

## HLUTVERK ALÞJÓÐAGJALDEYRISSJÓÐSINS

Seðlabanki Íslands er fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir hönd íslenska ríkisins. Sjóðurinn hefur frá stofnun haft það að markmiði að efla alþjóðlega samvinnu í gjaldeyrismálum, stuðla að stöðugu gengi mynta og greiða fyrir frjálsum gjaldeyrisviðskiptum.
Starfsemi sjóðsins er einkum þrenns konar:

- Eftirlit með efnahagsmálum aðildarlanda sjóðsins og alþjóðahagkerfinu í heild.
- Tæknileg aðstoð við aðildarríkin.
- Lánveitingar til aðildarríkja í greiðsluerfiðleikum.
- Ísland hefur fjórum sinnum hlotið fjárhagsaðstoð frá sjóðnum.
- Ísland varð skuldlaust við sjóðinn árið 1987.
- Iðnríki hafa ekki sóst eftir fjárhagsaðstoð sjóðsins um langt skeið.
- Stærstu útistandandi lánasamningar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru við Argentínu, Tyrkland og Brasilíu.

HEIMILD: SEÐLABANKI ÍSLANDS



FRÉTTASKÝRING
SVAVAR HÁVARÐSSON
svavar@frettabladid.is

Forsetafrú Frakklands:

## Bruni í óvenjulega vinnuferð

**FRAKKLAND, AP** Forsetafrú Frakklands, Carla Bruni, heimsótti nýlega Marinu Petrella á sjúkrahús í Frakklandi til að tjá henni að hún þyrfti ekki að afplána fangelsisdóm á Ítalíu.



CARLA BRUNI

Petrella var dæmd í lífstíðarfangelsi í Róm árið 1992 fyrir mannrán og morð. Hún var félagi í ítölsku hryðjuverkasamtökunum Rauðu herdeildunum og hafði verið á flótta undan réttvísinni í hátt á annan áratug þegar hún var handtekin í Frakklandi í fyrra. Franskur dómstóll úrskurðaði að hún skyldi framseld til Ítalíu, en Frakklandsforseti hefur nú ákveðið að snúa þeim úrskurði við af mannúðarástæðum.

Petrella var lögð inn á geðdeild í ágúst og hefur verið í hungurverkalli síðustu mánuði. - ms / aa

Aflraunir fatlaðra:

## Sterkasti fatlaði maður heims

**ÍÞRÓTTIR Heimsmeistaramótið Sterkasti fatlaði maður heims mun fara fram í Smáralind og Lindum, Kópavogi, um helgina. Keppt verður í tveimur flokkum, í hjólastólaflokki og standandi flokki.**

**Arnar Már Jónsson, lyftingaþjálfari hjá Íþróttfélagi fatlaðra í Reykjavík, býst við harðri keppni og hvetur landsmenn til að mæta og styðja við bakið á kraftajötnunum.**

**Íslendingurinn Þorsteinn Magnús Sölvason, ÍFR, verður á meðal keppenda og er til alls líklegur en hann mun fá harða samkeppni frá Svíum og Finnum.** - mba



**UMFERÐ** Umferð minnkar á helstu umferðargötum Reykjavíkur.

Umhverfismál í Reykjavík:

## Færri bílar á götum borgar

**UMHVERFISMÁL** Umferð bíla á helstu umferðargötum Reykjavíkurborgar minnkaði talsvert, ef síðasta vika er borin saman við vikuna þar áður. Mest fækkaði bílum á Kringlumýrarbraut, eða um tæp sjö prósent, og um 5,4 prósent á Sæbrautinni.

Ástæðan fyrir þessari fækkun er ef til vill sú að nú fara fleiri samferða í bílum eða að fólk sé farið í meira magni að nýta sér almenningssamgöngur borgarinnar eins og strætisvagna. - ms

Banaslys á Indlandi:

## Barnið datt í brunninn

**INDLAND, AP Tveggja ára indverskur drengur lést eftir að hafa setið fastur í tæpa fjóra sólarhringa í djúpum brunni.**

**Strax var farið í björgunaraðgerðir en reyndust þær erfiðar þar sem göng sem grafin voru í gegn um gljúpan jarðveginn hrundu jafnóðum saman.**

**Verktakinn og aðrir sem komu að byggingu brunnsins hafa verið kærðir.**

**Atburðir sem þessir eru tíðir í indverskum þorpum, en algengt er að börn leiki sér við yfirgefna brunna á meðan foreldrar eru við störf í sveitum.** - ama

**Neytendur:** Búbót í kreppunni

# *Kornið léttir undir með neytendum*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Snæfríður Ingadóttir skrifar og bendir á dúndurgott tilboð: „*Bakaríið Kornið hefur alltaf á miðvikudögum verið með sérstaka brauðdaga og þá selt öll brauð í bakaríinu á 219 kr. Nú bæta þeir um betur og bjóða öll brauð á þessu verði alla daga út október. Þetta er mikil búbót því ég er til dæmis vön að kaupa valhnetubrauð þarna sem kostar venjulega 390 krónur.*“



Hávarður Hilmarsson, framkvæmdastjóri Kornsins, segir að tilboðið hafi verið á miðvikudögum í ein tíu ár í öllum bakaríum Kornsins. Þau eru ellefu í dag. „Okkur langar bara að sjá hver viðbrögðin verða og það er aldrei að vita nema við höldum þessu áfram lengur,“ segir Hávarður.

Hráefnið er alltaf að verða dýrara hjá bökurum og því er þetta tilboð bæði virðingarvert og öðrum til eftirbreytni. „Hveitið hefur hækkað um meira en hundrað prósent á átta mánuðum. Kílóið er að nálgast hundraðkallinn,“ segir Hávarður og stynur.

### Athugasemd frá Debenhams

Svanur Valgeirsson, rekstrarstjóri Debenhams bar fram athugasemd vegna Neytendahornsins í gær þar sem heldur hallaði á verslunina. „*Við vitum að ljúft og gott viðmót skiptir öllu máli í verslun og þegar við gerum mistök reynum við okkar besta til að bæta úr þeim. Í dæminu sem birtist í gær hefur okkur ekki tekist nógu vel upp og það þykir okkur leitt.*

*Við greiðum fyrir vörur allt að tveimur mánuðum eftir að þær koma í hús. Eins og gengið hefur látið upp á síðkastið höfum við þurft að hækka vöruverð, en höfum hækkað mun minna en raunveruleg hækkun gengis segir til um. Því þykir okkur leiðinlegt að Debenhams sé kölluð okurbúlla því við erum að vanda okkur við að verðleggja sanngjarnt.*“


Sinnum því sem mestu máli skiptir

**Fyrirlestur Þórkötlu Aðalsteinsdóttur, sálfræðings**

Starfsfólk TM hefur yfir 50 ára reynslu af því að styðja fólk í gegnum áföll og erfiðleika.

Þeir erfiðleikar sem nú steðja að eru óvenjulegir að mörgu leyti. Við höfum því fengið Þórkötlu Aðalsteinsdóttur, sálfræðing, til liðs við okkur og mun hún halda fyrirlestur fyrir viðskiptavini félagsins þar sem m.a. er farið yfir:

// áföll og viðbrögð við áföllum
// viðhorf sem gagnast á erfiðum tímum
// hagnýtar ábendingar um viðbrögð og leiðir til að verja heilsu sína

Fyrirlesturinn verður haldinn í kvöld 15. október kl. 20:00, í húsakynnum TM, Aðalstræti 6, jarðhæð. Áætlað er að fyrirlesturinn taki um klukkustund. Aðgangur er ókeypis.

Vinsamlegast athugið að sætarými er takmarkað. Við biðjum ykkur því að tilkynna þátttöku í síma 515 2000 en einnig má senda þátttökutilkynningu á skraning@tm.is.

Kær kveðja,
starfsfólk TM.




**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** / Sími 515 2000 / tm@tm.is / www.tm.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fjörbrot á mörkuðum:

## Strax í dag

**PÁLL BALDVIN BALDVINSSON SKRIFAR**

Fréttir af hækkun á vísitölum í útlöndum í gær varðar okkur nokkuð. Alkul á markaði víða um lönd auðveldar ekki endurskipulagningu á viðskiptum okkar við útlönd sem hafa verið í maski undanfarna daga. Og sér ekki fyrir endann á því ástandi. Verst eru tíðindin að útflutningsfyrirtæki leiti nú til dótturfyrirtækja erlendis og banka utan landsteinanna til að hýsa gjaldeyristekjur okkar. Kurteisleg áskorun forsætisráðherra til þeirra um miðjan dag í gær var laus við örvæntingu, en hverjum manni má vera ljóst að komi tekjur ekki inn í landið er botninn farinn úr tunnunni. Það er endanleg niðurstaða í þeirri ömurlegu stöðu sem krónan er komin í. Þá er lítil björg í vaxtalækkun. Gjaldmiðillinn endanlega ónýtur eftir fall um 70 prósent frá áramótum. Peningastefnan hefur beðið endanlegt skipbrot og skiptir þá litlu hvaða álit forsætisráðherrann hefur á forystu Seðlabankans. Í slíkri stöðu er mönnum réttast að sýna þann manndóm að víkja og veita nýjum mönnum tækifæri, gefa almenningi kost á nýju upphafi.

Snemma í þessu hruni var sýnilegt að ráðamenn urðu að hafa óhemju snör handtök. Hér voru sögulegir tímar og í ólgusjó þessa hruns kapítalismans sáust varla handa skil. Það er auðvelt að vera vitur eftirá og sá tími kemur að rakin verða afdrif eigna okkar sem nú eru farnar að stórum hluta. Allt bendir til að íslensk stjórnvöld hafi verið alls óundirbúin eftir að hafa látið öll varnaðarorð sem vind um eyru þjóta um margra missera skeið. Enn er ekki að sjá annað en hik á íslenskum stjórnvöldum: beðið eftir karli úr flugvél, beðið eftir gögnum á pappír, beðið eftir fundi þriggja manna. Á meðan situr þjóðin á biðstofunni og nýr hendurnar. Þrot blasir við.

Slíkt ástand kallar um síðir á pólitískt uppgjör. Það er líka kjörlendi fyrir pólitíska loddara. Og ekki er mikil von til að stjórnmálalíf í landinu rísi undir endurnýjun sem mikil þörf er á eftir ólög síðustu daga. Vítt og breitt um landið eru fyrirtækin á vonarvöl og brátt brestur á önnur bylgja gjaldþrota sem mun gefa þeim fáu sem hafa einhverja sjóði kost á nýjum fjárfestingum í landi sem hratt er horfið í röð láglaunasvæða, hvort sem þeir eru íslenskir eða erlendir. Erlendum fyrirtækjum gefst nú kostur á að eignast íslenskan fyrirtækjarekstur fyrir slikk ef þeir svo kjósa og líta hjá smæð heimamarkaðar. Ef þeir nenna að leggja sig eftir atvinnurekstri hér.

Brátt munum við heyra ákafar óskir um launalækkun hjá starfsfólki, skerðingu á lífeyrisréttindum. Mikilvægt er að þá verði lækkað risið á þeim sem hæst hafa launin og best eru komnir. Þeirra á meðal þingmenn á eftirlaunum og æðstu embættismenn, þeir sem báru ábyrgð á því stórslysi sem hér er orðið.

Það er þrotatími fram undan í landinu, lurkur af manna völdum, og því nauðsynlegt að menn gæti stillingar þegar til skiptanna kemur.

Og þá er brýnt að finna sér næði og ró til að leita nýrra atvinnutækifæra: fjármálarekstur skapaði hér tekjur sem fóru fram úr sjávarafla. Nú er bústólpi á burt. Hvað skal koma í hans stað? Hingað kemur enginn aðvífandi rekstur meðan krónan er okkar gjaldmiðill. Rígheldni í gjaldmiðilinn er því tekin að nálgast alvarlega bilun sem heill stjórnmálaflokkur verður nú að hrista af sér. Raunveruleikinn blasir við, kominn tími á sjálfstæða hugsun.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ef við kjósum vinstra vor…

Davíð Oddsson seðlabankastjóri þykir með hnyttnari mönnum, þegar sá gállinn er á honum, til dæmis á landsfundi Sjálfstæðisflokksins rétt fyrir kosningar 2003, þegar hann var enn formaður flokksins og forsætisráðherra. Þá kastaði Davíð fram litlu vísukorni sem vakti mikla lukku fundargesta:

*Ríkisstjórn með þrótt og þor*
*á þjóðráðunum lumar.*
*Ef við kjósum vinstra vor*
*verður ekkert sumar.*

Ekkert varð heldur úr vinstra vorinu sem Davíð óttaðist. En gaman væri að heyra jafn skáldlegar skýringar á vetrinum, sem nú er skollinn á af fullum þunga.



### Vandað lagaval

Útvarpsmaðurinn Ólafur Páll Gunnarsson lýsti því í viðtali við fjölmiðla fyrir stuttu að nú væri brýnt sem aldrei fyrr að vanda lagavalið. Jákvæðir textar skipti máli. Kollega Óla Palla í Popplandi Rásar tvö, Guðna Má Henningssyni, finnst hins vegar ástæðulaust að taka á hlustendum með silkihönskum. Hann byrjaði þátt sinn eftir hádegisfréttir í gær á laginu Allt sem ég hef misst, með hljómsveitinni Sviðin jörð. Upplífgandi!



### Tæmandi úttekt

Sagnfræðingafélag Íslands stendur fyrir fyrirlestraröð fram að áramótum undir yfirskriftinni: Hvað er að óttast? Þegar hafa þrír fyrirlestrar verið haldnir, en fjórir eru eftir; þar af fjallar einn um ótta við sjúkdóma, annar um ótta við útlendinga á Íslandi, þriðji um óttann við að glata íslenskri menningu í fjölmenningarlegu samfélagi. Ef Sagnfræðingafélagið bætti við fyrirlestri um ótta við kvótakerfið, væri þá ekki komin nokkuð tæmandi úttekt á stefnu Frjálslynda flokksins?

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Gláptitinn

Um hvað hugsa þeir sem stjórna sjónvarpsþáttum? Ef marka má frönsku heimildarmyndina „20 mínútna hamingja“ sem nú er verið að sýna í kvikmyndahúsum Parísar hafa þeir hugann fyrst og fremst við það sem kallað er „audimat“ á frönsku og hægt væri að kalla „gláprita“ á vora tungu. Efni þessarar kvikmyndar er sjónvarpsþáttur einn, sem sýndur var á „stöð 1“ í Frakklandi á hverju mánudagskvöldi í fjögur ár við allmiklar vinsældir. Þetta var „raunveruleikasýning“ sem byggðist á því að leiddar voru saman í sjónvarpssal tvær persónur sem lífið hafði á einhvern hátt skilið að, kannske systkini sem höfðu farið hvort í sína átt þegar fjölskylda leystist upp, elskendur sem höfðu misst hvort af öðru og fleira af því tagi. Annar aðilinn var sem sé að leita að hinum, en sjónvarpsmennirnir höfðu upp á honum og buðu í þáttinn án þess að hann vissi frá hverjum boðið var, það uppgötvaði hann ekki fyrr en á hólminn var komið. Aðilarnir tveir ræddu nú saman á sjónvarpssviði með tjald á milli og reyndu að gera upp sín mál. Ef báðir voru samþykkir endaði þátturinn á því að tjaldið var dregið frá, þátttakendurnir hittust nú augliti til auglitis og féllust kannske í faðma. Höfundar heimildarmyndarinnar höfðu fengið að fylgjast með gerð þáttanna nokkra mánuði árið 2006, leit að þátttakendum, undirbúningi upptöku og síðast en ekki síst samtölum sjónvarpsmannanna sín á milli um þáttinn, og um þetta snerist myndin.



**EINAR MÁR JÓNSSON**

**Í DAG** | Sjónvarpsáhorf

En hvað er nú eiginlega þessi gláriti? Svarið við þeirri spurningu var nú að fá í þessari heimildarmynd, sem hófst á nokkurs konar fyrirlestri um þetta merka fyrirbæri. Gláritinn er sem sé tól sem fer í gang um leið og kveikt er á sjónvarpstæki sem hann er tengdur við. Eftir stutta stund fer hann svo að pípa illilega til að minna viðstadda sjónvarpsgláptendur á að þeir verði að segja deili á sér, og það gera þeir með því að ýta á til þess gerða takka, einn takka fyrir „heimilisföðurinn“, einn takka fyrir „húsfreyjuna“, einn takka fyrir „barn 1“, einn takka fyrir „barn 2“ og þar fram eftir götunum. Síðan skráir gláritinn á hvaða stöð sé horft, á hvaða stund, hvort og hvenær skipt sé yfir á aðra stöð og sendir þær upplýsingar um leið til miðstöðvar þar sem fylgst er með öllu og staðtölur reiknaðar upp á mínútu. Það eina sem vantaði í þennan fyrirlestur voru upplýsingar um það hverjir væru þeirrar náðar aðnjótandi að hafa þetta tól í heimahúsum, hvað þeir fengju fyrir sinn snúð og þess háttar.

Hins vegar sýndi heimildarmyndin ágætlega til hvaða brúks þessi gláriti er hafður. Það er varla ofmælt að segja að sjónvarpsmennirnir hafi að staðaldri verið með augun á honum. Eftir hvern þátt fóru þeir yfir línurit og skoðuðu vendilega hve margir hefðu horft á hann, hverjir það hefðu verið, hve margir hefðu hætt að fylgjast með honum af hverjum flokki manna og hvenær: „Nákvæmlega á þessari mínútu misstum við hundrað þúsund áhorfendur, hvað gerðist þá? Hvernig stendur á þessari fækkun? Hvað gerði það eiginlega að verkum að á þessu augnabliki skiptu húsmæðurnar yfir á aðra stöð?“

Með þessa visku að bakhjarli reyndu sjónvarpsmennirnir svo að fyrirbyggja að menn gæfust upp á glápinu. Þeir reyndu að fá eins spennandi gesti og hægt væri og veiða þá sem gestirnir vildu síðan hitta, kannske með því að hafa fyrst samband við þá á fölskum forsendum, tala þá síðan til á einn eða annan hátt og annað eftir því. En að mörgu var að gæta, og kom sérstaklega fram að það þurfti að varast að hafa of mikið af örgum mönnum. „Ef maður segir: hvað heitir nú ástin þín Jón, og hann svarar Guðmundur, skipta sjö hundruð þúsund heimilisfeður samstundis um stöð“, sagði helsti forsprakki þáttanna. En annað var ekki síður mikilvægt: það mátti aldrei hafa neitt sem ekki væri alveg augljóst um leið. „Það þurfa að skilja er lúxus sem aðeins fáir menn geta leyft sér,“ sagði forsprakkinn einnig.

Vitanlega var það auglýsinganna vegna að nauðsynlegt var að ná hámarksgláþi og halda í það, og minnir þetta mjög á þau orð sem yfirmaður þessarar sömu sjónvarpsstöðvar missti einu sinni af vangá út fyrir tanngarðinn: „Hlutverk okkar er að selja kókakóla-fyrirtækinu móttækileg heilabú.“ En athyglisvert er að sjónvarpsmennirnir skyldu tala svona frjálslega fyrir framan kvikmyndavélar þeirra sem gerðu heimildarmyndina, enda fór svo að þeir sáu sig um hönd og hleyptu öllu af stað til að koma í veg fyrir að myndin yrði sýnd, en án árangurs. Þau urðu hins vegar örlög þáttanna að vísar gláritans tóku að hallast niður á við, og þá fékk hann umyrðalaust að fjúka.

# Varasamur bjargvættur

**UMRÆÐAN**

Lilja Mósesdóttir skrifar um Alþjóðagjaldeyrissjóðinn



**LILJA MÓSESDÓTTIR**

Aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins hefur reynst afar varasöm lausn á greiðsluvanda þjóða. Sagan sýnir að aðgerðir sem sjóðurinn krefst að stjórnvöld grípi til, magna upp samfélagslegt óréttlæti.

Samkvæmt Nóbelsverðlaunahafanum í hagfræði, dr. Joseph Stiglitz, eiga þjóðir, sem lent hafa í banka- og gjaldeyriskreppu ekki að einblína á að ná tökum á verðbólgu heldur á að koma í veg fyrir mikið atvinnuleysi og þau miklu samfélagslegu vandamál sem skapast við slíkar aðstæður. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur hins vegar ítrekað, bæði í Asíu og Suður-Ameríku, einblínt á efnahagsaðgerðir sem fela í sér vaxtahækkun og hallalaus ríkisfjármál. Þessar aðgerðir komu ekki í veg fyrir áframhaldandi útstreymi fjármagns og hækkun verðlags eins og að var stefnt. Aðgerðirnar mögnuðu upp atvinnuleysisvandann, þar sem fleiri fyrirtæki urðu gjaldþrota og fátækt jókst. Traust almennings á innlendum stjórnvöldum minnkaði í kjölfarið. Hallalausum ríkisfjármálum var aðeins hægt að ná með því að hækka skatta og skera niður útgjöld vegna aukins atvinnuleysis og þyngri greiðslubyrði af erlendum lánum.

Aðstæður á Íslandi í dag eru líkar því sem var m.a. í Asíu fyrir um áratug og mikilvægt að lærdómur sé dreginn af mistökum sjóðsins þar. Í samningaviðræður við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn verða Íslendingar að fá til liðs við sig sérfræðinga – bæði konur og karla – sem þekkja vel til á Íslandi og eru gagnrýnir á lausnir nýfrjálshyggjunnar og einföld reiknilíkön sjóðsins. Aðgerðirnar sem íslensk stjórnvöld þurfa að grípa til á næstunni er að auka ríkisútgjöld til að tryggja atvinnu og lækka stýrivexti til að tryggja áframhaldandi rekstur fyrirtækja sem eiga í erfiðleikum. Vaxtalækkun mun ekki leiða til frekari fjármagnsflótta, þar sem undirstöður atvinnulífsins eru traustar og samkeppnisstaða íslenskra útflutningsfyrirtækja stórbatnað eftir mikla veikingu krónunnar.

Stjórnvöld eiga að skoða vel þann möguleika að fá lán frá Rússlandi fremur en aðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, þar sem pólitísk skilyrði hafa fram til þessa fylgt aðstoð sjóðsins.

*Höfundur er hagfræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRAR:** Björn Ingi Hrafnsson *bih@markadurinn.is* og Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


HVÍTA HÚSIÐ/SÍA · 07-1347
EKKI DEYJA ÚR ÞREYTU
LEGGÐU ÞIG Í 15 MÍNÚTUR
Syfja er talin geta verið jafn hættuleg ökumönnum og ölvun við akstur. Á árunum 1998–2006 létust 16 manns í 10 umferðarslysum þar sem ökumenn sofnuðu undir stýri.
Það sem helst ber að varast:
• Skortur á gæðasvefni.
• Akstur á þeim tíma sólarhringsins þegar fólk er vant að sofa.
• Svefntruflanir, t.d. ómeðhöndlaður kæfisvefn.*
• Vaktavinnufólki er hættara við að sofna undir stýri en öðrum.
Fimmtán mínútur eru ekki langur tími en getur haft úrslitaáhrif á það hvort líf þitt verði lengra. Ef þú finnur fyrir syfju við akstur leggðu þá bílnum á öruggum stað og hvíldu þig í u.þ.b. 15 mínútur.
Farðu inn á www.15.is og kynntu þér málið!
*Kæfisvefn er sjúkdómur sem veldur því að fólk sofnar með litlum fyrirvara.
Hægt er að greina hann með svefnrannsóknum. Sjá nánar á www.15.is
UMFERÐARSTOFA

# Fjórir punktar um hamfarastjórnun

**UMRÆÐAN**
Sóley Kaldal skrifar um hamfarastjórnun

Hamfarir hafa gengið yfir Ísland síðustu daga. Eitt af því sem skilur þessar hamfarir frá þeim náttúrulegu, sem Íslendingar eru öllu vanari og hæfari að takast á við, er hinn mikli skortur á samúð frá alþjóðasamfélaginu. Annað er að fæstir vita hvernig ógnin mun þróast og hvenær hún er yfirstaðin. Já, það er átakanlegt að vera Íslendingur í dag. Á skömmum tíma hefur heimsmynd okkar og sjálfsmynd verið kollvarpað en eftir situr hinn almenni borgari og spyr sig hvernig svona gat farið.

Í fræðum um hamfarastjórnun er lögð áhersla á að gæta hins mannlega þáttar í svona aðstæðum en stuðningur við almenning er hvað mikilvægastur þegar óskýrar og áður óþekktar ógnir steðja að. Ann Enander er sænskur doktor í sálfræði sem rannsakar áhættu- og hamfarahegðun. Í grein sinni „Mannlegar þarfir og aðgerðir á tímum hamfara“ segir hún frá fjórum atriðum sem ráðamenn og aðrir ábyrgir verði að hafa í huga þegar hamfarir ríði yfir. Þau eru:

**Að upplýsa** – það er ekki hægt að ofmeta upplýsingaþörf á tímum óskýrra ógna. Það skapast mikið svigrúm fyrir ólíkar túlkanir sem veldur því að allar upplýsingar verða að vera skýrar, beinskeyttar og trúverðugar. Ef stjórnvöld skortir svör, er mikilvægt að þau viðurkenni það en við þær aðstæður á að upplýsa almenning um hvernig stjórnvöld vinni að lausnum vandamála og upplýsingaöflun sem og hvenær


SÓLEY KALDAL

nýjar upplýsingar munu vera tiltækar fyrir almenning.

**Að virkja** – óvissan veldur vanmáttartilfinningu. Einstaklingar vilja taka þátt í uppbyggilegum aðgerðum en ringulreið gerir þeim erfitt fyrir að bregðast við á réttan hátt. Það er því mikilvægt að stjórnvöld virki almenning með því að gefa skýr skilaboð um hvað sé æskileg hegðun og aðgerðir.

**Að vera undirbúin undir átök** – ógreinilegar áhættur eru metnar á ólíkan hátt. Hluti samfélagsins mun vanmeta hættuna en annar hluti ofmeta hana. Slíkt getur valdið átökum milli þjóðfélagshópa hvar sem þeir óhræddu saka hina um að valda óþarfa ótta en hinum óttaslegnu líður eins og þeir séu ekki teknir alvarlega. Gott upplýsingaflæði dregur úr þessum mun en umræða gerir hópunum einnig kleift að skilja málstað hvers annars.

*Það er því mikilvægt að stjórnvöld virki almenning með því að gefa skýr skilaboð um hvað sé æskileg hegðun og aðgerðir.*

**Að bera virðingu fyrir ótta** – þótt ótti geti verið ástæðulaus er afar mikilvægt að borin sé virðing fyrir tilfinningum einstaklinga og að ótti þeirra sé tekinn alvarlega. Í hamfarasamfélagi getur virðing fyrir tilfinningum einstaklinga verið grundvöllur að traustu sambandi almennings og yfirvalda og þar með aukið skilvirkni aðgerða.

Mér þykir nokkuð hafa vantað upp á að þessi atriði hafi verið virt undanfarna daga sem hefur leitt til gremju, örvæntingar og vantrausts. Sú mýta er þrautseig meðal ráðamanna að upplýsingar valdi glundroða en rannsóknir hafa sýnt að samfélög eru alla jafna skipuð rökhugsandi einstaklingum sem bregðist við með yfirveguðum hætti. Mikilvægasti þáttur áhættustýringar er að fyrirbyggja og þótt margir telji að nú sé fátt eftir til að fyrirbyggja þá er þjóðarsálin enn þá óbuguð og það er forgangsverkefni að halda henni sterkri.

Vitnað er í greinina Människors behov och agerande vid olyckor och samhällskriser eftir Ann Enander sem birt er í bókinni Ledning av räddningsinsatser i det komplexa samhället sem gefin er út af Svenska Räddningsverket.

*Höfundur er í meistaranámi í áhættustýringu og öryggisverkfræði við Lunds Tekniska Högskolan.*

# Krónan er saklaus

**UMRÆÐAN**
Jóhann J. Ólafsson skrifar um efnahagsmál


JÓHANN J. ÓLAFSSON

Í þeim efnahagslegu hremmingum, sem yfir þjóðina hafa gengið undanfarið hefur verið vinsælt að skella skuldinni á íslensku mynteininguna, krónuna. Hún er sögð handónýt, ekki lengur hafandi og orsök ófara okkar í efnahagsmálum.

En þarna förum við villur vegar. Krónan er jafnsaklaus og baðvogin og spegillinn í baðherberginu enda allt dauðir hlutir.

Krónan er hins vegar eins konar spegill, sem sýnir okkur efnahagslegt verk okkar og ástand. Krónan erum við sjálf. Ef okkur líkar ekki það sem við sjáum þegar við lítum í spegil, þá þýðir ekkert að skipta um spegil. Það eina sem hægt er að gera, er að breyta þeim sem lítur í spegilinn.

**Horfumst í augu við vandann**

Kjarni málsins er sá að þjóðin kemst aldrei út úr þessum vandræðum, nema hún kenni sjálfri sér um hvernig komið er og horfist í augu við vandann.

Við höfum dregið að gera það, þar til núna, þegar við erum komin upp að vegg og eigum færri kosti. Krónan er lítil mynteining, sem þolir ekki að vera á opnum markaði og stendur ekki undir þeirri gífurlegu þenslu, sem verið hefur. Hún er eins og lítill fólksbíll, en við notum hana eins og tíu hjóla trukk með drifi á öllum hjólum. Krónan hlaut að gefa sig.

Það er ekki henni að kenna heldur bílstjóranum, þjóðinni, sem ekur ekki í samræmi við farartækið. Með þessum orðum er ég ekki að mæla á móti því að tekin verði upp önnur mynt t.d. evra. Ég er aðeins að segja að mynt annarra lagar ekki allt.

Margir kenna markaðsþjóðfélaginu um, kapítalismanum. Nú sé hann dauður. Satt er það að hann brást er eigendur gættu ekki fjár síns af nægilegri ábyrgð í þeirri miklu áhættu, sem þeir tóku. En sósíalisminn brást einnig, ríkisstjórn, fjármálaeftirlit, seðlabanki, Alþingi og fleiri. Allt eru þetta opinberar stofnanir, sváfu á verðinum. Við sváfum flest öll. Við erum flest öll ábyrg. Mikill hagnaður er seiðandi og sljóvgandi.

**Uppbyggingu strax**

Eftir jarðskjálfta þýðir ekkert að leita orsaka, við byrjum bara strax að byggja upp aftur. Eftir hagskjálfta þurfum við líka að byggja strax upp aftur. En við getum leitað að orsökum og lært af reynslunni. Sumir vilja leysa mál á frjálsum og opnum markaði, nú kallaðir kapítalistar. Aðrir vilja leysa mál fyrir milligöngu opinberra sjóða, oft kallaðir sósíalistar. Þetta fólk hefur fjarlægst hvort annað á undanförnum árum og gjá myndast á milli þeirra. Á Íslandi er mikill kapítalismi og mikill sósíalismi. Við erum öll kapítalistar. Við erum öll sósíalistar.

Við eigum að taka höndum saman og byggja upp. Nú þurfa þessir hópar að tala saman á málefnalegum grundvelli. Þegar ég var ungur drengur gat ég keypt pylsu í pylsuvagni í Austurstræti á 25 aura „gamla“. Nú kostar, hjá sama fyrirtæki, slík pylsa 250 krónur „nýjar“, þ.e. 25 þúsund „gamlar“ krónur, sem ég notaði í æsku. Verðgildi núverandi krónu er einn hundraðþúsundasti af verðgildi krónunnar sem æskumaðurinn notaði. Krónan hefur verið möluð í duft á 65 árum.

Þetta segir mikið um okkar þjóðfélag. Það er meiri háttar brotalöm í því þjóðfélagi, sem fer svona með gjaldmiðil sinn. Við eigum gífurlega sjálfsskoðun fyrir höndum. Rætur vandans liggja djúpt í þjóðarsálinni. Þær eru margar, flóknar og margslungnar.

*Eftir jarðskjálfta þýðir ekkert að leita orsaka, við byrjum bara strax að byggja upp aftur. Eftir hagskjálfta þurfum við líka að byggja strax upp aftur. En við getum leitað að orsökum og lært af reynslunni.*

**Víðtæk endurskoðun**

Það er mjög bagalegt ef við einföldum vandann og teljum hægt að laga hann með einu sterku meðali. Það þarf að endurskoða alla þætti samfélagsins. Kjördæmaskipun, stjórnskipun, stjórnarfar, lýðræðishefð Íslendinga og miklu fleiri þætti. Efnahagslegt viðhorf landans þarf að endurskoða..

Í dag ráða allt of fáir menn yfir allt of miklu fjármagni. Þá á ég ekki aðeins við í einkageiranum, heldur einnig í opinberri umsjá og lífeyrissjóðum. Þetta þarf allt að endurskoða. Miklu meiri og betri dreifing eigna þarf að eiga sér stað, ekki í gegn um kjörna fulltrúa eingöngu heldur með dreifðari eignarrétti einstaklinga. Annars frestast vandinn aðeins á meðan við komumst út úr þessu núna og við verðum í sömu sporum eða verri í næsta hagskjálfta.

*Höfundur er stórkaupmaður.*

# Óforsjálni og heimskreppa

**UMRÆÐAN**
Ingvar Gíslason skrifar um fjármálakreppuna

Allt ferli á sér upphaf og endalok. Þannig er mannsævin ferli sem byrjar í vöggu og endar í gröf. Svo fer oft um tiltektir manna, áform og athafnir að allt sýnist blómstra um hríð, en missir smám saman þróttinn og endar með því að detta út af rólega eða steypast fyrir björg með ósköpum.

Sú margumtalaða „útrás“ íslenskra fésýslumanna er ferli af þessu klassíska dæmi. Spurja má hvar vagga þessa tiltækis stóð, en endalokunum er auðvelt að finna stað. Að mörgu leyti finnst mér rétt að miða upphafið við málflutning samtaka iðnrekenda haustið 1987, þegar talsmenn þeirra gerðu kröfu til þess að Íslendingar sæktu um aðild að Evrópubandalaginu og opnuðu þeim aðgang til þess að flytja fé sitt út á evrópskan fjármálamarkað. En fé sínu höfðu iðnrekendur safnað upp á haftatímum og urðu margir vel fjáðir. Þessi krafa íslenskra auðmanna var uppfyllt með samningi um e.k. aukaaðild að Evrópusambandinu 1993 og kallað „Evrópska efnahagssvæðið“, EES. Allt átti þetta að verða íslenskri þjóð til efnalegrar farsældar og frægðar í útlöndum, en hefur nú endað í gengisfalli, fjármálakreppu, bankahruni, ofurháum ríkisábyrgðum, sárum áhyggjum og kvíða fólks heima fyrir, en vantrausti og háði erlendis.

En nú vendi ég kvæði mínu í kross. Þegar öllu er á botninn hvolft eru Íslendingar hvorki hálegri né ærulausari en ýmsar aðrar þjóðir, sem hrjáðar eru af kreppu og bankahruni. Útrásar- og útþenslukapitalismi heimsbyggðarinnar, knúinn af girndum og


INGVAR GÍSLASON

fégræðgi, er vitaskuld fyrirmynd íslenskra hugmyndasmiða um nýtískulegt íslenskt hagkerfi. Íslenskir stjórnmálamenn, fésýslumenn og allt eins talsmenn launþegasamtaka eru hugfangnir af afrekum heimskapitalismans. Skýrast kemur þessi tröllatrú á auðvaldið fram í ákefð ýmissa stjórnmálamanna (úr öllum stjórnmálaflokkum að kalla) og forustumanna atvinnurekenda og launþega að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu. Aukaaðildin (EES) nægir þeim ekki. Þessir menn eru blindir á þá staðreynd að Evrópusambandið er bandaríkjasamsteypa og krefst fullveldisafsals aðildarríkjanna því nánari sem tengslin eru.

En eftir hverju eru menn að sækjast?

Kapitalismi Evrópusambandsins og Bandaríkja Norður-Ameríku rorrar á óstyrkum grunni. Þar hrynja gamlir og grónir bankar og virtar fjármálastofnanir. Kreppan breiðist út um allan heim. Enginn heimshluti er ósnortinn af kreppunni. Og færa má til sanns vegar að hrun íslensku bankanna er í fullu samræmi við heimskreppuna. Íslenska útrásin, sem ætlaði að efla sig og lifa um eilífð í faðmlögum við heimskapitalismann varð fyrir þeirri tragisku raun að falla fyrir skollanum Hubris, hrokanum í sínum eigin hug.

Ég fæ að vísu ekki séð að byggingameisturum skýjaborganna verði refsað að hegningarlögum. En þeir mættu fá sinn dóm í lýðræðislegum kosningum, þar sem því verður við komið.

*Höfundur er fyrrverandi ráðherra.*

# Opið bréf til forseta Íslands

**UMRÆÐAN**
Ástþór Magnússon skrifar um efnahagsmál

Hæstvirtur forseti,

Við lestur fréttatilkynningar frá forsetaembættinu í dag, slær að mér óhug að aðgerðir forseta Íslands í yfirstandandi hörmungum landsmanna takmarkist við kaffispjall hér innanlands.

Nú er þörf á tafarlausum og skilvirkum aðgerðum forseta og hann í krafti embættis síns hindri enn frekari mistök í efnahagsstjórninni.

Í bók minni Virkjum Bessastaði 1996 var spáð fyrir um algert hrun fjármálamarkaða og efnahagskerfis. Við tilkynningu um forsetaframboð mitt í Valhöll á Þingvöllum sagði ég Stjórnarráðið undir áhrifum huldumanna sem væru að arðræna og mergsjúga þjóðina. Ég vildi umboð þjóðarinnar að taka á þessu áður en hér væri sviðin jörð.

Síðastliðna tvo áratugi hefur hver spillingin elt aðra. Tilfærsla á gífurlegum verðmætum til kvótakónga og svo sala þeirra úr sjávarútvegi var upphafið á núverandi hruni. Þessi darraðardans mun endurtaka sig ef ekki er nú strax gripið í taumana og byggt upp varanlegt hagkerfi.


ÁSTÞÓR MAGNÚSSON

Nauðsynlegt er að leita nú til helstu hugsuða samtímans í fjármálum eins og George Soros, Warrens Buffet og annarra slíkra sérfræðinga um aðkomu þeirra að endurskipulagningu hagkerfis þjóðarinnar. Einnig þarf nú strax á meðan úr einhverjum verðmætum er að spila að laða hingað stórar erlendar bankastofnanir. Þetta er kaffispjallið sem nú ríður á.

Væri ekki ráð að forsetaembættið kæmi á fót vinnuhóp sem gengi í þessi mál? Ég er eins og ávallt tilbúinn að leggja mitt af mörkum til aðstoðar við að koma á samböndum.

*Nauðsynlegt er að leita nú til helstu hugsuða samtímans í fjármálum eins og George Soros, Warrens Buffet og annarra slíkra sérfræðinga um aðkomu þeirra að endurskipulagningu hagkerfis þjóðarinnar.*

Ég er þess fullviss að margir aðrir Íslendingar með alþjóðleg sambönd myndu einnig slást í slíkan hóp sé þess óskað.

Forseti gæti þurft að nota heimildir í lögum til að koma á tímabundinni utanþingsstjórn skipaða sérfræðingum til að tryggja að fagleg sjónarmið ráði ferðinni við uppbyggingu í stað flokkadrátta. Enda hlyti að vera léttir fyrir forsætisráðherra og seðlabankastjóra að geta tekið tímabundið frí frá völdum á meðan leyst er úr mestu óreiðunni sem því miður skapaðist í þeirra ráðherratíð. Þeir yrðu meiri menn fyrir vikið.

Að lokum bendi ég á gagnvirka netfundatækni sem ágætt tæki fyrir reglubundna fundi sem leyfir fjölmenna þátttöku almennings að heiman, frá fyrirtækjum eða kaffihúsum. Slíkt gæti verið skilvirkara til umræðna á breiðum grundvelli en einstök kaffiboð valin af handahófi.

*Höfundur er athafnamaður.*




MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Er prentverkið Svansmerkt?
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 15. október 2008 – 42. tölublað – 4. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir



**Forstjóri Fjármálaeftirlitsins**
Vill óbreytt þjóðfélagskerfi
4



**Útlönd**
Hruninu lokið?
5



**Agnar Hansson**
Frelsi, val og greiðslumiðlun
6

# Tólf ár þurrkuð úr Kauphöll Íslands

**Úrvalsvísitalan fór niður fyrir sjö hundruð stig í gær. Staðan er svipuð og á vordögum 1996. Forstjóri Kauphallarinnar segir fjárfesta þurfa að jafna sig líkt og eftir bylmingshögg.**

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Ég er ánægður með að hlutabréfamarkaður hélt þokkalega velli. En þetta eru blendnar tilfinningar," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Viðskipti með hlutabréf hófust í Kauphöllinni í gær eftir að hafa legið niðri í þrjá daga. Þegar viðskipti á hlutabréfamarkaði voru sett í salt á fimmtudag í síðustu viku stóð Úrvalsvísitalan í 2.991 stigi. Við upphaf viðskipta í gær lækkaði gengi hlutabréfa lítillega áður en fór að gefa í. Tæplega 39 prósenta fall Bakkavarar og rúmlega sautján prósenta fall Alfesca yfir daginn varð til þess að Úrvalsvísitalan féll um 5,84 prósent og endaði hún í 678 stigum. Þetta jafngildir 77 prósenta falli á tæpri viku.

Úrvalsvísitalan hefur ekki verið lægri síðan í byrjun apríl árið 1996.

Viðskipti með hlutabréf voru afar lítil, 165 talsins og nam heildarveltan tæpum 187 milljónum króna.

Hafa ber í huga að engin viðskipti voru með hlutabréf viðskiptabankanna þriggja, sem ríkið tók yfir í síðustu viku og núllstillti á markaði í gær. Í ofanálag hefur Nýi Landsbankinn óskað eftir afskráningu. Þá hafa enn engin viðskipti verið hafin á ný með hlutabréf Existu, Straums og Spron. Fjármálafyrirtækin voru langumsvifamest í Kauphöllinni áður en Fjármálaeftirlitið stöðvaði viðskipti með bréfin. Markaðsverðmæti bankanna nam 80 prósentum af heildarverðmæti skráðra félaga í Úrvalsvísitölunni og munar því verulega um brotthvarf þeirra. „Það er mikilvægt að viðskipti með hlutabréf þeirra hefjist sem allra fyrst," segir Þórður.



Helst hefði hann viljað halda hlutabréfamarkaði opnum þrátt fyrir hremmingar síðustu daga. Mikið þurfi til að loka honum í jafn langan tíma og raunin var. Hafi slíkt varla gerst erlendis nema vegna mikilla hamfara. Hlutabréfamarkaði í Bandaríkjunum var lokað í viku eftir hryðjuverkin í Bandaríkjunum 11. september árið 2001. Bresku kauphöllinni var lokað í byrjun síðasta mánaðar í heilan dag af tæknilegum ástæðum þegar kauphallarkerfið réð ekki við of mikla veltu með hlutabréf í mikilli uppsveiflu í kjölfar þjóðnýtingar bandarísku fasteignalánasjóðanna Fannie Mae og Freddie Mac.

Þórður segir erfitt að spá fyrir um þróun hlutabréfamarkaðar hér í kjölfar þess sem á undan er gengið. Markaðurinn muni nýta næstu daga til að endurmeta stöðuna. Félög sem eigi í miklum erlendum viðskiptum og með góða fjárhagsstöðu ættu að koma vel undan óveðrinu. „Þegar menn fá bylmingshögg þurfa þeir tíma til að ranka við sér," segir Þórður.

# Stundaglasið tæmdist með Glitni

**Líkur eru á að önnur afgreiðsla stjórnvalda á máli Glitnis en að leysa til sín 75 prósenta hlut hefðu veitt bönkunum svigrúm til að komast í skjól.**

Tjón vegna falls bankanna nemur að minnsta kosti 10 milljónum króna á hvern einasta landsmann, segir Ólafur Ísleifsson hagfræðingur í grein sem hann skrifar í Markaðinn. Hann segir tjón á mann líklega mun meira.

„Ætla má að beint tjón Íslendinga af þeim viðburðum sem hér hafa verið raktir hlaupi á þúsundum milljarða króna. Verðmæti hlutafjár bankanna nam um 800 milljörðum króna. Þar liggur þó aðeins hluti tjónsins," segir hann.

Ólafur leitast við að svara spurningunni um hvort hægt hefði verið að forða falli bankanna, en segir því tæpast verða svarað með vissu. „En líkindi má telja til þess að önnur afgreiðsla á máli Glitnis hefði gefið bönkunum svigrúm til að mæta lausafjárþurrðinni, hugsanlega nógu lengi til að komast í það skjól sem vænta má af samræmdum alþjóðlegum aðgerðum til stuðnings fjármálakerfinu," segir hann í greininni. „Kannski var þetta spurning um tvær eða þrjár vikur. Við því fæst ekki svar héðan af. Afgreiðslan á erindi Glitnis tæmdi stundaglasið."

Þá segir hann ekki þurfa að fara í neinar grafgötur um að staða Kaupþings, sem framan af voru ekki öll sund lokuð, hafi „breyst til hins verra að kvöldi þriðjudagsins 7. október þegar bankastjóri Seðlabankans lét í viðtali falla ummæli sem Richard Portes, prófessor við London Business School, segir hafa verið túlkuð svo að ríkissjóður myndi ekki efna skuldbindingar sínar gagnvart breskum sparifjáreigendum. Auk þess var ítrekað tekið fram að fyrirgreiðsla Seðlabankans við Kaupþing væri til mjög skamms tíma og þannig gefið til kynna að bankinn stæði afar tæpt. Daginn eftir lækkaði Moody's lánshæfiseinkunn ríkissjóðs um þrjú þrep, heilan flokk."

- óká / Sjá síðu 5

## Marel blæs til útboðs

„Það eru tækifæri á mörkuðum til innri vaxtar. Því ákváðum við í fyrradag að fara í útboð," segir Hörður Arnarson, forstjóri Marel Food Systems.



HÖRÐUR ARNARSON.

Stjórn fyrirtækisins nýtti heimild fyrir hlutafjárhækkun frá í vor og blés til lokaðs hlutafjárútboðs fyrir stofnanafjárfesta og bjóða tuttugu milljón hluti til sölu á genginu 70 til 72 krónur á hlut.

Meðalgengi bréfa í Marel Food Systems var 71,5 krónur á hlut í gær. Opnað var fyrir áskriftir í útboðinu klukkan ellefu í gærmorgun og stendur það til klukkan fjögur á morgun.

Hörður segir útboðið styrkja við fjárhag Marel Food Systems og auka viðskipti með hlutabréf þess. Fjárhagurinn er sterkur fyrir. Eiginfjárhlutfall nemur 32 prósentum og verður 34-35 prósent að útboði loknu. „Í ástandinu í dag er gott að hafa góðan aðgang að lausafé í rekstrinum," segir Hörður.

- jab

## SPRON starfar óbreytt áfram

Starfsemi SPRON verður óbreytt og unnið að endurskipulagningu og eflingu rekstursins með tilliti til langtímahagsmuna félagsins og gjörbreytts umhverfis fjármálafyrirtækja, að því er fram kemur í tilkynningu SPRON.

Þar segir jafnframt að forsendur fyrir sameiningu SPRON og Kaupþings séu brostnar eftir yfirtöku Fjármálaeftirlitsins á Kaupþingi.

- óká




## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Horfur batna** | Vextir á millibankamarkaði í heimnum fara lækkandi til marks um áhrif sameiginlegs átaks vestrænna ríkja til að létta þrýstingi af fjármálamörkuðum. Á þetta bendir CNNMoney.com, en í gær var fyrsti viðskiptadagur fjármálamarkaða í Bandaríkjunum eftir aðgerðirnar.

**Tryggja innstæður** | Innstæður banka í Hong Kong verða tryggðar að fullu fram til 2010 samkvæmt yfirlýsingu sem John Tsang, fjármálaráðherra þar, gaf út í gær. Þá verður settur upp neyðarsjóður fyrir fjármálakerfið þar, sem Tsang segir þó vera stöðugt, þrátt fyrir ólgu á alþjóðavísu, að því er AFP greinir frá.

**BNA fjárfestir** | Bandarísk stjórnvöld boðuðu í gær innspýtingu upp á 250 milljónir Bandaríkjadala í bankakerfi landsins. Henry M. Poulson, fjármálaráðherra Bandaríkjanna, segir peningana hugsaða til að aðstoða banka í nauðum við endurfjármögnun.



**Viðræðuhókt** | Viðræður flugvélaframleiðandans Boeing við samtök vélvirkja vegna verkfalls þeirra og krafna um aukið atvinnuöryggi sem hófust um helgina runnu út í sandinn í gær. Bloomberg segir daglegt tekjutap Boeing vegna verkfallsins nema 100 milljónum dala á dag.

**Fækkun hjá PepsiCo** | PepsiCo hefur boðað stórfelldan niðurskurð í mannahaldi. Samkvæmt Bloomberg munu allt að 3.300 manns missa vinnuna. Bréf félagsins féllu í kjölfarið um 14 prósent.

**Fleiri tala við IMF** | Tyrkir eiga í viðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) um að koma á svokölluðu viðbúnaðarsamkomulagi, án þess þó að niðurstaða sé í höfn. Þá á Serbía einnig í viðræðum við sjóðinn.

## GENGISÞRÓUN

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | -25,9% | -35,1% |
| Atorka | -0,3% | -63,1% |
| Bakkavör | -55,4% | -89,8% |
| Exista | -0,9% | -76,6% |
| Glitnir | -100,0% | -100,0% |
| Eimskipafélagið | -61,2% | -95,7% |
| Icelandair | -6,0% | -45,9% |
| Kaupþing | -100,0% | -100,0% |
| Landsbankinn | -100,0% | -100,0% |
| Marel | -1,3% | -30,3% |
| SPRON | -2,3% | -79,2% |
| Straumur | -0,0% | -53,1% |
| Össur | -1,1% | -14,7% |

*Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.*

# Smaug inn um dyr Landsbankans

Imon ehf., félag skráð á Magnús Ármann, keypti fjögurra prósenta hlut í Landsbankanum fyrir tæpa níu milljarða króna skömmu áður en skilanefnd tók yfir stjórn bankans á þriðjudag í síðustu viku.

Hvorki liggur fyrir af hverjum félagið keypti hlutina né hvernig greitt var fyrir þá og hvort féð hafi komið úr vasa Magnúsar. Ljóst er að hlutabréf bankans eru nú verðlaus. Mikil viðskipti voru með hlutabréf í Landsbankanum í Kauphöllinni helgina fyrir ríkisvæðinguna.

Heildarviðskiptin námu 11,3 milljörðum króna en af þeim námu utanþingsviðskipti 8,2 milljörðum. Eftir helgina voru bréf Landsbankans sett á athugunarlista Kauphallarinnar en núllstillt í gær og hefur bankinn farið fram á afskráningu.



**MAGNÚS ÁRMANN** Félag í eigu fjárfestisins Magnúsar Ármanns keypti hlutabréf fyrir níu milljarða króna í Landsbankanum rétt áður en ríkið tók hann yfir. MARKAÐURINN/TEITUR

Imon var í enda ágúst stærsti stofnfjáraðili Byrs með 7,7 prósenta hlut. Magnús Ármann var með umsvifamestu hluthöfum FL Group (nú Stoða) í gegnum félagið Materia Invest og var hann stjórnarmaður í félaginu um tíma. Hann situr nú meðal annars í stjórn 365, útgáfufélags Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Ekki náðist í Magnús Ármann við vinnslu fréttarinnar. **- jab**

# Vegvísi Landsbankans lokað

„Vegvísi Landsbankans hefur verið lokað í bili," segir Edda Rós Karlsdóttir.

Eftir yfirtöku ríkisins á Landsbankanum í síðustu viku og breytingar á starfsemi hans var greiningardeildin lögð niður. Deildin gaf Vegvísinn út en síðasta eintak hans leit dagsins ljós fyrir viku.

Edda Rós, sem verið hefur forstöðumaður greiningardeildarinnar síðastliðin fimm ár, segir óvíst hvað framtíðin beri í skauti sér. Sé ákvörðun um slíkt í höndum stjórnar Nýja Landsbanka Íslands. **- jab**

# Al-Thani hættur við

Sheikh Mohamed bin Khalifa Al-Thani, bróðir emírsins af Katar, hefur hætt við kaup á 12,6 prósenta hlut í Alfesca.

Kaupin voru tilkynnt seint í maí og fólu í sér að Al-Thani keypti nýtt hlutafé í fyrirtækinu fyrir tæpa 5,5 milljarða fyrir aðalfund félagsins í næstu viku. Al-Thani keypti fimm prósenta hlut í Kaupþingi fyrir mánuði fyrir 25 milljarða króna. Sá hlutur varð að engu eftir þjóðnýtingu bankans í síðustu viku.

Í tilkynningu Alfesca segir að ástæðan sé órói á fjármálamörkuðum, óvissa hér og mikil veiking krónunnar.

Greining Glitnis segir þetta slæm tíðindi fyrir Alfesca og íslenskan hlutabréfamarkað. Þetta komi ekki á óvart í ljósi þess sem gengið hafi á í Kauphöllinni.



**AL-THANI.**

Ljóst sé að krónan hafi verið erlendum fjárfestum fjandsamleg vegna þeirra miklu sveiflna sem hafi einkennt hana. Nauðsynlegt sé að fyrirtæki hér fái að skrá hlutafé sitt í erlendri mynt til að fýsilegra verði fyrir erlenda fjárfesta að kaupa í þeim. **- jab**

# Eignir í skjóli hjá Auði

„Umrótið hefur auðvitað áhrif á alla, en það hefur gengið vel hjá okkur. Okkur tókst að verja og ávaxta, eiginfé okkar og fé viðskiptavina," segir Halla Tómasdóttir, stjórnarformaður Auðar Capital. Halla segir þó að það geti reynst áskorun að finna góða fjárfestingarkosti ef gjaldeyrismarkaðir opnist ekki aftur.



**HALLA TÓMASDÓTTIR**

Auður Capital fékk starfsleyfi um mánaðamótin apríl-maí og hefur gengið mjög vel síðan þá. „Við sáum þá þegar að það voru mjög erfiðir tímar fram undan, bæði hér heima og erlendis, og vorum því mjög áhættumeðvituð. Við settum öryggi ofar ávöxtun," segir Halla.

„Við komum eignum okkar og viðskiptavina okkar í öruggt skjól, í ríkistryggða pappíra og gjaldeyri." Halla segir að Auður Capital hafi ekki verið með hlutabréf í fjármálafyrirtækjum, né keypt í verðbréfasjóðum, nema þeim sem voru „hundrað prósent öruggir".

Halla segir að það góða sem geti komið út úr svona tímum sé að fólk verði meðvitaðra um áhættu og leggi meiri áherslu á að skilja í hverju það er að fjárfesta, „en fólk hefur dálítið misst sjónar á því á undanförnum árum". **- msh**

# Hafa ekki fengið gjaldeyri í tíu daga

Innan sjávarútvegsins hafa fyrirtæki fundað um þá stöðu sem upp er komin vegna þess að gjaldeyrir skilar sér ekki til landsins. Samkvæmt heimildum Markaðarins standa þó enn vonir til þess að úr rætist á næstu dögum og greiðslur taki að skila sér milli landa. Að öðrum kosti sé líklegt að leitað verði annarra leiða, svo sem með stofnun reikninga í erlendum bönkum sem greiðslur geti farið í gegnum.

„Það er allt stopp og menn horfa bara í gaupnir sér. Við höfum ekki fengið gjaldeyri í 10 daga núna," segir Ólafur Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins Gunnvarar.

Í Vestmannaeyjum komst þó í gegn smágreiðsla. „Það duttu hér óvænt inn 20 milljón japönsk jen okkur til undrunar og ánægju," segir Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar. Þá upphæð segir hann fara beint í að borga af erlendum lánum sem séu að gjaldfalla á fyrirtækið. „Það skila sér hins vegar ekki allar greiðslur. Sumar vitum við ekkert hvar eru."



Eiríkur Tómasson, forstjóri Þorbjarnar Fiskaness í Grindavík, segist ekki hafa fengið peninga til landsins síðan í síðustu viku, en þó sé vitað um „töluverðar upphæðir" sem sendar hafi verið af stað. „Við erum bara að rekja þetta og koma á réttan stað í Seðlabankanum," segir hann og vonar að það styttist í að úr rætist. „Þangað til verða menn bara að anda rólega." **- óká**

# Ráðherra líst vel á sölu á Kaupþingi

## Viðskiptaráðherra ánægður með hugmyndir lífeyrissjóða um að kaupa starfsemi og rekstur Kaupþings. Stífir fundir.

**Ingimar Karl Helgason**
skrifar

„Það væri mikil og ljós birta í þessu öllu saman og ég vona svo sannarlega að þetta gangi hjá þeim," segir Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra.

Fram hefur komið að nokkrir stærstu lífeyrissjóðir landsins hafa sýnt því áhuga að kaupa starfsemi og eignir Kaupþings. Björgvin segir gríðarlega mikilvægt að reyna að koma málum svo fyrir að „ríkið sitji ekki með alla stóru bankana þrjá í fanginu, heldur væri hérna einn einkarekinn banki áfram".

Viðskiptaráðherra var ekki kunnugt um að formlegt tilboð hefði verið lagt inn til skilanefndar Kaupþings um hádegið í gær. Ekki náðist í Finn Sveinbjörnsson skilanefndarformann síðdegis.

Þá voru margir fundir um málið í gangi. Menn sem Markaðurinn náði tali af sögðu að ganga þyrfti frá mörgum lausum endum áður en nokkuð yrði tilkynnt. Óvíst var um stöðu formlegra viðræðna eða tilboðs þegar Markaðurinn fór í prentun.

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins sem er sett yfir skilanefndina, vildi fátt segja um málið í gær. „Ég get því miður ekki tjáð mig um það á þessi stigi. En við munum að sjálfsögðu gefa upplýsingar um leið og við getum."



**HÖFUÐSTÖÐVAR KAUPÞINGS Í BORGARTÚNI** Rætt er um að lífeyrissjóðirnir kunni að eignast 51 prósents hlut í Kaupþingi, en ótilgreindir fjárfestar það sem eftir stendur. MARKAÐURINN/GVA

Fram kom í Fréttablaðinu í gær að lífeyrissjóðirnir myndu eignast 51 prósents hlut í bankanum, en ótilgreindir fjárfestar afganginn.

Samkvæmt fyrirtækjaskrá er búið að stofna Nýja Glitni og Nýja Landsbanka. Nýja Kaupþing hefur ekki verið stofnað, ef marka má fyrirtækjaskrá og Lögbirtingablað síðdegis í gær.

Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna hefur sagt að ganga þyrfti frá kaupunum áður en nýr banki yrði stofnaður. Hugmyndin væri að kaupa innlendan hluta Kaupþings og að einhverju leyti erlendan hluta.

Lífeyrissjóðir sem hlut eiga að máli eru Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Gildi, Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins og Stafir.

„Ég held að það deili enginn um það að Kaupþing hafi verið með vel rekna bankaþjónustu. Í mínum huga er það ekkert slæm framtíðarsýn að hér sé rekinn traustur ríkisbanki og við hans hlið traustur markaðsbanki," segir Ögmundur Jónasson, formaður BSRB og varaformaður stjórnar LSR.

# Kurl komist til grafar í kreppunni

„Þetta ætti að vera þeim mun mikilvægara nú í kreppunni, því nú ættum við að nýta verðmæti n sem til staðar eru," segir Guðjón Helgi Ólafsson, eigandi Græna drekans, sem sérhæfir sig í skógarhöggi. Hann telur hægt að hafa mun meiri nytjar af innlendum skógum og að í landinu sé þegar til staðar ónýttur vélakostur til stórfellds skógarhöggs. Eftirspurn sé eftir innlendu trjákurli.

„Forsvarsmenn Járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga vilja kaupa allt að 10.000 rúmmetrum af trjákurli, frekar en að flytja það inn," segir Guðjón, og bendir á að af þessu hlytist mikill gjaldeyrissparnaður í ljósi þess að 10.000 kurl kostuðu fyrir gengisfallið 25 milljónir króna.

Þá standi dýr skógræktarvél, sérhönnuð fyrir íslenskar aðstæður, ónotuð. „Þegar vélin var keypt sagði skógræktin að það þyrfti að grisja að minnsta kosti 100 hektara á ári, en grisjunin hefur verið innan við 10 hektarar."



**GUÐJÓN HELGI ÓLAFSSON** Guðjón er eigandi Græna drekans sem annast meðal annars landgræðslu. Í bakgrunni er gróðursetningarvél. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Guðjón segir grisjaða skóga betri til útivistar. „Og svo myndast líka verðmæti ef trjákurlið er framleitt hér. Það er ekki sniðugt að gera ekki neitt. Þá fara verðmæti til spillis." **- msh**




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

# Eigum að reyna að halda *þjóðfélagskerfinu óbreyttu*

Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, segir auðvelt að vera vitur eftir á, en nú hafi fárviðri gengið yfir heimshagkerfið. Efnislega hafi engin ástæða verið til þess að takmarka starfsemi útibúa íslenskra banka erlendis. Ingimar Karl Helgason hitti hann að máli og fékk meðal annars að heyra þá skoðun Jónasar að læra eigi af reynslu annarra Norðurlandaríkja.



**FORSTJÓRI FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS** Jónas Fr. Jónsson segir að horfa eigi til annarra norrænna ríkja sem einnig hafa gengið í gegnum fjármálakreppu, og tókst að halda þjóðfélagskerfi sínu óbreyttu. „Það verðum við að reyna að gera líka." MARKAÐURINN/GVA

Það er alltaf auðvelt að vera vitur eftir á," segir Jónas Fr. Jónsson forstjóri Fjármálaeftirlitsins.

Markaðurinn kom við hjá honum eftir hádegið í gær.

**EFNAHAGSLEGUR JARÐSKJÁLFTI**

„Ég held að við höfum sinnt því hlutverki sem við höfum, að gæta að lögum og reglum. Við erum í raun og veru að sjá hreinar náttúruhamfarir, jarðskjálfta í efnahagskerfi heimsins. Við erum að sjá að bankar í löndum í kringum okkur, Bandaríkjunum, Bretlandi, Danmörku, Þýskalandi, hafa verið að riða til falls. Þjóðir hafa verið að setja fram stóra björgunarpakka. Þjóðir hafa komið inn í banka. Helstu iðnríki heims eru að boða sérstakar aðgerðir í heiminum, fyrir fjármálakerfið. Þannig að ég held að það sem við erum að horfa á sé alþjóðlegt vandamál sem kemur upp. Þetta er vandamál sem við sjáum í öðrum löndum. Það sem er kannski munurinn fyrir okkur er sá að bankageirinn var orðinn stór hluti af landsframleiðslu. Hann var með mikla starfsemi erlendis og þurfti þar af leiðandi aðgengi að erlendri mynt í sinni lausafjárstýringu og þegar hamfarirnar urðu hvað mestar, núna upp úr miðjum september, þá hægt og bítandi lokaðist á og þornuðu lindir sem menn áttu hreinlega ekki von á að myndi gerast."

**ÁLAGSPRÓFIN RÉTT**

*Nú gerir Fjármálaeftirlitið álagspróf, seinast í sumar og allt virtist í lagi. Er ekkert að marka þessi próf?*

„Álagsprófin eru ákveðin sviðsmynd sem sett er upp. Það álagspróf sem við höfum birt er að mæla áhrif tiltekinna áfalla á eiginfjárstöðu bankanna. Við getum sagt svona í einfaldri mynd, tapþol þeirra, og þá var miðað við uppgjör þeirra um mitt ár og þeir stóðust það ágætlega. Við bentum reyndar á að það kynni að vera ágætt að þeir myndu auka eigið fé sitt líka. Kjarninn er ekki sá að bankarnir hafi lent í þeim vandræðum að tapa miklu á fjárfestingum eða í starfseminni sinni, heldur að þeir verða fyrir barðinu á þessari lausafjárkrísu þegar hún verður hvað dýpst."

**LÖGGJAFINN EKKI OF SEINN**

*Í seinustu ársskýrslu embættisins var fjallað um íslenska starfsemi erlendis og hugmyndir um að stofna starfsstöð erlendis. Var þetta ekki of seint?*

„Það held ég nú ekki. Við höfum verið að skoða það og líka stofnun svokallaðra samráðseftirlita með öðrum eftirlitum. En auðvitað voru þetta aðrir tímar og nú þurfum við að endurskoða þær áætlanir. Það er alveg ljóst að starfsemi íslensku fyrirtækjanna verður ekki jafn mikil erlendis. Þetta verður fyrst og fremst bundið við innlenda viðskiptabankastarfsemi."

*Þú ræddir einnig um að þið hefðuð nýlega fengið auknar heimildir. Var löggjafinn of seinn að bregðast við breyttum aðstæðum?*

„Það held ég ekki. Við vorum bæði að fá auknar heimildir og auknar fjárveitingar og mannskap. Það sem við sjáum eru í raun og veru afleiðingar af alþjóðlegri krísu. Auðvitað veit maður það aldrei og það er afskaplega erfitt að útiloka nokkuð, eða segja hvað hefði getað orðið. En ég held að það sé ekki rétt að týna sér í slíku. Auðvitað getur maður sagt eftir á að auknar heimildir til inngripa hefðu kannski hjálpað, en það er ómögulegt að segja. Hins vegar er alveg ljóst og um það er mikil alþjóðleg umræða, að það þarf að endurskoða ýmsar reglur varðandi alþjóðlega fjármálakerfið. Þetta er þessi sama alþjóðlega nálgun sem við erum að sjá."

**BANKARNIR MÁTTU VINNA HRAÐAR**

*Fárviðri segir þú, en voru ekki óveðursskýin byrjuð að hrannast upp við sjóndeildarhring fyrir fjórtán mánuðum. Hefðu bankarnir ekki átt að sjá þetta fyrir, vitandi að bakland gagnvart seðlabanka hér er ekki það sama og búast má við annars staðar?*

„Auðvitað hvílir ábyrgðin á rekstri einstakra fyrirtækja alltaf á stjórnendum þeirra. Og ég held að þeir hafi verið að vinna vinnuna sína og í sjálfu sér gert það alveg ágætlega. En eins og ég segi, þegar ríður yfir þig svona fárviðri er fátt um varnir. Það sem kannski helst hefði verið að og við kölluðum eftir opinberlega, var að þeir minnkuðu efnahagsreikninginn sinn og seldu eignir. Það hefði mátt vinna hraðar."

*Nú hafið þið með höndum, eða höfðuð, beina eftirlitsskyldu með starfsemi útibúa íslenskra banka erlendis. Um mitt síðasta ár voru innlán í bönkunum þar orðin helmingur allra innlána, komin yfir þúsund milljarða króna. Kviknuðu engin viðvörunarljós hjá ykkur?*

„Þú sérð líka hvað ég sagði þá í ræðu, að innlánum fylgir líka áhætta, þau geta runnið jafn hratt út og þau koma inn. Og eins og hefur komið fram þá unnum við í því frá því snemma á þessu ári, að fá útibúi Landsbankans breytt yfir í dótturfélag, en það var ekki komin niðurstaða í það mál, því miður, þegar þetta ástand dundi yfir."

*Hvernig hefur eftirlitsskyldunni verið háttað gagnvart dótturfélögum og útibúum erlendis?*

„Dótturfélög eru undir eftirliti annars staðar. Útibú eru undir heimaríkiseftirliti, nema hvað varðar lausafjáráhættu í útibúinu, hún er hjá gistiríkinu. Það sem við höfum gert er að safna upplýsingum. Við höfum líka farið í vettvangsheimsókn í útibú erlendis. Hingað til hefur hins vegar starfsemi í útibúum erlendis verið takmörkuð."

*Hefur Fjármálaeftirlitið kortlagt notkun Icesave-reikninga?*

„Ég get ekki beinlínis farið út í það. Þetta er náttúrulega ein tegund fjármögnunar hjá bankanum, þannig að þetta hefur farið í almennan rekstur hjá bankanum."

**ENGIN ÁSTÆÐA VAR TIL AÐ LOKA ICESAVE**

*Er ódýrara og fljótlegra að stofna útibú heldur en dótturfélag erlendis? Skýrir það hvers vegna Icesave var í útibúi? Er sjálfgefið að íslenskur banki fái að stofna útibú erlendis? Var þetta Icesave ef til vill bara til reynslu?*

„Sú ákvörðun hvort fjármálafyrirtæki sem starfar á Evrópska efnahagssvæðinu hyggist stofna útibú eða dótturfélag í öðru landi, er viðskiptalegar ákvarðanir sem stjórnendur fjármálafyrirtækis taka ákvörðun um. Fjármálafyrirtæki hafa því frelsi til að velja hvaða form þau hyggjast stunda starfsemi sína í. Það er því rétt að beina spurningum þínum um viðskiptalegar ákvarðanir til stjórnenda Landsbanka Íslands hf.

Í fjórðu málsgrein 36. greinar laga um fjármálafyrirtæki nr. 161 frá 2002, kemur fram að Fjármálaeftirlitið getur bannað stofnun útibús samkvæmt fyrstu málsgrein greinarinnar ef það hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða hlutaðeigandi fjármálafyrirtækis sé ekki nægilega traust. Heimild til að banna stofnun útibús getur því aðeins komið til ef Fjármálaeftirlitið hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun eða fjárhagsstaða fjármálafyrirtækis í heild sinni sé ekki traust eða tilkynning um opnun útibús berst eftirlitinu.

Ef Fjármálaeftirlitið hefur réttmæta ástæðu til að ætla að stjórnun og fjárhagsstaða sé ekki traust kemur möguleg til afturköllunar á starfsleyfi fjármálafyrirtækisins í heild sinni eða hluta með vísan til 9. greinar laganna um afturköllun starfsleyfis. Eftir að útibú hefur tekið til starfa hefur Fjármálaeftirlitið ekki lagaleg úrræði til að breyta starfsemi nema í samráði við viðeigandi fjármálafyrirtæki og yfirvöld í viðkomandi ríki. Ekkert kom fram sem veitti Fjármálaeftirlitinu ástæðu til að afturkalla starfsleyfi Landsbankans. Eins og fram kemur hér að ofan hafa fjármálafyrirtæki frjálsar hendur um það hvernig þau vilja haga erlendri starfsemi sinni, það er hvort þau vilja hafa starfsemina í útibúi eða dótturfélagi, á grundvelli samevrópskrar löggjafar."

**MIKIL VINNA**

Jónas segir að lokum að efnahagsskjálftinn skilji eftir mikið tjón sem fólk þurfi að vinna úr saman. Hann ber lof á samstarfsfólk sitt í Fjármálaeftirlitinu og aðra sem lagt hafa hönd á plóginn. Hann bætir loks við: „Við megum ekki gleyma því að aðrar þjóðir eru að ganga í gegnum svipaða erfiðleika. Og aðrar þjóðir hafa líka gengið í gegnum erfiðleika. Það er kannski skemmst að minnast annarra Norðurlanda. Þau fóru í gegnum mjög erfiða fjármálakrísu í upphafi tíunda áratugarins og þau náðu með samstilltu átaki að koma sér út úr henni og halda í raun og veru sínu þjóðfélagskerfi óbreyttu. Og það er auðvitað það sem ég held að við eigum að líta til sem fyrirmyndar og horfa á það að þetta tókst þeim og það verðum við að reyna að gera líka."

**Hæðarstillanleg skrifborð**






kr. 77.900





www.hirzlan.is

**Hirzlan**

Smiðsbúð 6 210 Garðabæ Sími 564 5040



# ;ALLT

**ÞEIR SEM VILJA LESA** sér til um ástand fjallvega geta gert það á vefsíðunni www.vegagerd.is. Þar er að finna upplýsingar um umferð og færð um land allt, framkvæmdir, slysatíðni, skýrslur um umferðaröryggismál, skipulagða viðburði sem Vegagerðin stendur fyrir og margt fleira.



**Sölufulltrúar** Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447


# Búdapest

## 23. október

## frá kr. 29.990

**Ótrúlegt sértilboð**
Frábær gisting
Hotel Novotel Centrum
* * * *



### *Frábær sértilboð – einstök helgarferð!*

Heimsferðir bjóða frábært sértilboð á síðustu sætunum til Búdapest 23. október. Bjóðum ótrúlegt sértilboð á gistingu á Hotel Novotel Centrum sem er gott og mjög vel staðsett fjögurra stjörnu hótel. Búdapest er ein fegursta borg Evrópu og haustið er einstakur tími til að heimsækja borgina. Fararstjórar Heimsferða gjörþekkja borgina og kynna þér sögu hennar og heillandi menningu. Búdapest býður einstakt mannlíf, menningu og skemmtun að ógleymdri getrisni Ungverja auk frábærra veitinga- og skemmtistaða. Þetta eru síðustu lausu sætin til Búdapest í haust

Verð kr. **29.990**
Netverð á mann. Flugsæti báðar leiðir með sköttum.

Verð kr. **44.990**
**– helgarferð**
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi í 3 nætur á Hotel Novotel Centrum **** með morgunmat. Sértilboð 23. október. Aukagjald fyrir einbýli kr. 14.000.

**Heimsferðir**

**Skógarhlíð 18 • sími 595 1000**
**Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is**

Ferðaskrifstofa
Leyfishafi Ferðamálastofu

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.




Ragnar segir fátt jafnast á við það að aka um ísinn á hundasleða. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Hugsar skýrt innan um borgarísjaka á Grænlandi

**Umvafinn mikilfenglegum borgarísjökum með tindrandi stjörnuhimin yfir höfði sér hugsar ljósmyndarinn Ragnar Axelsson skýrt. Hann gerir sér auk þess grein fyrir smæð sinni í hinu stóra samhengi.**

Ljósmyndarinn Ragnar Axelsson hefur síðastliðna tvo áratugi farið í fjölmargar ferðir til Grænlands og dvalið þar með veiðimönnum úti á ísnum umkringdur borgarísjökum. Hann segir ekkert jafnast á við það.

„Ég hef stundum verið vikum saman úti á ísnum og þegar ég kem heim ætla ég mér aldrei að fara aftur. Svo líður vika og þetta fer að toga í mig á ný,“ segir Ragnar. „Ef maður hugsar einhvern tímann þá er það þarna. Maður gerir sér líka grein fyrir því hversu lítil manneskjan er þegar horft er upp í stjörnurnar í 40 stiga frosti innan um ísjakana.“

Ragnar segir sér stundum líða eins og milljarðamæringi þegar hann mænir upp í stjörnuhimininn. „Ég hef líka áttað mig á því hvað það er sem skiptir máli og hversu smávægileg vandamál mannsins eru í hinu stóra samhengi. Þótt kreppi að núna heldur lífið áfram og lóan kemur næsta vor.“

Ragnar segist stundum hafa það á tilfinningunni þegar hann kemur heim úr ferðum sínum að fólk keyri bara um í endalausa, tilgangslausa hringi. „Ég er þó fljótur að falla inn í sama farið en þetta er mjög góð aðferð til að kúpla sig út.“

Ragnar hefur verið að vinna að bók um Norðurheimskautið. „Ég mynda líf fólksins og umhverfið sem er að breytast í kringum það en vinnuheiti bókarinnar sem kemur út næsta haust er Last days of the Arctic. *vera@frettabladid.is*


# Hjálpaðu umhverfinu með Blaðberanum

**Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.**



**Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið**

**HÓPFERÐIR** skipuleggja skoðunarferðir um Reykjavík, hringferðir um landið, ferðir í leikhús og á íþróttaviðburði, skólaferðalög, helgarferðir og margt fleira. Fyrirtækið reynir að gera sitt besta til að mæta kröfum hvers og eins. Nánar á www.hopferdir.is.



;ALLT HEIMILI

Mánudaga og fimmtudaga

Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið

# Gengið á Grænafell

**Víða verður hægt að njóta útivistar um helgina og tilvalið að reima á sig gönguskóna. Gengið verður á Grænafell um helgina.**

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs stendur fyrir gönguferð á Grænafell sunnudaginn 19. október. Áhugasamir skulu mæta við Upplýsingamiðstöðina á Egilsstöðum klukkan 10.

Áætlað er að gangan taki um fjórar klukkustundir, en um tvo tíma tekur að ná toppnum. Gönguleiðin er sérstaklega falleg upp fellið og útsýnið yfir Reyðarfjörð þegar upp er komið stórkostlegt að sögn kunnugra.

Allir eru velkomnir í gönguferðina en þátttökugjald er 500 krónur.

Nánar má kynna sér Ferðafélag Fljótsdalshéraðs á heimasíðunni, www.fljotsdalsherad.is/ferdafelag. *- rat*



Víða verður hægt að njóta útivistar um helgina. NORDICPHOTOS/GETTY



Slakað á í Strútslaug. MYND/STEINAR FRÍMANNSSON

# Vetri fagnað á fjöllum

**Fyrsti vetrardagur er rétt handan við hornið og farið er að kólna í veðri. Haustin eru fallegur tími til að ferðast til fjalla.**

Ferðafélagið Útivist stendur fyrir haust- og vetrarferð á hálendið dagana 17. til 19. október. Gist verður í skálanum við Strút.

Eins og segir á heimasíðu Útivistar um ferðina er haustið tími uppskeru og villibráðar en notalegt sé einnig að dvelja á fjöllum í haustkyrrðinni.

Á laugardagskvöld verður vetrinum fagnað og efnt til hlaðborðs þar sem haustið verður þemað en þátttakendur koma með matinn. Alla dagana verða farnar gönguferðir um nágrenni skálans en meðal áhugaverðra staða í nágrenninu eru Strútslaug, Rauðbotnar og Hólmsárlón. Skálinn við Strút var byggður haustið 2002 og tekur allt að 26 gesti.

Áhugasamir geta forvitnast um ferðina á heimasíðu Útivistar, www.utivist.is, eða sett sig í samband við félagið. *- rat*

Eignatorg



Björgvin Guðjónsson
Löggiltur fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali



Guðrún Hulda Ólafsdóttir, hdl.



Svavar Friðriksson
Sölufulltrúi.

Los Faros de Panama

Ein stærsta íbúðabygging í heimi - 346 metrar á hæð

LOS FAROS DE PANAMA

Los Faros de Panama:

- Ein stærsta íbúðabygging í heimi - 346 metrar á hæð
- Verður eitt aðal kennileiti Panamaborgar
- 2ja-, 3ja-, 4ra- og 5 herbergja íbúðir
- Stæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum
- Útsýni yfir borgina og Panamaskurðinn
- 30.000 fm verslunarmiðstöð í húsinu
- VIP íbúðir á efstu hæðunum ásamt „sky lobby"
- 5 stjörnu hótel
- Casino
- Ráðstefnuaðstaða
- Þyrlupallur
- John Hopkins sjúkrahúsið í sömu götu
- 60.000 fm verslunarmiðstöð í næsta húsi
- 10 mínútna akstur á alþjóðaflugvöll
- Verð íbúðanna á eftir að hækka þrisvar sinnum um 10% á byggingartímanum, næsta hækkun er hinn 15. desember n.k. Hér er um mjög áhugaverða fjárfestingu að ræða í landi sem býr við mikinn hagvöxt




Panama - Land tækifæranna!

- Lýðræðislega kjörin ríkisstjórn og forseti
- Bandaríkjadalur er gjaldmiðill Panama
- Stöðugt efnahagslíf - lág verðbólga
- Mikill hagvöxtur (10,5% árið 2007)
- Stöðugar og vaxandi tekjur af Panamaskurðinum
- Annað stærsta fríverslunarsvæði heims
- Hagkvæmt skattaumhverfi
- Panamaborg - Fjármálamiðstöð mið- og suður Ameríku
- Heilbrigðisþjónusta á heimsmælikvarða
- Verðlag afar hagstætt - nýtískulegar verslunarmiðstöðvar
- Hitabeltisloftslag - meðal hiti um 27°C allt árið
- Panama er laust við náttúruhamfarir eins og jarðskjálfta og fellibylji
- Landið er öruggt og heimamenn vinalegir
- Bestu golfvellir í latnesku Ameríku
- Einstakt dýralíf og náttúrufegurð
- Góðar strendur í námunda við borgina
- Panama valið eitt af fjórum bestu löndum í heimi fyrir eldri borgara skv. The American Retirement Association

ATH. Til greina kemur að taka fasteignir á Spáni upp í hluta kaupverðs!!!

Sóleyjargata 17, 101 Reykjavík • Símar 510-3500 / 615-1020 / 698-1834 • E-mail: eignatorg@eignatorg.is • www.eignatorg.is



**AMG AUKARAF** í Kópavogi er eitt þeirra fyrirtækja sem selur fjarskiptabúnað og annast ísetningu á aukarafbúnaði í bifreiðar. Má þar nefna búnað eins og talstöðvar, símabúnað ýmiss konar og gps-tæki sem koma sér til dæmis vel í jeppaferðum um hálendið.

# Á leið á suðurskautið

**Ísbreiður suðurskautsins bíða ævintýramannanna Hjalta Hjaltasonar verkefnastjóra og Gísla Jónssonar tæknistjóra hjá Arctic Trucks. Þeir munu aka þar um á breyttum Toyota Hilux-bílum sem fara í skip í dag.**



Hjalti var í þann veginn að kveðja um sinn tvo af væntanlegum fararskjótum sem fyrirtækið Arctic Trucks hefur gert ferðbúna á Suðurskautslandið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Við sérútbjuggum fjóra bíla og fjórar kerrur og sú vinna hefur staðið yfir í nokkra mánuði. Bílunum hefur öllum verið breytt fyrir 44 tommu dekk,“ segir Hjalti Hjaltason sem ásamt starfsfólki Arctics Trucks undirbýr leiðangur um Suðurskautslandið á vegum South Pole Race 2008, fyrstu gönguskíðakeppninnar á svæðinu.

Tveir bílanna og allar kerrurnar fara í skip í dag áleiðis til Höfðaborgar í Suður-Afríku. Hjalti og Gísli munu fljúga til Suðurskautslandsins 1. desember og verða þar í átján daga áður en keppendurnir og seinni tveir bílarnir koma. Þeir eru einir Íslendinga í þessu ævintýri en hvert er erindið? „Við byrjum með að kanna leiðir upp á hájökulinn og reyna að koma eldsneyti sem víðast með fram væntanlegri gönguleið sem nær um 2.500 kílómetra inn á ísbreiðuna. Síðan munum við þjónusta keppendur og kvikmyndatökufólk frá BBC,“ lýsir Hjalti.

Um glænýja Toyota-bíla er að ræða en þeir munu ekki koma til baka því leiðangurstjórinn hefur selt þá rússneskri rannsóknarstöð á Suðurskautslandinu að sögn Hjalta. Hvað um hreint land, fagurt land? „Það eru fjölmargar þjóðir með verkefni á svæðinu og mikið magn af tækjum. Okkar bílar uppfylla ströngustu mengunarlöggjöf í heimi og þeir eyða miklu minna eldsneyti en ef það ætti að keyra sömu þyngd á snjóbíl eða snjósleðum. Í upphafi áttu að vera margir snjósleðar með gönguskíðaleiðangrinum og bara tveir bílar. En við útreikninga kom í ljós að það borgaði sig að sleppa snjósleðunum og fjölga bílunum.“

Hjalti ætlar að sofa í tjaldi á jöklinum frá 20. desember til 15. febrúar ef allt fer samkvæmt áætlun. „Það eru jól og áramót, fertugsafmæli og ein gifting í hópnum þannig að mikið verður um hátíðahöld,“ segir hann hlæjandi. En er hann vanur akstri á ís?

„Já. Margir Íslendingar hafa samt ferðast meira á jöklum en ég. Ég kem fyrst og fremst að þessu sökum tækniþekkingar á bifreiðunum.“ *gun@frettabladid.is*


Allt á einum stað
VETRARDEKK
HEILSÁRSDEKK
OLÍS SMURSTÖÐ
BÓN OG ÞVOTTUR
HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA
RAFGEYMAÞJÓNUSTA
BREMSUKLOSSAR
ALLT Á EINUM STAÐ
SMUR- BÓN OG DEKKJAÞJÓNUSTA
SÆTÚNI 4 • SÍMI 562 6066





HEILDARLAUSNIR Í DRIFSKÖFTUM





Landsins mesta úrval af hjöruliðum og drifskaftsvörum
Jafnvægisstillingar
FJALLABÍLAR
Stál og stansar ehf.
Vagnhöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 517 5000
PRENTSNIÐ



Opnunartilboð á vefnum
Jeppadekk.is – ný vefverslun
Allt að 25% afsláttur af nýjum jeppadekkjum!
BRIDGESTONE Firestone GT RADIAL MAXXIS BFGoodrich TOYO MICKEY THOMPSON

Jeppadekk.is - nýr vefur, meiri möguleikar

Við höfum opnað nýja verslun með jeppadekk á netinu.
Í fyrsta sinn er hægt að skoða úrval tegunda af jeppadekkjum á einum stað þegar þér hentar.
Fullkomin leitarvél, öll dekk verðmerkt.
Það nægir að slá inn skráningarnúmer bílsins og við finnum dekkin sem passa.
Einnig er hægt að leita eftir stærð, framleiðanda eða dekkjagerð.
Einfalt að bera saman dekk frá mörgum framleiðendum.
**Smelltu þér á Jeppadekk.is og finndu réttu dekkin núna!**





GT-Radial A/T
Bridgestone DMZ3 loftbóludekk
Maxxis Bighorn M/T

AF HVERJU JEPPADEKK.IS?
- Úrval vörumerkja á einum stað
- Auðvelt að finna réttu dekkin
- Stærðir upp í 38"
- Vetrar- og heilsársdekk fyrir flesta jeppa og jepplinga
- Hagstætt verð
- Skoðaðu úrvalið þegar þér hentar.
- Öruggur verslunarmáti; þú verslar á netinu eða sendir okkur pöntun af vefnum.

VIÐ SJÁUM UM MÁLIN ALLA LEIÐ!
- Míkróskerum
- Neglum
- Hjólbarðaþjónusta í Reykjavík og á Akureyri

Opnunartilboð
25% af öllum M/T dekkjum frá GT-Radial og Maxxis
15% af öllum öðrum jeppadekkjum
20% af umfelgun á jeppum þegar keypt eru ný dekk
Tilboð gilda til 20. október ef verslað er á vefnum.
JEPPADEKK.is
VISA MasterCard

## Önnur þjónusta




## KEYPT & SELT

## Til sölu



**stubbahus.is**
Stubbahúsin f. utanhúss reykingar. 3 stærðir á vegg og standur. Pöntunars. 555 6200. stubbahus.is

visir.is
„...ég sá það á vísi"



**Stubbastandar**
Burt með sóðaskapinn!Utanhúss öskubakkar,bæði standar og á vegg. Standur ehf. S. 842 2535 stubbastandur@gmail.com

Til sölu fallegur og góður svefnsófi. Verð 8000 Uppl. í s. 690 2084 & 587 2084.

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Frystiskápur 175 cm á 12 þ. Eldavél á 8þ. Bakaraofn á 5 þ. 20" TV m. VHS á 10þ. 28" Tv á 10þ. Gasískápur á 15þ. Gasgrill á 5þ. Þvottavél á 12þ. Bílahátalarar á 5 þ. Barstólar á 2þ. Uppþvottavél á 10þ. Þurrkari á 10þ. Hornbarskápur á 5þ. Rúm á 5 þ. Barnakerra á 1þ. Glerborð á 5þ. Tölvuborð á 5þ. S. 896 8568.

**SKILTAGERÐ - verkstæði**
Einstakt tækifæri. Góð tæki, m.a. 165 cm prentari, 120 cm skurðarplotter, innréttingar, lager o.fl. til framl. á skiltum, límmerkingum, prentun ljósmynda á striga o.fl. Í leiguhúsnæði á góðum stað laus samn. V. 1950 þ. 500 þ. kr. kaupleigusamn. getur fylgt. S. 896 9789.

## Hljóðfæri




**Dúndurtilboð!**
Klassískur gítarpakki frá 12.900 kr. Þjóðlagagítar frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommusett frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

## Tölvur

BM Thinkpad A20m fartölva til sölu Winidows XP. Góð fyrir Word, Excel, PP, MSN. En ekki fyrir leiki. HD 5gb. Þráðlaust netkort. Verð 36.000.- Uppl. í síma 894 5265 ábyrgð í 60 daga.

## Til bygginga




**Óska eftir að kaupa notuð steypumót „Doka"eða sambærilegt 3ja m.langa 100 stk. einnig uppistöður 2"x4" lengd 3,90 óheflað ca.130 stk.**
**Upplýsingar í síma 897 1139.**

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

## Verslun







## Heildsala




## HEILSA

## Líkamsrækt




## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu fríán prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Betri lífsstíll aukin orka með Herbalife. Reynsla í heilsuráðgjöf. Kaupauki/prufur. www.heilsuval.topdiet.is Rannveig iðjuþjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

www.perform.is - Mesta úrval landsins af fæðubótarefnum.

## Nudd

Whole body massage Telepone 841 8529.

Ferðanuddbekkir 50.000, ferðasnyrtibekkir 40.000 st.gr. uppl. í S: 891 6447 Óli

**Nudd - Japanska baðið**
Skrúbb, heitur pottur, veitingar, ditox og margt fl. Alltaf opið. S. 823 8280

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

## SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



**SKARTGRIPANÁMSKEIÐ**
Silfurleir+ koparsláttur í Borgarnesi um helgina. Silfurleir í R.vík 25.-26. okt. Víravirki grunnnámsk. 30.10. Skráning í Handverkshúsinu Bolholti 4, S. 555 1212.

## Ökukennsla

**www.aksturinn.is**
**S. 694 9515**
Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

Aðstoða við endurtökupróf og akstursmat. Kenni allan daginn alla daga. Uppl. í s. 893 4515.

## HEIMILIÐ

## Heimilistæki

Ísskápur og frystikista óskast stærð skipti ekki máli. Uppl. í s. 840 0470.

## Dýrahald



Labrador hvolpar til sölu. Aðeins 2 eftir. hreinræktaðir en ekki ættbókafærðir. Af fyrra goti reynst sem veiði og heimilshundar. S. 462 7779 & 846 7387.

Mjög fallegir Chichuchua Hvolpar til sölu, heylsufsk. og Ættbók afhending 30-11. Ljúf og falleg jólagjöf sem kallar framm bros. 120.000. S. 894 3929.

## TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjonsson.ws & www.starplus.info

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

húsaleiga.is

Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

**www.heimkynni.is**
**Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax.**
**Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar www.heimkynni.is**

Long term rent Guesthouse Funahöfða 110 Rvk. / Dalshraun 220 Hfj. Tel 824 4530.

**Íbúðir til leigu**
Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða S. 517 3440.

Ný og glæsileg 97fm, 3.herb íbúð á Kirkjuvöllum 9 í Hfj laus frá 1.nóv. Bílst. í kjallara fylgir. V. 130þ/m. S. 897-6530

Litle house for rent. 86 þ. per month. Tel. 661 5219. Lítið hús til leigu. 86 þ. mán. Uppl. í s. 661 5219.

Rúmlega 40fm nýstandsett stúdíó íbúð til leigu á sv. 105. Leiga 98 þús + trygging. Uppl. í s. 849 6816.

50 fm 2 herb. íbúð í 200 Kóp. í fjölbýli. Garður, sér inng., geymsla. M/hita og rafm. og hússj. innifalið. Mjög rólegur staður. Með eða án húsgagna. V. 115 þ. a mán. Langtímaleiga. Laus strax. S. 698 2119. e. kl. 15.

Til leigu 2ja herb. íbúð m. húsgögnum í 108 rvk. V. 100 þús. uppl. í S. 847 0236.

Til leigu 165 m2 einbýli við Elliðavatn, stór garður og bílskúr. 2 stór svefnherbergi, 2 baðherbergi, heitipottur inni í garðhúsi. Leigist með eða án húsgagna. Laus fljótlega, s. 696 0730.

105 fm. 3 herb. íbúð á svæði 112 til leigu. 1 mán. fyrirfram + trygging 130þ. Uppl. imenn@imenn.is

30fm studio íb. á sv. 109. Laus, reykleysi og reglusemi skilyrði. Leiga 55þ m. rafm. og hita. S. 844 0541.

Til leigu gott stúdíóherb. í hfj. Gott baðherbergi og þvottaaðstaða. 50 þús. á mán. S. 898 0187.

Til leigu strax fyrir 60 ára + 2ja herb. íbúð í að minnsta kosti 1 ár. Reglusemi skilyrði. Uppl. í s. 551 3976 eða 561 4712 milli 18-20.

Ný 112fm 4.herb íbúð á Drekavöllum í Hfj laus frá 1.nóv. Verð 130þ kr + hússj. Uppl í síma 897-6530

Til leigu 4. herb. íbúð á Fálkagötu. Frábært útsýni. Laus. Uppl. í s. 691 8038.

60 fm 2 herb. íbúð til leigu í Bryggjuhverfi/Grafarvogi með bílskýli. Verð 120 þ. með hússj. Er laus. S. 861 4040.

Eitt herb. & Eldh. til leigu v. Barónsstíg. 55 þ. á mán. + hiti og rafm. Uppl. í s. 895 5730.

Herb. í 105 Rvk. Húsgögn fylgja. V. 45 þ. S. 895 0482.

3 herb. íbúð til leigu á góðum stað í Kóp. S. 898 9707.

Stór Stúdíóíbúð, 65 fm. í Mörkinni / Vogahv. V. 78 þ. Eldri en 25 ára, barnlaus. F. reglus. einstakl. S. 568 3600 & 898 7868 milli kl. 13-16.

65 fm íbúð til leigu í Kóp. Uppl. í s. 869 9964.

## Húsnæði óskast

4 herbergja íbúð óskast til leigu í Hafnarfirði á 100 þús. pr má.n eða 5 herbergja á 120 þús. pr mán. Uppl. í s. 897 2794.

## Sumarbústaðir

Sumahús til leigu í Brekkuskógi. Glæsilegt hús í alla staði.Heitur pottur. Sími 8410265

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu iðnaðar- og lagerhúsnæði í Hafnarfirði, stærðir frá 95 fm til 1000 fm. S. 822 4200 & 660 1060.

Til leigu snyrtilegt ca. 120 fm iðnaðarhúsnæði að Skemmuvegi í Kópavogi. Uppl. í s: 699 0778

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2, og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

## Þjónusta






### Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176 & 895 3176.

### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Eigum ennþá nokkur upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. ofl. í Borgarfirði. Gott verð. S. 663 2130.

### Geymsluhúsnæði
Upphitað húsnæði fyrir hjólhýsi, tajaldvagna, fellhýsi ofl. aðeins 100 km frá Rvk. Dæmi um verð fellihýsi 35þ. - hjólhýsi 70þ. - tjaldvagn 25þ. fyrir veturinn! S. 898 1990. & 894 4489.

**Vantar þig geymslu?**
**Þú geymir í gám við geymum gáminn...**
...í skemmri eða lengri tíma!



HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI
Hringhellu 6 • 221 Hafnarfirði
S. 535 2550 • www.hafnarbakki.is

## Gisting

### Gisting í Kaupmannahöf
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

## ATVINNA

## Atvinna í boði

**Skalli Vesturlandsvegi**
**Starfsfólk óskast í fullt starf.**
**Upplýsingar á staðnum.**

panorama restaurant

Panorama Veitingastaður. Nýr, spennandi og glæsilegur staður óskar eftir flottu og duglegu starfsfólki, þjónum, barþjónum, og aðstoð í sal og í eldhús. Umsóknir sendist á fb@centerhotels.is

### Trésmiðir
**Óska eftir að ráða smiði, vana timburhúsum. Þurfa að geta unnið sjálfstætt.**
**Uppl. í s. 893 3322. Þil ss, Byggingafélag.**

### HENDUR.IS
Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

### Stýrimann og vanan háseta
Stýrimann og vanan háseta vantar á Mörtu Ágústsdóttir frá Grindavík til netaveiða strax. Uppl. í s. 426 8286 & 894 2013.

### Spjalldömur óskast
Rauða Torgið leitar samstarfs við yndislegar spjalldömur. Nánari upplýsingar á vef okkar, www.raudatorgid.is

Vantar vélstjóra eða mann með sambærilega menntun til í vinnu á landi. S: 841-1360

### Grillhúsið
Óskar eftir þjónum í hlutastarf á kvöldin og um helgar. íslenskukunnátta skilyrði. Vinsamlegast hafið samband við Lindu í s. 697 6797 eða 562 3456.

Háseta vantar á 20 tonna bát sem rær frá Grundarfirði, húsnæði í boði. upplýsinga 892-9360

Óska eftir smið, nema eða verkamanni. Uppl. í s. 822 5899 eða gummi@imenn.is

Veitingahús í Hfj. óskar eftir þjóni öll virk hádegi, 2 virk kvöld og aðra hvora helgi. Íslenskukunnátta skilyrði. Uppl. í s. 822 5229.

## Atvinna óskast

### Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?
**Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Geta hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.**

### HENDUR.IS
Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

**Sjálfstæður smiður getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 770 0970.**

36 ára húsasmiður óskar eftir atvinnu. Hef víðtæka reynslu, ýmislegt kemur til greina. Uppl. í síma 868 5752.

## Til sölu

# MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

PLÁSS Á SJÓ! Óska eftir plássi á sjó. Er óreyndur en fljótur að læra. Sími 894 0509.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

### SÍMAÞJÓNUSTUR
**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6600 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

### 908 6666 Bláa línan
**Halló, ég er 26 ára gömul og er utan af landi. Mig langar að vita hvað þú getur kennt mér. Hef ekki mikla reynslu en langar að heyra í þér. Er við símann, enginn símsvari, engar tafir. Opið allan sólarhringinn. Öll stærstu símafyrirtækin ná í gegn.**

**Hringdu í síma**
# 512 50 60
**ef blaðið berst ekki**



# ;ALLT HEIMILI
Mánudaga og fimmtudaga

## Tilkynning

# Svanur Sigurbjörnsson
**sérfræðingur í almennum lyflækningum**
opnar hinn 15. október stofu í Læknasetrinu

# Hilma Hólm
**sérfræðingur í lyflækningum og hjartasjúkdómum**
opnar hinn 13. nóvember stofu í Læknasetrinu

Læknasetrið
Þönglabakka 1 og 6, 109 Reykjavík.
Tímapantanir í síma 535 7700

FÉLAGS- OG TRYGGINGAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Málþing um fjölskyldumál á Íslandi
***"Höfum við hagsmuni barna að leiðarljósi"***

**Mánudaginn 27. október 2008 á Grand Hóteli kl. 12.30-17.00**

**12.30** **Málþing sett**
Jóhanna Sigurðardóttir, félags- og tryggingamálaráðherra.

**Kynning á starfi nefndar um einstæða og forsjárlausa foreldra.**
Ágúst Ólafur Ágústsson, formaður nefndar um einstæða og forsjárlausa foreldra og stjúpforeldra.

**13.00** **Félagsleg staða barna í mismunandi fjölskyldum**
*- líðan barna - að hafa hagsmuni barna að leiðarljósi - "réttur" foreldra vs. "réttur barns" - ráðgjöf og fræðsla*

**Framsögumenn (10 mín. hver)**
- í lok framsöguerinda verða umræður
- Sigrún Júlíusdóttir prófessor í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands
- Ársæll Már Arnarsson lektor í sálfræði við Háskólann á Akureyri
- Gunnar Hersveinn heimspekingur

**14.00** **Lagaleg staða barna eftir mismunandi fjölskyldugerðum**
- sameiginleg forsjá - lögheimili - umgengni
- stjúpfjölskyldur - forsjárlausir foreldrar
- sáttaleiðir - heimildir dómara

**Framsögumenn (10 mín. hver)**
- í lok framsöguerinda verða umræður
- Valborg Snævarr lögmaður
- Dögg Pálsdóttir lögmaður
- Jóhann Loftsson sálfræðingur

**15. 00** **Kaffi.**

**15.30** **Fjárhagsleg staða barna eftir mismunandi fjölskyldugerðum**
- fátæk börn - meðlag - barnabætur - fjárhagsaðstoð
- sérstakur stuðningur ríkis og sveitarfélaga

**Framsögumenn (10 mín. hver)**
- í lok framsöguerinda verða umræður
- Guðný Björk Eydal deildarforseti félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands
- Ásta S. Helgadóttir forstöðumaður Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna
- Laufey Ólafsdóttir formaður Félags einstæðra foreldra

**16.30** **Barnið í framtíðarfjölskyldunni**
Ragnhildur Sverrisdóttir blaðamaður, Morgunblaðinu.

**16.45** **Ráðstefnuslit.**

Ráðstefnustjóri verður Lára Björnsdóttir skrifstofustjóri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Málþingið er opið öllum og er aðgangur ókeypis.

## Námskeið

# *Sundleikfimi fyrir eldri borgara:*

Skelltu þér á mjög gott 4 vikna sundnámskeið með frábærum kennara í sundleikfimi í ***sundlaug Hótel Loftleiða***.
Námskeiðið er 2 daga í viku ***fyrir eldri borgara*** á þriðjudögum og fimmtudögum kl.14.00.

Vinsamlega skráið ykkur í síma 444-4085
frá kl.13.00-18.00 fyrir 24. október..
Heitt á könnunni!

Hlökkum til að sjá ykkur!
Kveðja,
starfsfólk sundlaugar Hótel Loftleiða
Sími: 444-4085 / 662-0485

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIÐIR

DONG FANG SALON HÓTEL LOFTLEIÐIR


MATARKARFAN
TILBOÐIN
MENNINGARVIÐBURÐIR
FYRIR BÖRNIN
NAUÐSYNLEGT FYRIR NEYTENDUR
– FULLT AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM
SPARNAÐUR
UPPSKRIFTIR
FATNAÐUR
FYRIR VEISLUNA
LÍKAMSRÆKT
HEIMILIÐ
TÓNLEIKAR
FASTEIGNIR
HEIMILISTÆKI
BORGARFERÐIR
BÍLAR
Í Fréttablaðinu færðu nýjustu upplýsingar um vörur og þjónustu, heitustu fréttirnar og bestu tilboðin. Á hverjum degi í langmest lesna dagblaði á Íslandi, Fréttablaðinu.
FRÉTTABLAÐIÐ
MARKAÐSTORG HEIMILANNA

# Er kauphallarhruninu lokið?

**Leita þarf allt aftur til síðustu heimskreppu til að finna jafnmiklar lækkanir á hlutabréfaverði og síðustu misseri. Hækkun mánudagsins hefur vakið vonir um að botninum sé náð. Magnús Sveinn Helgason kynnti sér málið.**

Sú hækkun sem varð á hlutabréfaverði í kauphöllum um allan heim á mánudag hefur vakið upp vonir um að „botninum sé náð“ og að kauphallarhrun síðasta árs hafi loks stöðvast. Það er þó enn langt í land með að tap síðustu viku hafi verið unnið upp, enda var verðlækkun vikunnar hin versta í 133 ára sögu Dow Jones-hlutabréfavísitölunnar bandarísku.

Hækkun mánudagsins upp á 11 prósent eða 936 punkta var sömuleiðis söguleg – því hér var á ferð mesta eins dags hækkun í sögu vísitölunnar.

Fjölmiðlar hafa stundum verið gagnrýndir fyrir að eyða of miklu púðri í að tala um hlutabréfaverð og hreyfingar á kauphöllum, því þótt margir eigi hlutabréf eða bréf í hlutabréfasjóðum, er fæst fólk með beinum hætti þátttakendur í kauphallarviðskiptum, og á erfitt með að sjá hvernig sveiflur á kauphallarvísitölum í öðrum löndum snertir daglegt líf þess.

Hrun hlutabréfaverðs síðasta ár er þó sögulegt og ein birtingarmynd þeirrar fjármálakreppu sem nú stendur yfir. Samkvæmt áætlun Bloomberg-fréttastofunnar hefur lækkun hlutabréfaverðs orðið til þess að nærri 26 billjónir dollara, eða 26 þúsund milljarðar, hafa þurrkast út í stærstu kauphöllum heims. En hvað varð um þessi verðmæti? Varla gufuðu þau upp?

### EIGINFJÁRBRUNI

| Lækkun frá 31. okt. 2007 | |
|---|---|
| Bandaríkin | 6.948.193.505.420 |
| Kína | 1.765.572.720.000 |
| Bretland | 1.717.109.258.980 |
| Japan | 1.541.112.432.050 |
| Hong Kong | 1.466.095.000.000 |
| Frakkland | 1.313.740.515.880 |
| Þýskaland | 937.304.857.840 |
| Kanada | 767.878.449.230 |
| Brasilía | 745.596.332.200 |
| Samtals | 25.924.624.000.000 |

*Allar tölur eru í Bandaríkjadölum

**HVAÐ VERÐUR UM VERÐMÆTIN?**

„Fjármálalegar eignir eru ávísanir á verðmæti, þær eru ekki verðmætin sjálf, og atburðir síðustu mánaða hafa sýnt að margar þessar ávísanir voru í reynd innstæðulausar,“ segir Gylfi Magnússon, dósent í hagfræði við Háskóla Íslands. „Hlutabréf eru ávísanir á framtíðartekjur fyrirtækja og þær voru augljóslega ofmetnar.“

Gylfi segir að eignaverð hafi verið orðið allt of hátt, það hafi haft öll einkenni blöðru „en henni hafi verið haldið uppi með gríðarlegu lánsfé“. Hrun eignaverðs og hin alþjóðlega lánsfjárkreppa séu því nátengd. Gylfi bendir einnig á að afleiðingarnar geti verið mjög alvarlegar. „Það er ljóst að hrun eins og þetta hefur víðtækar afleiðingar fyrir fyrirtæki, fjármálastofnanir og lífeyrissjóði. Lægra hlutabréfaverð gerir fyrirtækjum líka erfiðara að afla nýs fjármagns. Það dregur úr neyslu, og ákveðin hætta myndast á neikvæðri víxlverkun.“

**SAMBÆRILEGT VIÐ KREPPUNA?**

Leita þarf allt aftur til síðustu heimskreppu til að finna sambærilegar lækkanir og orðið hafa síðasta árið, því lækkanir síðasta árs hafa verið meiri og hraðari en í öðrum „bjarnarmörkuðum“ eftir seinna stríð. Gylfi bendir einnig á að Bandaríkin gangi nú í gegnum fyrstu raunverulegu fjármálakreppuna síðan á fjórða áratugnum.

Það hefur vakið athygli að á síðustu vikum virðist markaðurinn hafa aðeins haft eina stefnu, niður. Samþykkt Bandaríkjaþings á 700 milljarða dollara björgunarpakka stjórnvalda hafði engin áhrif.

Þessar lækkanir eru til marks um að markaðir hafi efast um að björgunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar gætu leyst bankakreppuna og afstýrt því að hún breyttist í raunverulega heimskreppu. Þegar haft er í huga að þær eru hinar langstærstu í sögu Bandaríkjanna, meira en tvöfalt stærri en „New Deal“-aðgerðir Roosevelts, má vera ljóst hversu alvarlegt ástandið er.

Margir hafa einnig bent á að aðgerðir stjórnvalda vestanhafs geti lítið gert til að breyta grundvallarorsökum vandræðanna, sem er lækkun fasteignaverðs, né geri þær neitt til að styðja aðrar greinar efnahagslífsins en fjármálafyrirtækin.

**HVAR ER BOTNINN?**

Í skýrslu sem greiningardeild Goldman Sachs sendi frá sér í síðustu viku er bent á að bandarískir hlutabréfamarkaðir nái að jafnaði botni á 12-14 mánuðum eftir að lækkanir hefjast, en nú er einmitt rúmt ár síðan þeir náðu hámarki, því 9. október 2007 náði




Dow Jones-vísitalan hámarki, 14.164. Goldman Sachs telur þó að verð eigi enn eftir að lækka um 10 til 20 prósent, og nái ekki botni fyrr en eftir þrjá til sex mánuði. Það er líklega ákveðin vísbending um hvað markaðir óttast að greiningardeild Goldman Sachs sér ástæðu til að svara spurningunni hvort búast megi við því að núverandi „bjarnarmarkaður“ sé sambærilegur við þann sem hófst haustið 1929.

Þessi spurning byrjaði fyrst að heyrast í vor, og hefur orðið æ áleitnari eftir því sem ástandið hefur versnað. Svo virðist þó sem flestir séu sammála um að svarið sé afdráttarlaust neitandi, enda hafi stjórnvöld og seðlabankar ekki setið með hendur í skauti nú líkt og í heimskreppunni, eða eins og Brad DeLong, prófessor í hagfræði við Berkeley, hefur orðað það: „Bernanke og Paulson hafa lagt alla áherslu á að endurtaka ekki þau mistök sem gerð voru 1929. [...] Þeir virðast vilja gera alveg splunkuný og frumleg mistök.“

# Hvernig gat þetta gerst?



Ólafur Ísleifsson

Já, hvernig gat það gerst að bankarnir þrír fóru allir á hliðina á örfáum dögum? Bankarnir voru glæsileg fyrirtæki, höfðu framúrskarandi starfsfólk og skiluðu hundruðum milljarða króna tekjum inn í íslenskt samfélag. Bankarnir gengust nýlega undir álagspróf Fjármálaeftirlitsins sem gaf til kynna trausta eiginfjárstöðu þeirra allra. Á mælikvarða eiginfjárhlutfalls, ávöxtunar eigin fjár og kostnaðarhlutfalls stóðust bankarnir þrír samanburð við aðra norræna banka. Þessi fyrirtæki sem veittu þúsundum Íslendinga góð störf og lögðu með skattgreiðslum vænan skerf til velferðarsamfélagsins heyra nú öll sögunni til. Af hverju?

**PÓLITÍSK AÐGERÐ Í EÐLI SÍNU**

Atburðarás undanfarinna daga hefur verið hröð og margt er óljóst um framvinduna, ekki síst það sem kann að hafa gerst að tjaldabaki. Samt má draga saman nokkra atburði sem virðast standa í rökrænu samhengi hver við annan til að freista þess að skilja hvað gerðist.

Um miðjan september varð bandaríski fjárfestingarbankinn Lehman Brothers gjaldþrota án þess að bandarísk stjórnvöld kæmu til hjálpar. Gjaldþrotið olli því að lánaviðskipti milli banka stöðvuðust nánast með öllu og gerði bönkum á borð við Glitni torvelt að mæta skorti á lánsfé. Fimmtudaginn 26. september leita forráðamenn Glitnis eftir því við Seðlabankann að hann láni bankanum 600 milljónir evra vegna þess að fyrirheit þýsks banka um endurfjármögnun hafði brostið. Af hálfu Seðlabankans var neitað að verða við lánsbeiðni Glitnis, jafnvel þótt boðin væru að veði skuldabréf á borð við norsk húsnæðislán í háum gæðaflokki. Á sunnudegi var forráðamönnum Glitnis tilkynnt að ríkissjóður með atbeina Seðlabankans myndi leysa til sín 75 prósenta hlut í Glitni gegn framlagi á umræddum 600 milljónum evra. Fram hefur komið að hagfræðisvið Seðlabankans lagði ekki faglegt mat á ákvörðunina sem hlýtur því að teljast pólitísk í eðli sínu. Forráðamenn bankanna þriggja munu hafa gengið maður undir manns hönd og varað við afleiðingum þeirrar ákvörðunar sem þarna var tekin.

**BREYTT STAÐA Á ÞRIÐJUDAGSKVÖLDI**

Áhrifin erlendis létu ekki á sér standa. Standard & Poor‘s lækkaði umsvifalaust lánshæfiseinkunn ríkissjóðs með vísan til þess að hann hefði axlað fjárhagslegar skuldbindingar Glitnis. Lánshæfiseinkunnir bankanna fóru sömu leið og önnur matsfyrirtæki fylgdu á eftir.

Lækkað lánshæfismat ríkissjóðs felldi í verði ríkisskuldabréf sem Landsbankinn hafði lagt að veði fyrir lánveitingu hjá Evrópska seðlabankanum sem gaf út veðkall og krafðist frekari trygginga föstudaginn 3. október. Um helgina sem í hönd fór stóðu samfelld fundahöld í ráðherrabústað. Niðurstaðan var sú að staða Landsbankans og Glitnis væri orðin óviðráðanleg og á mánudeginum tilkynnti forsætisráðherra í ávarpi til þjóðarinnar um setningu neyðarlaga. Á grundvelli þeirra voru Glitnir og Landsbankinn í reynd teknir til þrotaskipta og þeim skipaðar skilanefndir.

Enn voru ekki öll sund lokuð gagnvart Kaupþingi. Sú staða breyttist að kvöldi þriðjudagsins 7. október þegar bankastjóri Seðlabankans lét í viðtali falla ummæli sem Richard Portes, prófessor við London Business School, segir hafa verið túlkuð svo að að ríkissjóður myndi ekki efna skuldbindingar sínar gagnvart breskum sparifjáreigendum. Auk þess var ítrekað tekið fram að fyrirgreiðsla Seðlabankans við Kaupþing væri til mjög skamms tíma og þannig gefið til kynna að bankinn stæði afar tæpt. Daginn eftir lækkaði Moody‘s lánshæfiseinkunn ríkissjóðs um þrjú þrep, heilan flokk.

**STUNDAGLASIÐ TÆMT**

Enginn þarf að fara í grafgötur um að ógætileg ummæli íslenskra ráðamanna um vanefndir lánaskuldbindinga rötuðu beina leið til Lundúna á örskotsstund. Í skjóli þessara ummæla hóf breska ríkisstjórnin leiftursókn gegn íslenskum bönkum með beitingu hryðjuverkalaga í fruntalegustu árás sem breska heimsveldið hefur gert á hagsmuni sjálfstæðrar þjóðar á friðartímum. Forsætisráðherra Breta, sem stendur höllum fæti heima fyrir, skirrtist ekki við að ráðast að bresku dótturfélagi Kaupþings undir því yfirskini að í því fælist vörn fyrir breska sparifjáreigendur. Þessi rás atburða leiddi til þess að örlög Kaupþings voru ráðin.

**Enginn þarf að fara í grafgötur um að ógætileg ummæli íslenskra ráðamanna um vanefndir lánaskuldbindinga rötuðu beina leið til Lundúna á örskotsstund. Í skjóli þessara ummæla hóf breska ríkisstjórnin leiftursókn gegn íslenskum bönkum með beitingu hryðjuverkalaga í fruntalegustu árás sem breska heimsveldið hefur gert á hagsmuni sjálfstæðrar þjóðar á friðartímum.**

Ætla má að beint tjón Íslendinga af þeim viðburðum sem hér hafa verið raktir hlaupi á þúsundum milljarða króna. Verðmæti hlutafjár bankanna nam um 800 milljörðum króna. Þar liggur þó aðeins hluti tjónsins því mest er það í glataðri verðmætasköpun bankanna á komandi tímum. Tjónið er því naumast minna en 10 milljónir króna á hvern Íslending, sennilega miklu meira.

Þurfti þetta að fara svona? Því verður ekki svarað með vissu. En líkindi má telja til þess að önnur afgreiðsla á máli Glitnis hefði gefið bönkunum svigrúm til að mæta lausafjárþurrðinni, hugsanlega nógu lengi til að komast í það skjól sem vænta má af samræmdum alþjóðlegum aðgerðum til stuðnings fjármálakerfinu. Kannski var þetta spurning um tvær eða þrjár vikur. Við því fæst ekki svar héðan af. Afgreiðslan á erindi Glitnis tæmdi stundaglasið.

*Höfundur er hagfræðingur og kennari við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík. Millifyrirsagnir eru blaðsins.*

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Ómarkviss reiði yfir ógöngum þeim sem þjóðin hefur ratað í er lítt gagnleg. Yfirveguð gagnrýni er farsælli.

# *Til að læra þarf að upplýsa um mistökin*

**Óli Kristján Ármannsson**

Göfugt er að fyrirgefa og þá er iðrunin ekki síður mikilvæg þegar fólk hefur farið út af sporinu og rangar ákvarðanir verið teknar. Mikilvægt er hins vegar, áður en til slíkra uppgjöra kemur, að fyrir liggi hvað er verið að fyrirgefa eða hvers sé iðrast.

Í þeim ógöngum sem þjóðin hefur ratað í með fjármálakerfi sitt hefur síðustu daga stundum verið haft á orði að nú sé ekki rétti tíminn til að leita sökudólga. Nú sé tími aðgerða og viðbragða til að forða meiri skaða. Til lítils er að segja þetta fólki sem horfir upp á sína nánustu eða er sjálft að missa vinnuna, eða býr við nagandi óvissu um ævisparnaðinn. Fólk vill vita hvernig hlutir gátu farið svo aflaga og það vill draga einhvern til ábyrgðar.

Þá er leitin að sökudólgi hluti af viðleitninni til að læra af reynslunni og af henni verður ekki dreginn mikill lærdómur nema upplýst verði hvar hlutir fóru aflaga. Reiði yfir því sem aflaga fór er eðlileg tilfinning og getur verið hluti af ákveðnu bataferli, jafnvel drifkraftur til aðgerða. Gæta þarf samt að því að hún verði ekki niðurrifsafl beint að ósekju á einstaklinga, eða í röngu hlutfalli við þá sök sem viðkomandi kann að bera. Gildir þá einu hvort þar er um að ræða „útrásarvíkinga“ eða embættis- og stjórnmálamenn.

Tilfellið er að það er tiltölulega auðvelt að vera vitur eftir á. Útrásarvíkingarnir sem byggðu upp öfluga banka og fyrirtæki í útlöndum hefðu átt að fara varlegar úr því að á brast heimsfjármálakreppa. Umfang hennar sá bara enginn fyrir. Ekki heldur stjórnendur risastórra útlendra banka sem farið hafa á hausinn, eða ríkisstjórnir annars staðar á Vesturlöndum sem nú veita milljörðum í tugþúsundatali inn í fjármálakerfi landa sinna í von um að snúa megi við þróuninni og forða enn alvarlegri hamförum fyrir heimshagkerfið.

Hér heima höfum við hins vegar búið og búum enn við brotalamir sem gerðu lausafjárkreppu heimsins enn þungbærari. Gjaldmiðillinn er lítill og brothættur og látið hafði verið hjá líða að byggja upp það bakland sem þörf var á fyrir fjármálastarfsemina sem þjóðin þó var svo stolt af og átti að vera einn af helstu tekjustofnum hennar til framtíðar.

Þá hlýtur að vera eitthvað bogið við regluverk sem heimilar einkafyrirtæki að setja smáþjóð í ábyrgð fyrir svo umfangsmikilli starfsemi í útlöndum að komið geti alvarlega niður á þjóðarhag, líkt og raunin virðist hafa verið með innlánastarfsemi Landsbankans í Bretlandi og Hollandi. Hafi verið farið fram úr heimildum eða eftirlitsstofnanir, hvort heldur það er hér heima eða erlendis, sofið á verðinum þarf það líka að koma upp á yfirborðið, um leið og regluverkið sjálft kemur til endurskoðunar. Þá þarf líka að horfast í augu við ábyrgð ráðamanna þegar kemur að yfirlýsingum sem ýtt hafa getað undir vandann, já eða skorti á yfirlýsingum, líkt og þegar heill dagur var látinn líða án þess að svara yfirlýsingum breskra stjórnvalda um að Íslendingar ætluðu ekki að standa við skuldbindingar sínar varðandi innstæðueigendur í útlöndum. Fara þarf ofan í saumana á peningamálastefnunni og því hvernig Seðlabankinn stóð að því að tryggja hér (já, eða ekki) fjármálastöðugleika.

Eftir stendur að regluverk það sem við búum hér við er það sama og er í gildi á Evrópska efnahagssvæðinu og ekki er vitað betur en að fyrirtæki landsins hafi starfað innan þess ramma sem þeim er settur. Nú ríður á að horfast í augu við mistökin og taka um leið stefnuna til nýrrar framtíðar. Og þá þarf að koma til verka fólki sem líklegt þykir til að koma í veg fyrir að sagan endurtaki sig.

bjorn.ingi@markadurinn.is | holmfridur@markadurinn.is | ingimar@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | msh@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is | sindri@markadurinn.is

# Frelsi, val og greiðslumiðlun

ORÐ Í BELG



**Agnar Hansson**
forstjóri Icebank

Mikilvægt er við þær aðstæður sem nú ríkja að menn fari sér ekki hraðar en þörf er og hugi eftir bestu getu til framtíðar. Sumar ákvarðanir eru nefnilega þannig að afleiðingum þeirra verður aldrei breytt.

Við Íslendingar stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að fjármálaumhverfi okkar hefur beðið skipbrot og nú hefst uppbygging á nýjan leik. Við viljum ekki sóa tíma á þessari stundu í að hugsa um hver gerði stærstu mistökin í fortíðinni heldur verður öll okkar áhersla og athygli að beinast að því sem fram undan er.

**EINN RÍKISKRANI**

Eitt það mikilvægasta í tilveru sjálfstæðra þjóða er að hafa val. Annað gríðarlega mikilvægt atriði er að geta stundað viðskipti með vörur og þjónustu við önnur lönd. Ég held að við þurfum öll að horfast í augu við þá staðreynd að umfang viðskipta og kaupgeta íslensks almennings verður með öðru sniði þegar rykið sest eftir þær hamfarir sem ganga nú yfir. Þrátt fyrir það megum við ekki missa valkostinn.

Nú liggur fyrir að Seðlabankinn mun ábyrgjast viðskipti ríkisbankanna við bandaríska risabankann JP Morgan Chase. Á því leikur enginn vafi að þar fer afar frambærilegur banki sem getur veitt alla mögulega bankaþjónustu. Það er hins vegar mikilvægt að skilja að ríkisbankarnir munu ekki í fyrstu atrennu og væntanlega ekki um margra ára skeið ná að byggja upp sjálfstæð viðskiptasambönd án beinnar aðkomu og ábyrgðar ríkisins. Stafar þetta af þeirri staðreynd að fyrirrennarar þeirra eru nú að hlaupast undan skuldum sínum og skilja lánardrottna sína eftir með sárt ennið. Við verðum því að átta okkur á því að hér er verið að setja á laggirnar nýtt fjármálakerfi með einum ríkiskrana – guð forði okkur frá því að hann stíflist.

**ÖRYGGISVENTILLINN**

Með fullri virðingu fyrir hinum annars ágæta JP Morgan banka hljótum við að staldra við í þessari stöðu og velta fyrir okkur hvað er hér á ferðinni. Öll eðlileg áhættustýring í viðskiptum, verkfræði eða hverju sem er kennir okkur að alltaf er nauðsynlegt að hafa valmöguleika – einhvers konar öryggisventil ef þörf er á. Nú svo eigum við eldra dæmi í sögu Íslands um einokunarverslun sem öll börn þekkja. Til þess eru vítin að varast þau.

Það sem ég vil benda á er að við eigum valkost. Við eigum banka sem enn stendur uppi án þess að hafa fallið á greiðslu eða skuldbindingum gagnvart erlendum bönkum og öðrum lánardrottnum. Við eigum banka sem enn getur framkvæmt millifærslur frá einum banka til annars úti í hinum stóra heimi og stundað virka gjaldeyrismiðlun fyrir íslenskar stofnanir, fyrirtæki og heimili.

Icebank (Sparisjóðabanki Íslands) sem stofnaður var í október 1986 hefur frá ársbyrjun 1990 séð um alla erlenda lántöku og greiðslumiðlun sparisjóðanna í landinu. Á þessum tæplega tuttugu árum hefur bankinn byggt upp mjög öfluga og hagkvæma einingu og hjá bankanum starfar fólk með mikla reynslu og þekkingu á þessu sviði.

**NAUÐSYNLEG LÍFLÍNA**

Allar erlendar greiðslur til og frá landinu fara um SWIFT-gátt bankans (LSICISRE) og hefur hann byggt upp og viðhaldið þéttriðnu neti erlendra tengslabanka um alla Evrópu, í Austur-Asíu og í Bandaríkjunum. Þessi greiðslumiðlun hefur lengst af verið kjarninn í starfsemi bankans og eru allir gjaldkerar sparisjóðanna og netbanki þeirra tengdir beint við öflugt bakvinnslukerfi bankans. Þessi búnaður gæti með hægu móti afkastað miklu meira færslumagni með litlum fyrirvara og tiltölulega litlili aukningu mannafla.

Með því að tryggt verði að bankinn og sparisjóðirnir geti staðið við allar skuldbindingar sínar gagnvart erlendum aðilum gæti bankinn orðið sú „líflína“ sem nauðsynleg er fyrir íslenska bankakerfið eftir þann erfiða uppskurð sem nú er gerður á því. Þannig yrði haldið opnum greiðslumiðlunarleiðum um víða veröld án þess að hætta sé á tjóni vegna tafa eða annarra hindrana sem ella geta orðið meðan óljóst er um afdrif erlendra skuldbindinga viðskiptabankanna þriggja. Í fyrstu atrennu er nauðsynlegt fyrir bankann að eignast erlendan gjaldeyri sem hann er reiðubúinn að kaupa gegn staðgreiðslu.

Auk framangreinds skal hér fullyrt að bankinn hefur innan sinna vébanda öflugustu og reynslumestu ábyrgðardeild (trade finance) íslenska bankakerfisins í heild og hefur hún annast þjónustu í áraraðir við öll helstu útflutningsfyrirtæki landsins alveg óháð viðskiptum þeirra við sparisjóði.

Reynum nú að hemja mátt eyðileggingarinnar.

*Deyr fé,*
*deyja frændur,*
*deyr sjálfur ið sama.*
*En orðstír*
*deyr aldregi*
*hveim er sér góðan getur.*



**HAMFARIR VIÐ BANKA** Verkamaður virðir fyrir sér hvernig umhorfs er við JP Morgan Chase Turninn í Houston í Texas í Bandaríkjunum eftir að fellibylur fór þar yfir í byrjun síðasta mánaðar. Segja má að ofsaveður hafi áfram ríkt á fjármálamarkaði síðan þá þótt í óeiginlegri merkingu sé. NORDICPHOTOS/AFP




ÖFLUGT & FALLEGT FJÖLNOTATÆKI
LITA LASERPRENTARI: Prenthraði: 16 í sv/hv og 4 í lit · Upplausn: 2400 X 600
SKANNI OG LJÓSRITUN: Upplausn: 600 X 1200 (max 4800 X 4800 ) · Scan to USB and Scan to e-mail
FAXTÆKI: Leshraði: 3 sek pr/bls · Númeraminni: 30 beint, 240 í skammvali · Minni: 4 MB
ALMENNT: Pappírsbakki inn/út: 150/100 blöð · Minni: 128 MB
TENGING: USB 2.0, Ethernet 10/100BaseTX
TILBOÐSVERÐ
NÚ: 69.900,-
ÁÐUR: ~~89.900,-~~
ORMSSON
SKRIFSTOFUVÖRUR · SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2800

ORÐSKÝRINGIN

# Innherjaviðskipti

Innherji er hver sá sem býr yfir eða hefur aðgang að trúnaðarupplýsingum vegna eignaraðildar, aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda verðbréfa sem skráð hafa verið í kauphöll eða á skipulegum tilboðsmarkaði.

Þá getur líka sá talist innherji sem hefur fengið vitneskju um trúnaðarupplýsingar og hafi viðkomandi vitað eða mátt vita hvers eðlis upplýsingarnar voru. Ef innherji á í viðskipti með hlutabréf félagsins, kallast það innherjaviðskipti. Slík viðskipti eru ólögleg ef þau eru byggð á trúnaðarupplýsingum, það er upplýsingum sem ekki hafa verið tilkynntar með opinberum og viðurkenndum hætti á verðbréfamarkaðnum. Ólögleg innherjaviðskipti heita á lagamáli innherjasvik.



„Reglulega heyrast fréttir af ólöglegum innherjaviðskiptum víða um heim og má nefna viðskipti stjórnenda í fyrirtæki sem er komið í slæma rekstrarstöðu og stefnir í gjaldþrot en fjárfestar og hlutafjáreigendur vita ekki af þeim vanda. Þar geta stjórnendur selt sín bréf og hvatt vini og kunningja til að gera slíkt hið sama. Svo þegar þær upplýsingar um stöðu mála berast aðilum á markaði getur hlutabréfaverð félagsins hrunið og fjárfestar í félaginu tapað eign sinni,“ segir í fjármálahugtakaskýringum á vef MP fjárfestingarbanka.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRAR: Björn Ingi Hrafnsson og Óli Kr. Ármannsson RITSTJÓRN: Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Ingimar Karl Helgason, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Magnús Sveinn Helgason, Sindri Sindrason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.
Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.




# VÍSIR.IS

## LANGVIRKASTI FRÉTTAMIÐILL LANDSINS

Vísir er langvirkasti vef-fréttamiðill landsins og flytur landsmönnum

35% fleiri fréttir en mbl.is

Vísir gefur landsmönnum tækifæri á að fylgjast með og stendur fréttavaktina fyrir þig. Hraði frétta og upplýsinga er allt sem skiptir máli í nútíma samfélagi !

vísir.is

...ég sá það á visir.is



* Skv. vefmælingu Creditinfo Ísland sem framkvæmd var 16-30.september 2008 birtust á tímabilinu 1557 fréttir á vef visir.is á meðan 1155 fréttir birtust á vef mbl.is

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

**175** er gengisvísitalan sem Seðlabanki Íslands gafst upp á að festa krónuna í um miðja síðustu viku.

**8,4** milljarðar króna er upphæðin sem Exista fékk fyrir hlut sinn í Bakkavör fyrir helgi. Exista átti 39,6 prósent í félaginu.

**68** prósent er tekjuaukning Icelandair Group á milli ára samkvæmt óendurskoðuðu átta mánaða uppgjöri sem birt var um helgina.

BANKAHÓLFIÐ

## Davíð á hliðarlínunni

Davíð Oddsson, seðlabankastjóri og formaður bankaráðs Seðlabankans, fór mikinn í Kastljósinu á þriðjudag í síðustu viku og talaði, að margra mati, á þann hátt sem kollegar hans í öðrum löndum láta sig ekki einu sinni dreyma um. Ræddi hann þar vítt og breitt um yfirtöku ríkisins á Glitni og Landsbankanum. Tveimur dögum síðar gengu svo fulltrúar skilanefndar inn í Kaupþing og tóku þar við stjórninni. Ósagt skal látið hvað hefði gerst hefði bankastjórinn ekki farið í viðtalið. Samkvæmt heimildum Markaðarins átti Þorsteinn Már Vilhelmsson, fyrrverandi stjórnarformaður Glitnis, að fara í Kastljósið. Hann dró í land á síðustu metrunum og var því brugðið á það ráð að hringja í Davíð, sem var geim.



## Þögnin ein

Dögum saman hefur Markaðurinn leitað eftir viðtali eða viðbrögðum fyrrverandi eigenda Landsbankans við þeirri stöðu sem komin er upp vegna Icesave-innlánsreikninganna. Björgólfsfeðgar vilja ekki tjá sig, ekki heldur Kjartan Gunnarsson, en hann var varaformaður bankaráðs og Björgólfur Guðmundsson formaður. Forkólfar annarra banka hafa komið fram í fjölmiðlum en frá Björgólfum og Kjartani kemur þögnin ein.



## Úr sandkassa í lífið

Í ljósi umbreytinga á íslensku fjármálalífi verður háskólapólitík svolítið forvitnileg, sérstaklega listi Vöku. Árið 1988 settist Lárentsínus Kristjánsson, hæstaréttarlögmaður sem situr í skilanefnd Landsbankans, í formannsstól Vöku. Varaformaður á sama tíma var Jónas Fr. Jónsson, nú forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Jónas var jafnframt formaður Stúdentaráðs ári síðar. Oddviti Vöku í Stúdentaráðinu ári síðar var Sigurjón Þ. Árnason, sem stóð upp úr bankastjórastól Landsbankans í síðustu viku eftir að skilanefnd þeirra Lárentsínusar og Jónasar tók stjórnina yfir. Úr því út í þetta er farið þá varð Hreiðar Már Sigurðsson, forstjóri Kaupþings, svo gjaldkeri Vöku árið 1991. En hver segir svo að háskólapólitíkin endurspegli ekki lífið?



VDO Offroad Line

**Borgartún 36**
**Bakvið Hótel Cabin**
**sími: 588 9747**

**Tilboð** á umfelgun
fólksbíll kr **5.490,-** jepplingur kr **6.490,-**

**Verðtilboð** fyrir eldri borgara
Fólksbíll kr **4.890,-**
Jepplingur kr **5.890,-**

GERIÐ VERÐSAMANBURÐ
**Sama verð fyrir ál- og stálfelgur**



VDO
Opið virka daga kl. 8.00 - 18.00 og laugardaga kl. 10.00 - 14.00
BORGARTÚNI 36 - S:588-9747 - WWW.VDO.IS - verslun@vdo.is

Hvers vegna PwC?
*connectedthinking
Þekkingarfyrirtæki í fremstu röð á Íslandi og leiðandi á alþjóðavettvangi.
● Endurskoðun ● Fyrirtækjaráðgjöf ● Skatta- og lögfræðiráðgjöf
Reykjavík - Akureyri - Húsavík - Selfoss - Reykjanesbær www.pwc.com/is
PRICEWATERHOUSECOOPERS

# Leiðin að nýju Íslandi

**UMRÆÐAN**

Bryndís Gunnlaugsdóttir, Friðrik Jónsson og Gestur Guðjónsson skrifa um íslenskt samfélag

Þungbært áfall síðustu viku hefur gert okkur það ókleift að halda úti sjálfstæðri mynt.

Fyrir hrunið var eðlilegt að skoða og meta alla kosti til hlítar. Gjaldmiðilsskýrsla Framsóknarflokksins sýndi með rökum að kostirnir voru í raun aðeins tveir, en nú blasir aðeins einn kostur við að okkar mati. Upptaka evru í kjölfar aðildar að Evrópusambandinu er eini raunhæfi valkosturinn í núverandi stöðu ef Ísland á áfram að vera hluti af innri markaði Evrópu.

Atburðir undanfarinna tveggja vikna, meðal annars árangurslaus málaleitan Seðlabankans hjá Englandsbanka og Evrópska seðlabankanum, sýna svo ekki verður um villst að varnaglar og stoðkerfi EES-samningsins eru ekki fullnægjandi hvað varðar frjálsa fjármagnsflutninga.

Sá kostnaður sem mun falla á ríkissjóð í kjölfar atburða síðustu daga, liggur ekki fyrir, en ekki er óraunhæft að ætla að hann geti numið allt að þúsund milljörðum króna. Heilli billjón.



GESTUR GUÐJÓNSSON

Það er jafnmikið og talið var að þyrfti að hafa í gjaldeyrisvarasjóði til að styðja við krónuna og íslenskt efnahagslíf fyrir hrun fjármálakerfisins. Eftir hrunið er ljóst að gjaldeyrisvarasjóðurinn þarf að vera enn stærri hlutfallslega. Krónan hefur verið auglýst sem mynt sem ekki er hægt að standa á bak við, sérstaklega í kjölfar misheppnaðrar tilraunar Seðlabankans í síðustu viku til að festa gengi krónunnar. Líklega þarf gjaldeyrisvarasjóðurinn af þessum sökum að vera þreföld þessi upphæð, en sérfræðingar kunna betur að meta það.

Einungis vaxtakostnaðurinn af slíkri upphæð, auk þess taps sem er að falla á okkur núna, yrði að lágmarki 100 milljarðar á ári, eða allt að 10% af landsframleiðslu fyrir hrun. Það er að því gefnu að Ísland fengi yfirhöfuð slíka fjármuni að láni til lengri tíma.



BRYNDÍS GUNNLAUGSDÓTTIR

Ísland hefur þannig tæplega efni á því til frambúðar að vera með slíka fjármuni liggjandi um leið og greiða þarf niður reikninginn eftir hrunið. Að auki þarf að halda áfram að greiða annan rekstur, s.s. heilbrigðis-, mennta- og velferðarkerfið. Óhugsandi er að aðild að ESB verði Íslandi svo kostnaðarsöm.

**Því leggjum við til eftirfarandi:**

1. Íslendingar taki boði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) um aðstoð. Í þeirri aðstoð felst m.a. að sjóðurinn mun koma í kjölfarið með verulega fjármuni sem munu styrkja gengi krónunnar og færa það til meiri stöðugleika. Rætt hefur verið um að sjóðurinn, ásamt öðrum aðilum, geti komið með allt að 8-9 milljarða evra að láni hingað til lands. Æskilegt væri að samhliða yrði gerður samningur við Evrópska seðlabankann um að hann samþykki að gengi krónunnar yrði tímabundið fest við evru og hann gefi yfirlýsingu um stuðning sinn við það fyrirkomulag.



FRIÐRIK JÓNSSON

2. Einn eða fleiri af nýju bönkunum verði seldir erlendum banka.

3. Farið verði í mikla atvinnuuppbyggingu og sköpuð störf fyrir þá sem nú hafa misst vinnuna. Ívilnandi möguleikar gagnvart erlendum fjárfestum verði nýttir til hins ítrasta, en verðmætin í starfsfólkinu og hagsmunir af takmörkun atvinnuleysis eru svo mikil að það er réttlætanlegt.

4. Sótt verði um aðild að ESB hið fyrsta og samningur um aðild lagður í þjóðaratkvæði. Fordæmi benda til þess að við getum haldið fiskimiðunum fyrir okkur, eins og Jón Sigurðsson, fyrrverandi formaður Framsóknarflokksins, hefur rakið. Stjórnmálaleiðtogar og æðstu embættismenn sambandsins hafa þegar lýst yfir vilja til samninga um þetta efni.

5. Samtímis verði þjóðaratkvæðagreiðsla um nauðsynlegar breytingar á stjórnarskrá Íslands.

6. Strax í kjölfar aðildar verði Ísland aðili að gengisstöðugleikasamkomulagi ESB (ERM) og bindi þannig varanlega gengi krónunnar við evru innan ákveðinna vikmarka. Þegar skilyrði Maastricht verða uppfyllt, gerist Ísland aðili að Evrópska seðlabankanum, evra verður tekin upp sem lögeyrir á Íslandi og hægt verður að greiða IMF aftur lán sitt – með þökkum.

7. Einn eða fleiri af bönkunum yrðu á ný boðnir þjóðinni í dreifðri sölu.

8. Með þessu verður Íslendingum gert kleift að endurheimta að fullu sitt traust á alþjóðavettvangi, þó það gæti tekið einhver ár.

Að öðrum kosti er líklegt að traust okkar muni seint, ef nokkurn tímann, endurheimtast og við sætum verulegum takmörkunum í alþjóðaumhverfinu. Afleiðingar þessa yrðu þær að lífskjörum hér mun hraka þannig að helst verði hægt að bera þau saman við þróunarlönd. Að auki mun flest okkar besta fólk og bestu fyrirtæki flýja land. Það yrði stærsta tjónið til frambúðar.

*Höfundar eru félagar í Framsóknarflokknum.*

# Ekki er allt gull sem glóir

**UMRÆÐAN**

Jón Gunnarsson skrifar um verðmætasköpun

Íslenska efnahagsundrið og ímyndin sem svo mikið var mærð á viðskiptaþingi 2007 hefur beðið álitshnekki. Við höfum gengið full hratt um gleðinnar dyr. Í grein sem ég skrifaði að loknu viðskiptaþingi 2007 benti ég á að engum væri hollt að gleyma uppruna sínum, mikilvægt væri að gera sér grein fyrir því á hvaða grunni íslenskt efnahagslíf og útrásin hvíldi. Útrás var ekkert nýyrði í íslensku viðskiptalífi. Fyrirtæki í sjávarútvegi, flutningum í lofti og á sjó höfðu fyrir áratugum hafið íslenska útrás og byggt hægt og bítandi upp traust fyrirtæki sem stóðu af sér tímabundnar niðursveiflur. Það er sorglegt að sjá sum þessara fyrirtækja í dag sem hafa í tengslum við nútíma útrásina verið rúin eigin fé og skilin eftir sem eyðimörk.

Nú gefum við upp á nýtt og þá er mikilvægast að samstaða náist um á hvaða forsendum við ætlum að byggja upp. Í raun er valið einfalt, við byggjum á því sem við höfum. Megináherslan verður að vera á styrkingu atvinnuveganna með öflugri útflutning sem aðalamarkmið. Við verðum að hverfa til grunngildanna og hætta að láta ómerka umræðu um betri ímynd og tálmynd meðal þjóða vera aðalatriðið. Ímynd er huglægt orð og ef hægt var að setja á hana svartan blett hjá okkar helstu viðskipta- og nágrannaþjóðum hefur nútíma útrásin gert það nú svo um munar. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að áhrif þessa sé hjá mörgum stórlega ofmetið.



JÓN GUNNARSSON

Aðalatriðið fyrir okkur sé að standa í lappirnar þegar að slíkri umræðu kemur, forgangsraða rétt og muna uppruna okkar. Okkur mun vegna best með því að vera sjálfum okkur samkvæm.

Sjávarútvegur og öflugur fjölbreyttur iðnaður byggður á innlendri endurnýjanlegri orku eru og verða þær höfuðatvinnugreinar sem halda uppi útflutningstekjum okkar. Þetta er mikilvægt að setja í forgang og taka ákvarðanir út frá þeim forsendum. Til þess að svo megi verða má ekki umræða um aðrar huglægar breytur, s.s. skerta ímynd eða óvild annarra vegna nýtingar náttúruauðlinda okkar, hafa áhrif á stefnuna. Við höfum náð einhverjum besta árangri í sjálfbærri nýtingu fiskistofna og við nýtum hreinar og endurnýjanlegar orkulindir í iðnaðarframleiðslu. Það er engin þjóð sem getur borið sig saman við okkur í þessum efnum. Þessi mál verða að hafa algjöran forgang nú og ábyrgð okkar alþingismanna snýr að því að flækjast ekki fyrir heldur að styðja við slík verkefni með einfaldara regluverki um undirbúning og framkvæmd þeirra. Við verðum einfaldlega að standa við ákvarðanir okkar og þjóðarhag eins og við höfum áður þurft að gera t.d. í deilum um útfærslu landhelginnar.

*Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.*

# Greiðum götu gangandi

**UMRÆÐAN**

Sigurður Helgason skrifar um umferðaröryggi

Evrópskur umferðaröryggisdagur var í fyrradag. Þetta er í annað sinn sem slíkur dagur er haldinn og að þessu sinni var hann helgaður umferð í borgum. Umfjöllun um umferðarmál beinist oftast að umferð bíla. Að þessu sinni var hins vegar ákveðið að fjalla hér á landi um gangandi og hjólandi vegfarendur og benda á þá valkosti sem tiltækir eru í umhverfisvænni umferð.

Margir aðilar hafa lýst vilja sínum til að tengjast þessu verkefni og má þar nefna Bílastæðasjóð og lögregluna, sem leitast ávallt við að koma í veg fyrir að bílum sé lagt á gangstéttum og gangstígum. Talsvert hefur verið gert í þeim efnum að undanförnu. Í dag er Dagur hvíta stafsins og af því tilefni benda blindir á aðstöðu sína sem gangandi vegfarendur. Það veldur þeim stórhættu sé bílum lagt á gangstéttum, þannig að þeir þurfi að fara út á götu til að komast leiðar sinnar. Þá er stefnt að hækkun gjalds fyrir að leggja í bílastæði fatlaðra.

Þá hefur Reykjavíkurborg á undanförnum árum lagt áherslu á vistvæna valkosti eins og til dæmis hjólreiðar. Byggt hefur verið upp hjólreiðakerfi og hægt er að finna upplýsingar um stefnu borgarinnar og kort yfir stígana á heimasíðunni www.reykjavik.is. Þá hefur verið komið fyrir hjólreiðavísum frá Suðurgötu og út í Skerjafjörð. Þá er rík ástæða til að hvetja þá sem annast snjómokstur í borginni þegar þar að kemur að forðast að teppa gangstéttar með því að ýta eða moka snjónum þangað.



SIGURÐUR HELGASON

Einnig skiptir miklu að gangandi fólk og hjólreiðamenn fylgi lögum og reglum og njóti jafnframt tillitssemi ökumanna. Hjólreiðamenn vilja leggja sig fram. Vert er að geta þess að ekki er ráðlegt að hvetja til hjólreiða barna við erfiðar aðstæður að vetrarlagi. Að ganga og hjóla er góður kostur, en allir þurfa að sýna varúð.

*Höfundur er verkefnastjóri á Umferðarstofu.*

# Ábyrgð stjórnmálamanna

**UMRÆÐAN**

Margrét S. Björnsdóttir skrifar um fjármálakreppuna

Stjórnmálamenn eiga að gæta almannahagsmuna, kapítalistar hagsmuna sinna fyrirtækja, en innan þess ramma og laga sem stjórnmálamenn setja. Íslenskir stjórnmálamenn síðustu ríkisstjórna og þeir embættismenn sem sitja í þeirra umboði, bera ábyrgð á þeim ógöngum sem íslenskt hagkerfi er komið í, umfram hagkerfi sambærilegra ríkja. Þeir opnuðu á fjármagnsfrelsi Evrópska efnahagssvæðisins án þess að gera þær stofnanalegu varúðarráðstafanir sem nauðsynlegar voru. Þeir þverskölluðust við ábendingum erlendra sem innlendra hagfræðinga um að Ísland eitt og sér væri of lítið fyrir þá alþjóðlegu bankastarfsemi sem hér hafði þróast. Þeir héldu áfram að velja lykilembættismenn í eftirlits- og stýrikerfi fjármálamarkaðarins eftir flokksskírteinum, en ekki hæfni. Slík var virðing þeirra fyrir þessum stofnunum.

Niðurstaðan er fengin. Það er við þá stjórnmálamenn að sakast sem sköpuðu þessa umgjörð, en ekki þá sem nýttu þau tækifæri sem laga- og stofnanaramminn bauð.

*Höfundur er félagi í Samfylkingunni.*





†

**Guðlaug Marteinsdóttir**
Hrafnistu, Hafnarfirði, áður til heimilis að Brúarflöt 2, Garðabæ,

lést föstudaginn 10. október. Jarðsungið verður frá Garðakirkju, Garðabæ, mánudaginn 20. október kl. 15.

**Guðjón Ólason**
**María Guðbjörg Óladóttir** **Flóvent Johansen**
**Sigurlaug Maren Óladóttir** **Smári Hauksson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Svanhvít Friðriksdóttir,**
Fannborg 8, Kópavogi,

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð þriðjudaginn 7. október. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu miðvikudaginn 15. október kl. 15.00.

**Friðrik Sveinn Kristinsson** **Þóra Jakobsdóttir**
**Flóki Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Okkar yndislega, trausta og ástkæra*

**Matthildur Árnadóttir**
(frá Bolungarvík/Ísafirði)
Höfðagrund 3, Akranesi,

sem lést að kvöldi fimmtudagsins 9. október á Sjúkrahúsi Akraness, verður jarðsungin frá Akraneskirkju föstudaginn 17. október kl. 14.00. Jarðsett verður í Akraneskirkjugarði.

**Pálmi Pálmason**
**Helga Ólöf Oliversdóttir**
**Oliver Pálmason** **Nanna Guðbergsdóttir**
**Pálmi Sveinn Pálmason** **Ana Maria Chacon Pálmason**
**Matthildur Vala Pálmadóttir** **Ingólfur Bjarni Sveinsson**
**og börnin: Eva, Eggert, Nadja, Sonja, Helena Kristín og Pálmi Sveinn.**

---

†



*Hugheilar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og vináttu við andlát og útför eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Kristínar Gestsdóttur**
Goðabraut 22, Dalvík.

Bestu þakkir til allra þeirra er veittu henni aðstoð og umhyggju í hennar erfiðu veikindum.

**Friðþjófur Þórarinsson**
**Þorsteinn Friðþjófsson** **Harpa Sigfúsdóttir**
**Björn Friðþjófsson** **Helga Níelsdóttir**
**Atli Viðar, Silja, Kristinn Þór , Andri Freyr, Rúnar Helgi og Daníel.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar Þorsteinn Þorsteinsson**
Kársnesbraut 67, Kópavogi,

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð laugardaginn 11. október. Útför hans verður gerð frá Kópavogskirkju mánudaginn 20. október kl. 15. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Minningargjafasjóð Sunnuhlíðar, sími 560 4100, eða reikning 1135-26-700 kt. 681295-3569.

**Ásta Sigurrós Sigmundsdóttir**
**Sigrún Björk Gunnarsdóttir** **Ásgeir Indriðason**
**Júlíana Signý Gunnarsdóttir** **Örn Jónsson**
**Óðinn Gunnsteinn Gunnarsson** **Auður Hallgrímsdóttir**
**Anna Margrét Gunnarsdóttir** **Guðmundur Jóelsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**COLE PORTER LÉST ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1964**

*„Fæstir heiðursmenn kæra sig um ást. Þeir kjósa miklu frekar að flækjast um og vera frjálsir.“*



***Cole Porter var samkynhneigður söngleikjahöfundur sem samdi sitt fyrsta lag aðeins tíu ára. Hann varð seinna einn ástsælasti söngleikjahöfundur Broadway og lifa heimsfrægar tónsmíðar hans enn í leikhúsi og kvikmyndum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 15. OKTÓBER 1975

## *Fiskveiðilögsagan færð út*



Íslendingar færðu fiskveiðilögsögu sína út í 200 sjómílur þennan dag árið 1975. Var það síðasti áfanginn í baráttu þjóðarinnar fyrir yfirráðarétti yfir fiskimiðunum sem hófst með setningu landgrunnslaganna 1948. Fiskveiðideila Íslendinga og Vestur-Þjóðverja var enn óleyst og allar vonir ríkisstjórnarinnar um að komast mætti hjá alvarlegum deilum við Breta brugðust. Þegar bráðabirgðasamkomulag Íslendinga og Breta frá 1973 rann út rétt fyrir miðjan nóvember kom í ljós að Bretar voru enn við sama heygarðshornið og neituðu að viðurkenna útfærslu Íslendinga. Íslendingar sömdu þá við Vestur-Þjóðverja en Bretar þóttu ósveigjanlegir í samningaviðræðum. Við þá varð ekki samið. Herskip þeirra voru komin á vettvang skömmu síðar. Íslendingar kærðu Breta til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna í desember og var það einsdæmi í samskiptum tveggja Atlantshasbandalagsríkja og upphaf að illskeyttasta þorskastríðinu til þessa.

**SKÝRSLA DR. HERDÍSAR ÞORGEIRSDÓTTUR:** TILEFNI FUNDAR EVRÓPURÁÐSINS

# Af varðhundum almennings



**VEKUR ATHYGLI** Dr. Herdís Þorgeirsdóttir hefur frá 1994 stundað rannsóknir á samtvinnun viðskipta- og pólitísks valds í fjölmiðlun.

MYND/ÚR EINKASAFNI

„Við ætlum meðal annars að ræða hvernig fjölmiðlum er gert kleift að rækja hlutverk sitt sem varðhundar almennings og hvaða úrræði eru til staðar takist það ekki,“ segir dr. Herdís Þorgeirsdóttir, prófessor við Háskólann á Bifröst. Skýrsla hennar á sviði fjölmiðlaréttar verður lögð til grundvallar á fundi Evrópuráðsins í Strassborg í dag. Skýrslan, sem hún vann fyrir Feneyjanefnd Evrópuráðsins, hefur vakið heimsathygli, eins og rannsóknir hennar á sviði fjölmiðlaréttar.

„Vissulega er viðurkenning í því að haldinn sé fundur þar sem verk manns eru útgangspunktur í umræðu um hvernig sé hægt að ýta undir ábyrgari fjölmiðlun,“ segir Herdís. Hún hóf fyrir fjórtán árum rannsóknir og umræðu um samtvinnun viðskipta og pólitísks valds í fjölmiðlum út frá réttarvernd sem þeir njóta á grundvelli Mannréttindasáttmála Evrópu og í stjórnskipun ríkja, sem lengst eru komin í að tryggja frelsi og sjálfstæði fjölmiðla.

„Ég hóf rannsóknirnar á þeirri forsendu að sjálfsritskoðun væri vandamál í fjölmiðlun. Nú er almennt viðurkennt að það sé víðtækt, vegna þröngs eignarhalds og innri sjálfsritskoðunar, svo þeir geta ekki staðið sig í vörslu almenningshagsmuna,“ segir Herdís og tekur efnahagsþrot Íslendinga sem dæmi. „Spyrja má hvort fjölmiðlar hefðu getað stemmt stigu við þróuninni hefðu þeir verið sjálfstæðari og betur búnir til að sinna hlutverki sínu. Ef illa er komið fyrir okkur er það af því að almenningur náði ekki að sporna við fótum þar sem hann var illa upplýstur, en fjölmiðlar eiga að setja pólitíska og efnahagslega umræðu í skýrt samhengi. Aldrei hefur það verið ljósara en nú þegar hugsanlegt þjóðargjaldþrot blasir við og flestir fjölmiðlar komnir undir einn hatt. Hvernig geta þeir rækt hlutverk sitt ef hagsmunatengsl toga í þá?“ spyr Herdís og segir sjálfsritskoðun hrjá blaðamenn víða um heim. „Þeir óttast því þeir vita ekki hvað ritstjóra þeirra þóknast. Hann veit ekki hvað eigendum þóknast, sem hugsa um pólitísk tengsl, auglýsendur, fjármagn og oft eigin hagsmuni vegna áhrifa í viðskiptalífi,“ segir hún og bætir við að Mannréttindasáttmáli Evrópu verndi stjórnmálaleg og borgaraleg réttindi, meðal annars tjáningarfrelsi.

„Tjáning fjölmiðla er tvíþætt; tjáningar- og upplýsingafrelsi án þess að stjórnvöld leggi áður stein í götu þeirra; svo er óbein hindrun eða ósýnileg ritskoðun vegna eignatengsla, áhrifa fjársterkra aðila og pólitískra ítaka eða sambland af öllu,“ segir Herdís og bendir á að stjórnmálamenn heims vilji hafa ritstjóra á sínu bandi til að koma vel út í fjölmiðlum. Samtrygging sé milli fjölmiðla, stjórnvalda og viðskiptalífs, en almenningur verði eftir. „Fjölmiðlar sem byggja afkomu á viðskiptalegum hagsmunum geta varla gagnrýnt sömu öfl, en þá er upplýsingum haldið frá almenningi og afleiðingarnar geta orðið alvarlegar.“ Hún segir lýðræði Íslendinga í hættu vegna efnahagslegs ósjálfstæðis. Í bók sem senn kemur út í Evrópu skrifar hún kaflann „Eitthvað er rotið ...“ um mikilvægi þess að fjölmiðlar taki á spillingu. „Spurning er hvernig þeir eiga að geta það þegar þeir eru sjálfir í valdaflækjunni? Fundur Evrópuráðsins snýst meðal annars um hvort stjórnvöldum beri skylda til að tryggja að fjölmiðlar ræki þetta hlutverk og hvað beri að gera.“

**thordis@frettabladid.is**

---



## 90 ára afmæli

**Magnús Þorsteinsson**

fyrrverandi skipstjóri, Hæðargarði 29, Reykjavík, er níræður í dag, 15. október. Magnús tekur á móti fjölskyldu og vinum í félagsmiðstöðinni, Hæðargarði 31, milli 17.00 og 19.00. Í stað gjafa má á staðnum styrkja langveik börn.

---

AFMÆLI



**Herdís Þorvaldsdóttir** leikkona er 85 ára.



**Bergljót Arnalds,** leikkona og rithöfundur, er 40 ára.

---



†

*Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Sigríður E. G. Biering**
Áskógum 2, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ laugardaginn 4. október. Útförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 16. október kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Skógarbæjar.

**Helga E. Biering** **Sveinn B. Petersen**
**Moritz W. Biering** **Sidsel Eriksen**
**Guðrún Biering** **Hrafn Björnsson**
**Bertha Biering**
**Louise Biering**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Rögnvaldur Þór Þórðarson**
frá Ísafirði, Lækjarsmára 6, Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 13. október. Útförin fer fram frá Digraneskirkju miðvikudaginn 22. október kl. 13.00.

**Elín Skarphéðinsdóttir**
**Magnea Rögnvaldsdóttir**
**Rósa Matthíasdóttir** **Freyr Baldursson**
**Skarphéðinn Smith** **Sigurpála Birgisdóttir**
**Elín Rósudóttir** **Jón Heiðar Víðisson**
**Andri Þór Bjarnason**
**Ragna Lind Bjarnadóttir**
**Anita Ýr Ævarsdóttir**
**og langafabörn.**


FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT
TIL HAMINGJU
EGILSSTAÐIR
– Fréttablaðið fæst nú á miklu fleiri stöðum
Fréttablaðið hefur nú stórbætt dreifingu sína á Egilsstöðum og í Fellabæ og nú er hægt að nálgast blaðið í þar til gerðum Fréttablaðskössum víðsvegar um bæinn. Til hamingju íbúar á Egilsstöðum og Fellabæ.
Fréttablaðskassar við:
Reynivelli 2
Laugarvelli 2
Stekkjartröð 1
Koltröð 1
Bláskóga 2
Einbúablá 4
Gatnamót Selás og Laufáss
Selás 9
Norðurtún
Brekkusel
Skógarsel 1
Bjarkarhlíð 1
Bláagerði á bílaplani
Afhent í verslun
BT Miðvangi
Olís Lagarfelli 2
Bílanaust Lyngási
Samkaup Kaupvangi 6
N1 Kaupvangi 6
Söluskálinn Kaupvangi 6
Egilsstaðaflugvöllur
Egilsstaðaflugvöllur, kaffitería
Shell Fagradalsbraut
Bónus, Miðvangi
Einnig bendum við á að hægt er að lesa Fréttablaðið sem pdf inni á visir.is
Nánari uppýsingar færð þú á www.visir.is/dreifing
Óskir þú frekari upplýsinga eða vilt koma á framfæri óskum um uppsetningu Fréttablaðskassa bendum við þér á að hafa samband við Pósthúsið á dreifing@posthusid.is eða í síma: 585-8330.
Pósthúsið
www.posthusid.is
Allt sem þú þarft...
...alla daga




# Stórvinningur eða stórslys?



NOKKUR ORÐ

**Alma Guðmundsdóttir**

Ég hlustaði á Færibandið á mánudagskvöldið, fyrsta þáttinn hans Bubba á Rás 2. Þar fékk hann til sín Pál Matthíasson geðlækni og þeir áttu meðal annars merkilegar samræður um hamingjuna. Bubbi velti upp þeirri spurningu, hvort maður sem hefði strögglað allt sitt líf á lágum launum yrði ekki hamingjusamari ef hann ynni einn milljarð í lottóinu? Maður myndi ætla að svarið væri jú, en svar Páls kom mér á óvart.



Í hollenskri rannsókn sem var gerð á áttunda áratugnum var annars vegar fylgt eftir fólki sem hafði lent í stórslysi og slasast alvarlega og hins vegar hópi fólks sem hafði unnið háa upphæð í lottói. Ári síðar voru báðir hóparnir komnir á svipaðan stað hamingjulega, hvað varðar sátt og líðan, og þeir voru á áður. Fólkið sem hafði unnið lottóvinninginn var þó heldur óhamingjusamara. Ég held að flestir telji að þeir gætu höndlað stóra vinninginn, en rannsóknin sýndi að hann rændi fólk rútínunni, það hætti gjarnan að vinna, fór að ímynda sér að allt væri falt, varð tortryggið gagnvart vinum sínum og/eða missti þá. Eftir stórslys neyddist fólk hins vegar til að einblína á grunngildin í lífinu, fá hjálp frá sínum nánustu og varð sáttara en fyrrnefndi hópurinn þegar upp var staðið.

Það er mikið búið að rannsaka hamingju og hún virðist fyrst og fremst felast í því að vera í jafnvægi og lifa í sátt við líf sitt og tilveru. Vissulega skipta peningar máli og því fylgir óhjákvæmilega óhamingja að eiga ekki nóg í sig og á, en eins og með svo margt virðast þeir vera bestir í mátulegu magni.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman







Munum eftir útiljósunum

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is




Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið

**!** **Kl. 22**

*Tvær heimildarmyndir verða frumsýndar í Kling og Bang gallerii, Hverfisgötu 42, kl. 22 í kvöld. Um að ræða myndina Fríar fantasíur eftir þau Markús Bjarnason og Guðnýju Rúnarsdóttur og myndina Íslensk alþýða eftir Þórunni Hafstað. Viðburðurinn fer fram á vegum Sequences-listahátíðarinnar og er aðgangur að honum ókeypis.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Sigurður frumflytur á Háskólatónleikum í dag*

Hádegistónleikaröð á vegum Háskóla Íslands hefur síðustu vetur gert sitt til að gleðja tónlistarunnendur á höfuðborgarsvæðinu enda metnaðarfull og áhugaverð dagskrá. Það er því mörgum eflaust fagnaðarefni að tónleikaröðin fer af stað á nýjan leik með tónleikum Kvartetts Sigurðar Flosasonar í Norræna húsinu í hádeginu í dag. Kvartettinn mun þar frumflytja nýja tónlist eftir Sigurð.

Nýju verkin eru fjögur talsins og segir Sigurður þau nokkuð ólík innbyrðis. „Oft er það þannig að maður er að semja tónlist með eitthvert tiltekið tilefni eða flytjanda í huga og þá myndast einhver sameiginlegur þráður sem tengir verkin í það og það skiptið. Þessi nýju lög eru aftur á móti öll samin meðfram öðrum verkefnum og því er lítið sem sameinar þau.“



**SIGURÐUR FLOSASON** Kemur fram á Háskólatónleikum í dag ásamt kvartetti sínum.

Sigurður hefur annars í nógu að snúast þessa dagana því auk þess að koma fram með sínum eigin kvartett sem og ýmsum öðrum hljómsveitum stendur hann einnig í tónlistarútgáfu. „Helsta verkefnið hjá mér um þessar mundir er að reyna að koma út diski þar sem ég leik einleik með Sinfóníuhljómsveit Íslands,“ segir Sigurður. „Upptökum er lokið, en verkefnið er reyndar í smá hléi núna vegna efnahagsástandsins. Það þarf náttúrulega að framleiða sjálfan diskinn erlendis og það er erfitt og dýrt í augnablikinu að koma framleiðslunni af stað. En við bíðum bara og sjáum hvað setur.“

Aðgangseyrir að tónleikunum er 1.000 krónur. Eldri borgarar og öryrkjar fá miðann á 500 kr., en aðgangur er ókeypis fyrir nemendur við Háskóla Íslands. Tónleikarnir hefjast stundvíslega kl. 12.30. **- vþ**



**LEIKLIST** Úr sýningunni sem flutt verður í þrígang í New York í vikunni. Ólafur Egill og Árni Pétur gera tilraunir á Ingvari Sigurðssyni. MYND: LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

# Woyzek sýndur í New York

Vesturport sýnir sviðsetningu Gísla Arnar Garðarssonar á Woyzek í New York í vikunni. Nær fimmtíu manna flokkur hélt til New York á sunnudag og eru þrjár sýningar á verkinu á vegum BAM-hátíðarinnar. Gísli Örn segir hrakfarir í fjármálalífi þjóðarinnar hafa lítil áhrif á starfsemi Vesturports, fram undan séu sýningarferðir á hátíðir víða um lönd, bæði á Hamskiptunum og Woyzek. Þá komi til álita að æfa Rómeó og Júlíu upp og fara með stykkið á leikför. Boð leiklistarhátíða skoði flokkurinn gaumgæfilega og þekkist einungis þau sem tryggja fulla fjárhagslega aðkomu að sýningum Vesturports erlendis, enda hafi flokkurinn notið takmarkaðs stuðnings frá einkaaðilum til sýningarferðalaga, fái jafnvel ekki styrki úr Thalíu, ferðasjóði Reykjavíkur og Icelandair.

BAM-hátíðin hefur um langt árabil verið ein helsta blandaða listahátíð New York um árabil og er mikill heiður fyrir Vesturport að fá þar aðgang. Hún var lengi vel nátengd framvörðum í listalífi borgarinnar og leggur ríka áherslu á blöndu listgreina í nýsköpunarverkefnum. Sýning Vesturports á æskuverki Georg Buchner var unnin í samstarfi Leikfélags Reykjavíkur, Bite-hátíðarinnar í Barbican, Old Vic-leikhússins í London og Vesturports. Hún var frumsýnd hér á landi í Borgarleikhúsinu 2005 og var það í fyrsta sinn sem Nick Cave gekk til samstarfs við Vesturport. Nú mun vera í bígerð sviðsetning á öðru sígildu verki þýskra bókmennta í samstarfi Nick Cave við Vesturport á Faust eftir Goethe.

**pbb@frettabladid.is**

# Klezmer á konsert

Það var fullt á sunnudagskvöld í Neskirkju þegar söngsveitin Fílharmónía hélt þar tónleika á sunnudag. Í kvöld gefst öllum þeim sem misstu af sunnudagstónleikunum tækifæri til að mæta og sjá og heyra kórinn flytja þjóðlagatónlist gyðinga frá Austur-Evrópu, klezmer, sem hefur átt sívaxandi vinsældum að fagna hér á landi á liðnum árum. Með Fílharmóníunni koma fram systkinin Ragnheiður og Haukur Gröndal og þjóðlagasveit hans. Magnús Ragnarsson er stjórnandi tónleikanna.

Þau systkin Haukur og Ragnheiður hafa átt mikinn þátt í að vekja athygli á þessari litríku og fjörugu tónlist hér á landi. Í henni blandast saman forn stef úr trúarlegri tónlist gyðinga við dans- og þjóðlagatónlist Evrópu og Mið-Austurlanda, ekki síst úr grískri og tyrkneskri alþýðutónlist. Haukur Gröndal stofnaði íslensk-dönsku klezmerhljómsveitina Schpilkas, sem hefur gefið út tvær hljómplötur, en Ragnheiður söng með hljómsveitinni. Ragnheiði Gröndal þarf ekki að kynna fyrir íslenskum tónlistarunnendum. Hún hefur sungið sig inn í hug og hjörtu landsmanna og gefið út fjórar sólóplötur sem allar hafa



**RAGNHEIÐUR GRÖNDAL, SÖNGKONA**

náð miklum vinsældum og sungið með ýmsum hljómsveitum auk Schpilkas. Söngsveitin hélt klezmertónleika með þeim systkinum haustið 2007 sem þóttu takast afar vel.

Í hljómsveitinni leika auk Hauks, Erik Qvick á trommur, Matthías Stefánsson á fiðlu, Vadim Fedorov á harmóníku og Þorgrímur Jónsson á kontrabassa. Tónleikarnir í kvöld hefjast kl. 20 í Neskirkju (við Hagatorg). Miðar fást í versluninni 12 tónum á Skólavörðustíg og við innganginn. **- pbb**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 15. október**

**Kvikmyndir**

**22.00 Heimildarmyndabíó** Sýndar verða myndirnar Íslensk alþýða og Fríar fantasíur í Kling & Bang gallerii, Hverfisgötu 42.

**Tónleikar**

**12.30 Kvartett Sigurðar Flosasonar** frumflytur ný verk í Norræna húsinu, Sturlugötu 5.

**20.00 Klezmertónleikar** Söngsveitin Fílharmónía ásamt systkinunum Ragnheiði og Hauki Gröndal og þjóðlagasveit hans, verða með tónleika í Neskirkju við Hagatorg.

**20.00 Klassík á Kjarvalsstöðum** Helga Bryndís Magnúsdóttir píanóleikari leikur klassísk verk. Kjarvalstaðir, v/ Flókagötu.

**Fyrirlestrar**

**12.00 Að læra án þess að þjást** Michael Serge heldur fyrirlestur í Háskólanum á Akureyri, Sólborg L201, v/ Norðurslóð.

**Sýningar**

**Prjónaheimur Lúka** Systurnar Gunnhildur og Brynhildur Þórðardætur sýna hönnun á munstri fyrir íslensku ullina á Torginu í Þjóðminjasafni Íslands. Sýningin hefur verið framlengd til 19. okt. Opið alla daga vikunnar nema mánudaga kl. 11.00-17.00.

**Síðustu Forvöð**

**Kristín Tryggvadóttir** sýnir í Reykjavík Art Galery, Skúlagötu 30. Sýningin stendur til 17. okt. og er opin alla daga nema mánudaga.

**Myndlist**

**Hallur Karl Hinriksson** sýnir í Galleri Fold, Rauðaárstíg 14. Sýningin stendur til 19. okt. og er opin alla virka daga kl. 10.00-18.00, lau. kl. 11.00-16.00 og sun. 14.00-16.00.

**Furðudýrafræðasafn** Hr. og Fr. Rees. Listamennirnir og hjónin Samuel og Marina Rees sýna í Menningarmiðstöðinni Skaftfell, Austurvegi 42, Seyðisfirði. Sýningin er opin miðvikudaga til föstudaga frá 13.00 - 16.00.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**









## > ENN TÁGRÖNN



**Eva Longoria** segist ekki eiga von á barni og enn vera í stærð núll. Hin 33 ára Eva hefur hlotið mikla umfjöllun út á vaxtarlag sitt að undanförnu eftir að myndir birtust af henni sem sýndu að hún hafði bætt á sig nokkrum kílóum. Þá vildu margir meina að hún ætti von á barni, en hún segir þyngdaraukningu sína eingöngu tengjast hlutverki sínu í sjónvarpsþáttunum Aðþrengdum eiginkonum og segist enn komast í öll gömlu fötin sín.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Á sama hóteli og Dillinger

Mugison er nýkominn heim eftir tveggja vikna tónleikaferð um Bandaríkin. Hljómsveitin hans var ekki með honum í þetta sinn heldur eingöngu hljómborðsleikarinn Davíð Þór Jónsson ásamt einum hljóðmanni.

„Við höfðum ekki efni á að taka bandið,“ segir Mugison, sem fékk góðar viðtökur. „Þetta var fínt í New York og Los Angeles en við vorum langhrifnastir af Tuscon í Arizona. Ef þjóðin eignast einhverja peninga aftur mætti fólk alveg fara þangað,“ segir hann. „Þetta er á landamærum Mexíkó og var eins og alvöru villta vestrið. Dillinger, sem er einn frægasti bankaræningi sögunnar, var handtekinn á þessu hóteli sem við vorum á og í kjallaranum bjuggu tugir kínverskra þræla sem voru látnir leggja lestarteina.



**MUGISON** Mugison hvílir lúin bein eftir tveggja vikna tónleikaferð um Bandaríkin.

Síðan mætti ein fimmtug blökkukona á tónleikana og rassgatið á henni var á stærð við góðan traktor.“

Mugison hefur verið á stífu ferðalagi um allan heiminn síðan í apríl til að fylgja eftir plötu sinni Mugiboogie. Hann segist ekkert vera orðinn þreyttur á spilamennskunni. „Þetta er búið að vera nokkuð þétt og ég fer örugglega að verða kominn upp í níutíu tónleika en ég hef alltaf gaman af því að spila fyrir fólk. Það er samt leiðinlegt að vera alltaf frá fjölskyldunni.“

Framundan hjá Mugison er tónleikaferð um Evrópu í nóvember og desember með hljómsveit sinni og ætlar hann að gefa út tvær smáskífur af því tilefni. Einnig hefur honum verið boðið á bresku tónlistarhátíðina All Tomorrows Parties í desember þar sem hann verður hópi með fjölda af þekktum sveitum á borð við Butthole Surfers, Melvins, Squarepusher og hinni íslensku Ghostigital. - fb

## TOPP 10

# *Ekki fyrirferðarmikið í fréttaannálunum*

Innlendir fréttaannálar sjónvarpsstöðvanna þurfa líklega að vera lengri en vanalega, eða þeim mun samanpakkaðri, því árið 2008 hefur verið algjört metár í innlendum stórfréttum. Áður en á okkur dundi fjármálahrun með allri þeirri skelfingu, var meðal annars boðið upp á Suðurlandsskjálfta, ísbirni, fáránlega atburðarás í borgarstjórn Reykjavíkur og gasaða vörubílstjóra. Það er því ljóst að margt fær ekki að vera með í annálunum, þar á meðal þetta:







**Topp 10**

1. **2008 – Ár kartöflunnar**
2. **Gunnar Örn Guðmundsson** dýralæknir ætlaði að kæra meindýraeyðinn sem lógaði minki í Leifasjoppu.
3. **Tyggjóið í Tyggjótrúði Kjöríss** fjarlægt.
4. **Björgvin Halldórsson** keypti sér vespu.
5. **Frjálshyggjustrákar** safna peningum fyrir Hannes Hólmstein.
6. **Geir og Ingibjörg** tóku einkaþotu á NATO-fund.
7. **Bubbi Morthens** var nærri drukknaður um verslunarmannahelgina.
8. **Bleikt og blátt** lagði upp laupana.
9. **Friðrik Ómar** móðgar Merzedes Club með tómri tunnu.
10. **Fjörutíu ára afmæli H-dagsins.**

# Tónleikar í Hljómalind

Fjöldi hljómsveita kemur fram á kaffihúsinu Hljómalind meðan á Iceland Airwaves stendur, dagana 15. til 19. október. Á meðal þeirra verða breska sveitin Florence and the Machine, Jamie de Moon frá Bandaríkjunum, Digital Madness, Sagtmóðigur, Dys og Mai Chi frá Bretlandi.

Ókeypis verður inn á tónleikana en nánari upplýsingar má finna á síðunum Myspace.com/electroniecthics og kaffhljomalind.org. Það eru Iceland Airwaves, Nýja samvinnuhreyfingin og Hljómalind sem skipuleggja þessa tónlistarhátíð í sameiningu.



**SKIPULEGGJENDUR** Skipuleggjendur hátíðarinnar, þeir Ólafur Thorsson, Siggi pönk, Einar Friðjónsson og Einar Sigurðsson.

# Við erum Sökudólgarnir

Sökudólgarnir eru fundnir. Þeir eru hljómsveitin Sökudólgarnir. „Mér þykir bagalegt hversu margir hafa talað niður til Sökudólganna í þjóðfélaginu að undanförnu,“ segir Skúli Þórðarson, einn Sökudólganna. Hann syngur og spilar á gítar. Hann vill ekki gangast við hamförum fjármálalífsins en gengst við fimm laga plötunni „Líf og fjör“, sem nýkomin er út. Á plötunni má meðal annars heyra lagið „Í dag er kölski kátur“.

„Við erum bít-hljómsveit, spilum rokkabillí og blús og syngjum á íslensku,“ segir Skúli. Hann segir diskinn hugsaðan sem fjármögnun fyrir stærra verkefni á útgáfusviðinu. Diskurinn kemur í brúnum bréfpoka og í einum af hverjum tuttugu pokum leynist óvæntur glaðningur. „Það eru vinningar eins og kaffi hjá Kaffifélaginu og pylsa og kók hjá Bæjarins bestu. Líka geisladiskar og bækur. Það er rosalega góð markaðsfræði á bak við þetta. “ - drg



**HÖFÐA TIL FJÁRHÆTTUSPILARA** Sökudólgarnir frá vinstri: Gunni, Hörður, Skúli og Geiri. Á myndina vantar Dag Bergsson. MYND/JULIA STAPLES







FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**KREPPUBOLIR**

**Bragi í Ranimosk** var með tvo boli sem passa nú vel við. **Dögg í Dogma** er með puttana á púlsinum og kennir Davíð Oddssyni um ástandið.

# KREPPUBOLIR Í MIÐBÆNUM

**Bolabúðirnar í miðbænum eru á tánum vegna atburða líðandi stundar. Í Dogma á Laugavegi er bolur með Davíð Oddssyni innan í bannmerki kominn út í glugga.**

Stefán Valberg, eigandi Dogma, segist ekki vera með nýjan bol í vinnslu akkúrat í augnablikinu en stutt sé í það. „Fyrir utan Davíðsbolinn erum við með boli sem á stendur „Þetta reddast“ og „Ég er blankur“. Svo er einn sem á stendur „Ísland er blankasta land í heimi“. Hann er eiginlega alveg kominn í staðinn fyrir bolinn sem á stóð „Ísland er stórasta land í heimi“.

Bolirnir kosta 2.500 kall stykkið og Stefán segist ekkert ætla að lækka verðið í kreppunni. „Það ætti nú frekar að hækka, gengið er orðið svo vangefið.“

Úrval kreppubola hefur ekki aukist í búðinni Ranimosk á Laugavegi, en tveir bolir sem voru komnir í sölu fyrir hrunið mikla hafa gengið vel að undanförnu. „Við settum bol sem á stendur „Maður í losti“ út í glugga og hann hefur selst vel. Þetta er mynd úr eldgamalli hjálp í viðlögum-bók sem sýnir mann í losti með upptalningu á því sem gerist þegar maður fer í lost. Fólk glottir í annað,“ segir Bragi Halldórsson, verslunarmaður. „Svo erum við að selja bolinn „Bankanum þínum er sama um þig“, fyrir Siggu Pönk. Hann kostar 2.000 kall hjá okkur og það má ekki selja hann dýrar.“ drgunni@frettabladid.is

## BOLIR TIL HÖFUÐS ÍSLANDI

Heimasíðan **SpreadShirt** býður um þessar mundir til sölu boli þar sem finna má áletranir til höfuðs Íslandi. Spread Shirt virkar þannig að notandi getur keypt sér aðgang að heimasíðunni, búið sér til bol með áletrun sjálfur og nálgast hann í einhverjum af fjölmörgum útibúum SpreadShirt í Evrópu. Og svo virðist sem nýjast „æðið“ meðal notenda SpreadShirt sé fjármálakrísan á Íslandi og sú staðreynd að þúsundir breskra sparifjáreigenda eigi eftir að eiga í erfiðleikum með að fá þá peninga til baka. Meðal bola sem notendur heimasíðunnar hafa búið til er: „THE COD WAR- FANCY A REPLY ICELAND?“ en höfundur þess bols bjó greinilega ekki yfir þeirri söguþekkingu að Íslendingar unnu fullnaðarsigur í því stríði. Af öðrum bolum sem notendur SpreadShirt hafa búið til að undanförnu má nefna „My Mom is in Iceland- To get my bloody money.“ En það myndi væntanlega útleggjast á íslensku: „Mamma mín er á Íslandi til að ná í fjárans peningana mína.“ Hægt er að kynna sér málið á Spreadshirt.net..




# Söngkonur í aðalhlutverki

„Ég talaði við stelpur sem mig langaði til að sjá spila og við ákváðum að stofna Trúbatrixur sem yrði grundvöllur fyrir okkur allar til að koma okkur á framfæri,“ segir tónlistarkonan Myrra Rós Þrastardóttir um Trúbatrixur sem samanstanda af þjóðþekktum og upprennandi íslenskum söngkonum. Hópnum var boðið að halda tveggja daga „mini festival“ á Café Rósenberg dagana 17. og 18. október samhliða Iceland Airwaves-hátíðinni, eftir að þær héldu vel heppnað tónleikakvöld þar í september.

„Það kostar mjög mikið á Airwaves og sumir hafa bara ekki efni á því. Eins og ástandið er í landinu í dag fannst okkur það rosalega vel við hæfi að hafa frítt inn, en við verðum með fjáröflun þar sem fólk getur gefið frjáls framlög ef það langar til,“ útskýrir Myrra, en auk þjóðþekktra söngkvenna á borð við Lay Low, Dísu, Fabúlu og Ellen Kristjáns verður framinn gjörningur, stiginn magadans og boðið upp á vöfflur og með því.

Erlendir aðilar hafa staðfest komu sína og hún segir hátíðina aðeins vera byrjun á fleiri tónleikum hjá Trúbatrixum. „Við bindum okkur ekki eingöngu við Reykjavík. Við ætlum að syngja í Keflavík, það er á döfinni að fara til Þýskalands og svo er stefnan að halda þetta í Ástralíu næsta sumar,“ segir Myrra að lokum. - ag



**BJÓÐA Á TÓNLISTARHÁTÍÐ** Myrra Rós Þrastardóttir er ein þeirra söngkvenna sem skipa Trúbatrixur og munu koma fram á Café Rósenberg dagana 17. og 18. október, samhliða Iceland Airwaves-hátíðinni.

# Leiðsögumaður birtir umdeildar myndir á bloggi sínu

**Kjartan Pétur Sigurðsson, leiðsögumaður með meiru, hefur birt myndir af sumarbústöðum margra ríkustu manna Íslands á vefsíðu sinni. Mikil umræða hefur skapast um bústaðina.**



**ÓHRÆDDUR** Myndbirtinar Kjartans hafa vakið mikla athygli og er augljóslega enn einn vinkillinn um það góðæri sem ríkt hefur hér á landi.

„Ég hef aldrei fengið svona mikil viðbrögð. Sjálfsagt passa þessar myndir vel inn í umræðuna um þessar mundir,“ segir Kjartan Pétur Sigurðsson leiðsögumaður sem birt hefur myndir af sumarhöllum íslenskra auðmanna á bloggsíðu sinni. Leiðsögumaðurinn nafngreinir ekki mennina sem eiga bústaðina en segir þetta vera sitt innlegg í umræðuna um þátt auðjöfranna í þeim skakkaföllum sem íslenskt efnahagslíf hefur mátt þola að undanförnu.

Leiðsögumaðurinn tók myndirnar úr mótorsvifdreka og hafði legið á sumum þeirra í dágóðan tíma. En í ljósi undangenginna atburða fannst Kjartani við hæfi að sýna almenningi þær nú á photo.blog.is.

Þegar Kjartan er spurður um viðbrögðin kemur í ljós að hann hefur flúið land og býr nú í Danmörku. „Ég fór fyrir mánuði, var alveg kominn með upp í kok af þessu ástandi hérna og hafði sjálfur rekist á nokkra veggi,“ bætir hann við.

Kjartan segist hvergi banginn við það að valda einhverri úlfúð innan ríkukarla-samfélagsins og hefur reyndar þá tilfinningu að fólk sé minna hrætt við auðjöfrana. „Auðvitað var maður á báðum áttum hvort maður ætti að birta myndirnar en þetta er bara mín leið til að berjast fyrir okkar réttindum.“ Á huldu liggur hverjir eiga hvern bústað og Kjartan vildi ómögulega upplýsa það. Við einn stendur þó á heimasíðunni að þar sé í byggingu bústaður eins Kaupþingsforstjóranna en óhætt er að segja að mörgum þætti hreinlega fínt að geta átt svona hús, hvað þá að nota þau þegar stund gefst milli stríða.

freyrgigja@frettabladid.is

# Gerði grín að Íslandi

Breski grínistinn Graham Norton tók Ísland fyrir í síðasta þætti sínum á sjónvarpsstöðinni BBC 2. Þegar hann gekk inn í salinn sagði hann: „Þið áhorfendur virðist vera vel upp lagðir. Það lítur ekki út fyrir að þið hafið verið með ævisparnaðinn ykkar í íslenskum banka.“ Þegar hlátrasköllunum linnti sagði hann að Ísland væri nefnilega farið á hausinn, ekki verslunin Iceland heldur landið sjálft.

Hann gerði svo nokkurt grín að því að verslunin Iceland færi ekki á hausinn á meðan Kerry Katona væri að auglýsa vörur þeirra, en hún hefur sætt talsverðri gagnrýni fyrir þétt vaxtarlag sitt. Í lokin óskaði Norton svo öllum Íslendingum sem væru að horfa á þáttinn góðs gengis, á mjög svo kaldhæðinn hátt.



**KALDHÆÐINN** Graham Norton óskaði íslenskum áhorfendum góðs gengis í síðasta þætti sínum, á mjög svo kaldhæðinn hátt.









# Partí í heyrnartólunum

FM Belfast hefur verið ein vinsælasta tónleikasveit landsins í nokkurn tíma. Tónleikar hennar á Gauknum á Airwaves í fyrra voru einn af hápunktum hátíðarinnar. Engum sem þar var gat dulist að þarna fór ein af ferskustu og skemmtilegustu partísveitum seinni tíma. Lagið Cynthia, sem var á Airwaves-disknum í fyrra, var líka eitt af flottustu lögum síðasta árs. Algjör stuð- og gleðismellur.

Spennan eftir fyrstu plötu FM Belfast hefur verið mikil. Nú er hún komin og það er hægt að segja það strax að hún veldur ekki vonbrigðum. Tónlist FM Belfast er dansvænt teknópopp. Það er erfitt að fara ekki að dilla sér þegar maður heyrir þessi lög, en þau eru líka melódísk og grípandi, hljómurinn er ferskur og textarnir eru frábærir. Söngútsetningarnar eru mjög vel heppnaðar. Það er einhver léttgeggjaður sing-a-long æsingur í þeim sem rífur stuðið og stemninguna upp á efsta stig og Lóa og Árni eru bæði fínir söngvarar.

Það eru ellefu lög á How to Make Friends og hvergi er veikan blett að finna. Hún byrjar með krafti á Frequency og heldur áfram með Underwear og svo rekur hver smellurinn annan. Cynthia er þarna auðvitað og lagið Lotus sem hefur vakið töluverða athygli, en textinn í því er útfærsla á Rage Against The Machine-textanum Killing In The Name.

Eins og áður segir eru textarnir, sem eru mjög einfaldir og á ensku, frábærir. Þeim mætti lýsa sem húmorísku sjónarhorni á smáeyjaeinangrunina. Í Underwear er sungið um stað þar sem endalaust er beðið eftir að ekkert gerist („We're Running Down The Street in our Underwear...Because Nothing Ever Happens Here"), í VHS er fall vídeó-spólunnar harmað („My Love for VHS Will Go on... They made me switch the systems") og í Par Avion láta sögumenn sig dreyma um hús í Karíbahafinu („I saw a commercial on my television about the Carribean/We could go there par avion") svo nokkur dæmi séu tekin.

How to Make Friends er fullkomlega heppnuð partípoppplata, anno 2008. Það á enn eftir að koma út slatti af spennandi plötum á árinu, en það þarf töluvert mikið að gerast til að How to Make Friends verði slegin út sem besta plata ársins. **Trausti Júlíusson**



**TÓNLIST**

**How to Make Friends**

FM Belfast

★★★★★

Með How to Make Friends hefur FM Belfast tekist að búa til hina fullkomnu partípoppplötu fyrir árið 2008. Hvergi veikur blettur.

# Kaótískt ástand í bransanum

**Anthony Volodkin, stofnandi einnar mikilvægustu tónlistarsíðu internetsins, Hype Machine (hypem.com), er staddur hérlendis til að taka þátt í tónlistarráðstefnunni You Are in Control á vegum Útflutningsskrifstofu íslenskrar tónlistar. Steinþór Helgi Arnsteinsson ræddi við Anthony um framtíðina í tónlist.**



**ÓLJÓS STAÐA Í TÓNLISTARHEIMINUM** Anthony Volodkin rekur tónlistarsíðuna Hype Machine sem nýtur mikilla vinsælda. Hann segir að ástandið í tónlistarheiminum sé kaótískt en fjölmörg sóknarfæri séu fyrir hendi. LJÓSMYND/JULIA STAPLES

Hypem.com-verkefnið hófst fyrir um þremur árum. Að eigin sögn stofnaði Anthony síðuna þar sem hann fann engan vettvang með umfjöllun um nýja tónlist sem hann var ánægður með. „Það var á þeim tíma sem ég rakst á tónlistarblogg en það kom mér mjög á óvart að sjá fólk skrifa um tónlist einfaldlega vegna þess að því líkaði hún," segir Anthony. Fljótlega í kjölfarið varð mikil sprengja á þessu sviði sem varð til þess að hann stofnaði Hype Machine, sem má lýsa sem eins konar safnmiðli fyrir öll helstu tónlistarbloggin, þar sem er hægt að leita eftir tónlistarmönnum, lögum og helstu bloggurum. Í upphafi náði síðan til 150 bloggara en nú eru bloggin um tvö þúsund enda þykir einkar eftirsóknarvert að vera hluti af þessu samfélagi.

Síðan er öðru fremur ætluð til að kynnast nýrri tónlist en ekki til að hlusta á fría tónlist. Af þeim sökum segir Anthony að mörg plötufyrirtæki líti hýru auga til síðunnar og noti hana til að sjá hvaða tónlistarmenn eru að fá mesta „hæpið", það er hvaða tónlistarmenn er mest verið að leita eftir og um hverja er helst bloggað.

Anthony telur síðuna ekki þurfa að einskorða sig við tónlistarblogg og sér í framtíðinni fyrir sér að hún geti stækkað til muna. „Við erum núna að vinna að ýmsum tólum sem geta hjálpað bloggurum að vinna sína vinnu enn betur og einnig tæki fyrir plötufyrirtæki til þess að fá betri yfirsýn yfir hvað allir þessir bloggarar eru að gera."

Anthony var hérlendis í sumar að slaka á en kemur nú aftur til þess að sitja ráðstefnuna You Are in Control sem Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar stendur fyrir samhliða Airwaves-hátíðinni. En hver er við stjórnvölinn þessa stundina í tónlistarbransanum? „Margir hlutir eru að breytast mjög ört þessa stundina, þannig að staðan akkúrat núna er nokkuð óljós. Ég myndi þess vegna segja að breytingar væru við stjórnvölinn. Þrátt fyrir að ástandið sé kaótískt þá er það mjög spennandi því sóknarfærin eru fjölmörg."

# Hamlet hittir Jesúm og Einstein

Hamlet 2 segir frá misheppnaða leikaranum Dana Marschz sem er nú leiklistarkennari í menntaskóla. Hann hefur sett þar upp mörg leikrit, sem hefur verið tekið fremur illa. Þegar loka á leiklistardeildinni fær hann síðasta tækifærið til að sanna sig og ákveður að setja upp frumsamið verk: söngleikjaframhald af Shakespeare-harmleiknum Hamlet. Allir deyja jú í endanum, en Dana finnst það svo niðurdrepandi að hann fær Hamlet til að bjarga deginum með tímavél, og heimsækja í leiðinni Jesúm og Einstein. Eins og við mátti búast verður leikritið umdeilt og mætir talsverðri andspyrnu.

Hamlet 2 kom, sá og sigraði á Sundance-kvikmyndahátíðinni og sló því sem næst met hátíðarinnar í kaupum á kvikmynd. Enda byggist hún á skemmtilega fáránlegri hugmynd með söngleiknum góða sem gefur myndinni bráðskemmtilegan hápunkt í endanum. Við þetta blandast litskrúðugir karakterar sem nemendahópur kennarans stendur saman af, og leikið er að klisjum sem eru jafnan í slíkum myndum, t.d. um karlrembuföðurinn sem bannar syni sínum að leika.

En það er Steve Coogan sem heldur ávallt fjörinu gangandi en hann þorir að ganga langar leiðir í að niðurlægja sjálfan sig fyrir grínið; greinilegt að eftir þessa og Tropic Thunder ræður hann við aðalhlutverk í Hollywood. Catherine Keener úr The 40 Year Old Virgin og Amy Poehler eru fyndnar í sínum rullum og gaman er að sjá Elizabeth Shue leika sjálfa sig, fyrrverandi leikkonu sem fékk sig fullsadda og er nú hjúkka.

En þótt hugmyndin að þessari mynd hafi án efa hljómað vel á blaði er afraksturinn ekki alveg jafn fyndinn og hefði getað orðið. Þrátt fyrir það er myndin ágætlega fyndin og tilvalin til að létta lund landans, sem ekki veitir af um þessar mundir. **Loftur Ingi Bjarnason - Topp5.is**



**KVIKMYNDIR**

**Hamlet 2**

Leikstjóri: Andrew Fleming. Aðalhlutverk: Steve Coogan, Catherine Keener.

★★★

Steve Coogan heldur uppi ágætri gamanmynd.


NÝTT Í BÍÓ!



SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE BUNNY | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM LÚXUS | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| PINAPPLE EXPRESS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 | L |
| GRÍSIRNIR 3 | kl. 3.45 | L |
| LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR | kl. 4 | L |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| BURN AFTER READING | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 16 |
| PINAPPLE EXPRESS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| STEP BROTHERS | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | 12 |
| MIRRORS | kl. 10.20 | 16 |
| RAFMÖGNUÐ REYKJAVÍK | kl. 5.30 - 6.45 | L |
| BABYLON A.D. | kl. 5.45 - 8 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE BUNNY | kl. 5.45 - 8 - 10.15 | L |
| HAMLET 2 | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 6 - 8.20 - 10.30 | 14 |
| BURN AFTER READING | kl. 8 - 10.15 | 16 |
| MAMMA MIA | kl. 5.30 | L |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| HOUSE BUNNY | kl. 8 - 10 | L |
| REYKJAVÍK-ROTTERDAM | kl. 6 - 8 - 10 | 14 |
| MAMMA MIA | kl. 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANN Á midi.is

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

Nýtt í bíó LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| RIGHTEOUS KILL | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 6, 8 og 10 | 12 |
| LUKKU LÁKI - Ísl. Tal | kl. 6 (650 kr.) | L |
| MAMMA MIA | kl. 8 og 10 | L |

SAMBÍÓIN



SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8 - 10:10 | VIP |
| QUEEN RAQUELA | kl. 8 -10:10 | 12 |
| PATHOLOGY | kl. 8 - 10:10 | 16 |
| WILD CHILD | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | L |
| GEIMAPARNIR m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 5:50 | L |
| TROPIC THUNDER | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| TROPIC THUNDER | kl. 5:50 | VIP |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| QUEEN RAQUELA | kl. 6 - 8 -10 DIGITAL | 12 |
| NIGHTS IN RODANTHE | kl. 8:10 - 10:20 | L |
| HAPPY GO LUCKY | kl. 5:50 | 12 |
| DEATH RACE | kl. 10:20 | 16 |
| JOURNEY 3D DIGITAL-3D | kl. 6 | L |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| QUEEN RAQUELA | kl. 10:10 | 12 |
| CHARLIE BARTLETT | kl. 8 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| QUEEN RAQUELA | kl. 8 | 12 |
| RIGHTEOUS KILL | kl. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| REYKJAVÍK ROTTERDAM | kl. 8 - 10:10 | 14 |
| QUEEN RAQUELA | kl. 8 | 12 |
| PATHOLOGY | kl. 10 | 16 |



**THOM YORKE** Útgáfufélag Radiohead kannast ekkert við að Thom Yorke hafi tekið upp nýtt lag með Björk.

# Tók ekki upp með Björk

Samkvæmt útgáfufélagi hljómsveitarinnar Radiohead hefur söngvarinn Thom Yorke ekki tekið upp neitt nýtt efni með Björk. Nýtt smáskífulag söngkonunnar, Náttúra, þar sem Yorke syngur bakraddir undir áköfum trommutakti, kemur út 20. október og samkvæmt fregnum úr herbúðum Bjarkar tóku þau lagið upp saman.

Einhver vafi virðist þó leika á því og talið er líklegt að söngur Yorke sé annaðhvort „samplaður" eða hafi verið tekinn upp fyrir löngu síðan. Björk og Yorke hafa einu sinni áður sungið saman, eða í laginu I´ve Seen It All úr myndinni Dancer in the Dark frá árinu 2000. - fb

# Breytt viðhorf til Íslendinga

„Ég ákvað að gefa lagið út á Íslandi fyrst til að geta verið á staðnum og kynnt það. Svo er alltaf fínt að hafa afsökun til að koma til Íslands," segir tónlistarkonan Hafdís Huld Þrastardóttir, sem er búsett á Íslandi og í Bretlandi. Hún er nú stödd hérlendis til að kynna nýjasta lag sitt, Stop, sem kemur út í Evrópu og á iTunes 24. nóvember næstkomandi, en er væntanlegt á tonlist.is í lok vikunnar.

„Þetta er gamalt Sam Brown-lag sem var notað í Mercedes Benz-auglýsingu sem ég lék í og er mjög „eitíslegt", með miklum bakröddum. Þegar fólk fór svo að spyrja eftir minni útgáfu af laginu ákvað ég að gera Hafdísarlegri útgáfu sem er mjög lágstemmd og ólík þeirri upprunalegu," útskýrir Hafdís og segist vera að skoða möguleikann á því að koma með hljómsveit sína hingað til lands til að taka upp næstu plötu. „Ísland togar alltaf mikið í mig og mig langar að koma með fólkið hingað, en það er kannski ekki vinsælt að koma með fulla flugvél af Englendingum til landsins eins og staðan er í fjármálaheiminum akkúrat núna," bætir hún við og segist óhjákvæmilega finna fyrir breyttu viðhorfi Breta í garð Íslendinga.



**GEFUR ÚT NÝTT LAG** Hafdís segist upplifa það í fyrsta skipti að það sé ekki „ógeðslega kúl" að vera Íslendingur í Bretlandi, en vonar að það líði fljótt hjá.

„Þetta er í fyrsta skipti sem það er ekki ógeðslega „kúl" að vera Íslendingur. Ég er ein af þeim sem er rosalega stolt af því, en núna byrja allir fréttatímar á því hvað við Íslendingar erum búnir að gera Englendingum. Venjulegt fólk veit flest að þetta er ekki fólkinu í landinu að kenna og þetta á eftir að líða hjá, en það er viðbúið að ég verði spurð út í fjárhagsástandið þegar ég fer að kynna smáskífuna," segir Hafdís. - ag



**GRAPEVINE** Markaðsstjórinn Jón Trausti Sigurðarson og ritstjórinn Sveinn Birkir Björnsson gefa út Grapevine Airwaves. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Gefa út blað um Airwaves

**Tímaritið Reykjavík Grapevine stendur fyrir daglegri útgáfu tónlistarblaðsins Grapevine Airwaves á meðan tónlistarhátíðin Iceland Airwaves stendur yfir.**

**Grapevine Airwaves kemur út þrisvar sinnum og verður það fyrsta gefið út á föstudag. Blaðið verður skrifað á ensku og í því verða viðtöl við listamenn sem koma fram á hátíðinni, umfjöllun um tónleika sem fóru fram kvöldið áður, ásamt upplýsingum fyrir erlenda gesti hátíðarinnar. Erlendir blaðamenn frá blöðum á borð við The Guardian og Kerrang! skrifa í blaðið. Þetta er fjórða árið í röð sem blaðið er gefið út og er það prentað í 15 þúsund eintökum. - fb**

**ICELAND AIRWAVES:** DAGUR 1



**KEYPTU FIMMTÍU METRA AF SANDPAPPÍR** Reykjavík! gantast í blómabeði. MYND/JULIA STAPLES

# *Reykjavík! í sandpappír*

Útgáfan Kimi Records frá Akureyri heldur sérstakt Kima-kvöld á Tunglinu (Gauki á Stöng). Boðið er upp á eðaldagskrá. Mexíkóska einmenningssveitin Halo Between hefur leik kl. 19, svo koma Hellvar, Morðingjarnir, Borko, Benni Hemm Hemm, Hjaltalín, Retro Stefson og Reykjavík! Tvö síðustu böndin gefa nú út nýjar plötur sem verða til sölu í fyrsta sinn á tónleikunum. Ungstirnin í Retro Stefson eru að gefa út fyrstu plötuna sína sem heitir Montaña. Önnur plata Reykjavik!, The Blood, kemur ekki út fyrr en í nóvember, en í kringum Airwaves verða gerð alveg spes 200 eintök.

„Við pökkuðum þessu inn í gærkvöldi," segir Baldvin Esra hjá Kima. „Það voru keyptir fimmtíu metrar af sandpappír og svo hjálpuðust allir við að pakka þessu saman."

Baldvin segir kreppuna krefjandi viðfangsefni. „Maður finnur bara leiðir fram hjá henni og gerir hlutina öðruvísi. Það er enn þá ódýrara að pressa diska úti – vonar maður allavega – en svo púsla menn saman umslögum eða láta búa til innanlands. Það er svo vonandi að fólk fari að kaupa plötur til að gefa í jólagjöf frekar en bíla eða eitthvað."

Einnig verður opið fyrir almenning í æfingahúsnæði Reykjavík!, Borko og fleiri banda yfir hátíðina á milli kl. 13 og 18. Æfingahúsnæðið er á Smiðjustíg, við hliðina á Grand rokki. - drg

## MEIRA GOTT Í KVÖLD

***Músgefjun*** trallar sitt þjóðlagarokk á Organ kl. 21.45

**Jeff Who?** slúttar góðu íslensku kvöldi á Hressó kl. 23

Skosku rokkararnir í **Biffy Clyro** á Nasa kl. 23.45

# Dreptu betur í kvöld

Svokallaðar „pöbb-kviss" spurningakeppnir hafa verið vinsælar að undanförnu og eru oft kallaðar „Drekktu betur". Í kvöld verður boðið upp á sérstaka glæpaspurningakeppni sem kölluð er „Dreptu betur". Rithöfundarnir Árni Þórarinsson og Páll Kr. Pálsson hafa samið spurningarnar og spyrja gesti. Þeir ætla að spyrja út í glæpasögur og kvikmyndir. Fyrirkomulagið er það sama og í „Drekktu betur". Í hinni svokölluðu „bjórspurningu" verða þó verðlaunin kaffi því keppnin fer fram í Te og kaffi í Eymundsson í Austurstræti. Hún hefst kl. 20 og er öllum opin.



**SPYRJA ÚT Í GLÆPASÖGUR** Árni Þórarinsson og Páll Kr. Pálsson.




UPPELDI OG MENNTUN FYRIR LÍF OG STARF

Kynningar- og umræðufundur með foreldrum grunnskólanemenda í Grafarvogi og á Kjalarnesi verður: fimmtudaginn 16. október kl. 20-22 í Foldaskóla

- Formaður menntaráðs, Kjartan Magnússon, kynnir stefnu Reykjavíkurborgar í skólamálum
- Viðhorf foreldris til grunnskólanáms barna sinna, Guðlaugur Þór Þórðarson, foreldri
- Fræðslustjóri, Ragnar Þorsteinsson, fjallar um skólastarfið í hverfinu, skoðanir foreldra á því og kynnir skólaþjónustu hverfisins
- Umræður og fyrirspurnir
- Fundarstjóri Ingibjörg Sigurþórsdóttir
- Kaffi á könnunni

Reykjavíkurborg
Menntasvið

## > Webb farinn frá Skallagrími

Það varð endanlega ljóst í gær að Ken Webb mun ekki þjálfa körfuknattleikslið Skallagríms áfram. Í ljósi efnahagsástandsins gat Skallagrímur ekki staðið við samning sinn við Webb, þeir reyndu að ná nýjum samningum en þær samningaviðræður skiluðu engu. Webb stýrir sinni síðustu æfingu hjá liðinu í kvöld. Í kjölfarið munu leikmenn liðsins funda með stjórn um framhaldið og hvernig þeir vilji haga málum. Fastlega er búist við því að Pálmi Sævarsson, fyrirliði liðsins, taki við þjálfuninni og þá hugsanlega með öðrum leikmönnum.



**sport**
sport@frettabladid.is

**HERMANN HREIÐARSSON:** TELUR AFAR MIKILVÆGT AÐ ÍSLAND ENDI FYRRI UMFERÐ 9. RIÐILS Á SIGRI

# *Með sigri verður allt opið fyrir síðari umferðina*

Landsliðsfyrirliðinn Hermann Hreiðarsson tekur fyllilega undir orð landsliðsþjálfarans Ólafs Jóhannessonar um að íslenska landsliðið stefni óhikað á að taka þrjú stig gegn Makedóníu í undankeppni HM 2010, en leikurinn fer fram á Laugardalsvellinum í kvöld kl. 18.

„Skilaboðin á bak við þá fullyrðingu eru fyrst og fremst þau að getan er vissulega til staðar hjá íslenska landsliðinu. En eins og oft hefur verið sagt þá er ekkert nóg að bulla bara endalaust eitthvað utan vallar, það þarf að bakka það upp inni á vellinum og vonandi gerum við það,“ segir Hermann.

Hermann, sem lék sinn 80. landsleik fyrir Íslands hönd um síðustu helgi gegn Hollandi, er ánægður með þær framfarir sem hafa átt sér stað hjá íslenska landsliðinu upp á síðkastið en telur nú mikilvægt að fara að hala inn stig líka.

„Það er margt jákvætt við þessa þrjá leiki sem við erum búnir að spila í riðlinum og ákveðinn stöðugleiki í því sem við erum að gera. Eitt stig finnst okkur samt vera rýr uppskera miðað við spilamennskuna og við viljum bæta fyrir það. Nú er bara að halda áfram þessum stíganda og taka stigin líka, þau eru það sem skiptir máli í þessu,“ segir Hermann.



Flestir, ef ekki allir, eiga von á því að Holland muni vinna 9. riðil með nokkrum yfirburðum en baráttan um annað sætið gæti orðið spennandi og Hermann segir ekkert ráðið um hvernig það endi allt saman.

„Fyrirfram töldu menn ef til vill að baráttan um annað sætið myndi standa á milli Skotlands og Noregs en eins og riðillinn hefur verið að spilast þá er í raun allt opið enn þá. Makedóníumenn eru með hörkusterkt fótboltalið og þeirra árangur upp á síðkastið undirstrikar það og þeir eru að mínu mati ekkert síðri en Skotar og Norðmenn. Með sigri gegn Makedóníu getum við líka blandað okkur í baráttuna og gert þetta skemmtilegt og þá verður allt opið fyrir síðari umferðina. Það er enn langt í land og það á margt eftir að gerast í þessum riðli, það er klárt mál,“ segir Hermann.



**MARGRÉT LÁRA** Skoraði grimmt í Evrópukeppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Valsstúlkur í Evrópukeppni:

## Stórsigur gegn Alma

**FÓTBOLTI** Kvennalið Vals lauk keppni í Evrópukeppninni í gær þegar liðið lagði Alma frá Kasakstan 8-0. Sigurinn dugði ekki til þess að fleyta liðinu áfram.

Margrét Lára Viðarsdóttir skoraði þrjú mörk fyrir Val, Hallbera Gísladóttir og Kristín Ýr Bjarnadóttir skoruðu tvö hver og Dóra María Lárusdóttir bætti einu við. - hbg



**BJARTSÝNN** Brede Hangeland telur að baráttan um annað sæti 9. riðils standi á milli Norges og Skotlands. NORDIC PHOTOS/GETTY

Brede Hangeland:

## Hefðum átt að vinna Ísland

**FÓTBOLTI** Brede Hangeland, fyrirliði norska landsliðsins, telur að fátt geti komið í veg fyrir að Hollendingar fari með sigur af hólmi í 9. riðli undankeppni HM 2010. Baráttuna um annað sætið í riðlinum telur varnartröllið hins vegar standa á milli Norðmanna og Skota.

„Af þeim tveimur leikjum sem við höfum spilað í riðlinum þá verð ég að segja að Skotar eru mun sterkari mótherjar en Íslendingar. Við hefðum átt að vinna Ísland auðveldlega á heimavelli en leikurinn gegn Skotlandi á útivelli var erfiður og jafntefli sanngjörn niðurstaða. Við Norðmenn höfum reyndar ekki mætt Makedóníumönnum enn þá og ég á von á því að þeir séu betri en margir halda. Baráttan um annað sætið stendur þó að mínu mati á milli Noregs og Skotlands,“ segir Hangeland í viðtali við skoska dagblaðið The Daily Record.

Norðmenn mæta Hollendingum á Ullevaal-leikvanginum í Ósló í kvöld. - óþ

# Ásgeir valinn sá besti í sögunni

**Ásgeir Sigurvinsson var í gær kjörinn besti knattspyrnumaður Íslands frá árinu 1946. Kjörið er samvinnuverkefni á milli Stöðvar 2 Sport og KSÍ en Ásgeir var krýndur sá besti í glæsilegu hófi í höfuðstöðvum KSÍ.**

**FÓTBOLTI** Sérstök valnefnd á vegum KSÍ og Stöð 2 Sport hefur með aðstoð íslensku þjóðarinnar valið Ásgeir Sigurvinsson besta knattspyrnumann sögunnar úr glæsilegum hópi tíu knattspyrnumanna sem þóttu hafa skarað fram úr á fyrstu 62 árunum í sögu Knattspyrnusambands Íslands. Ásgeir fékk verðlaunin afhent í gær í glæsilegu hófi en þar voru samankomnir allir tíu bestu knattspyrnumenn Íslands frá upphafi fyrir utan Albert heitinn Guðmundsson.

Ásgeir Sigurvinsson lék sautján tímabil við góðan orðstír í Belgíu (1973-1981) og Vestur-Þýskalandi (1981-1990) þar sem lið hans voru oftast í fremstu röð í sínum deildum. Hans lið enduðu átta sinnum meðal þeirra þriggja efstu og í fjórtán af þessum sautján tímabilum lék hann með liði sem var í hópi sex bestu liða deildarinnar. Ásgeir var tvívegis kjörinn íþróttamaður ársins af samtökum íþróttamanna, árin 1974 og 1984.

Ásgeir er fæddur og uppalinn í Vestmannaeyjum og var kominn í stórt hlutverk hjá ÍBV árið 1972 þegar hann var aðeins á sínu sautjánda ári. Ásgeir gerðist síðan atvinnumaður hjá belgíska liðinu Standard Liege um mitt sumar 1973, þá aðeins 18 ára gamall. Hann náði strax að tryggja sér fast sæti í liðinu. Ásgeir lék með Standard í átta tímabil eða fram á sumar 1981.

Sumarið 1981 gekk hann hins vegar til liðs við þýska stórveldið Bayern München þar sem léku margar stærstu stjörnur þýska boltans. Ásgeir fékk þar fá tækifæri og ákvað að yfirgefa félagið eftir aðeins eitt tímabil. Ásgeir valdi að semja við Stuttgart og við tók farsæll og glæsilegur ferill hans á Neckarstadion. Ásgeir var lengi fyrirliði Stuttgart og þótti einn besti leikmaður í þýska boltanum í mörg ár.



**GLÆSILEGUR HÓPUR** Ásgeir sést hér ásamt öðrum sem voru heiðraðir í gær. Efri röð frá vinstri: Pétur Pétursson, Rúnar Kristinsson, Arnór Guðjohnsen, Eiður Smári Guðjohnsen, Guðni Bergsson. Neðri röð frá vinstri: Ingi Björn Albertsson sem veitti viðtöku verðlaunum fyrir föður sinn Albert, Ásgeir, Ríkharður Jónsson og Atli Eðvaldsson. Sigurður Jónsson komst ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



**UNGUR EYJAPEYI** Ásgeir sést hér ungur að árum í leik með ÍBV.

Hápunktur ferils Ásgeirs var án nokkurs vafa tímabilið 1983-1984 þegar hann varð lykilmaður á bak við það að Stuttgart tryggði sér meistaratitilinn í þýsku Bundesligunni. Þetta var fyrsti meistaratitill félagsins í 32 ár og eftir tímabilið var Ásgeir kosinn besti leikmaðurinn af öðrum leikmönnum í deildinni. Ásgeir skoraði 12 mörk í 31 leik á tímabilinu og var aðalarkitektinn á bak við sóknarleik Stuttgart-liðsins. Ásgeir náði því einnig að verða bikarmeistari í þremur löndum, Íslandi (ÍBV 1972), Belgíu (Standard Liege 1981) og Vestur-Þýskalandi (Bayern München 1982).

Eyjapeyinn lék alls 481 deildarleik á ferlinum, 21 með ÍBV (7 mörk), 249 með Standard Liege (57 mörk), 17 með Bayern München (1 mark) og 194 með Stuttgart (39 mörk). Ásgeir náði að skora 103 mörk í þessum leikjum en hundraðasta deildarmarkið hans kom í 4-0 stórsigri á Nürnberg 13. september 1988. Ásgeir spilaði alls 60 leiki í Evrópukeppni fyrir sín félög og skoraði í þeim tólf mörk.

Ásgeir lék alls 45 landsleiki á ferlinum en þegar hann lék þann fyrsta á móti Dönum 3. júlí 1972 var hann yngsti landsliðsmaður Íslands frá upphafi eða aðeins 17 ára og 56 daga gamall. Ásgeir lék í raun alltof fáa landsleiki á sínum ferli en hann lék þann 45. og síðasta í 2-1 sigri á Tyrkjum 20. september 1989. Ásgeir skoraði fimm mörk fyrir landsliðið.

Ásgeir endaði feril sinn á toppnum þá 35 ára gamall þegar hann var með samningstilboð úr mörgum áttum. Ásgeir lék sinn síðasta leik með Stuttgart 12. maí 1990. Ásgeir Sigurvinsson var stórt nafn í evrópskri knattspyrnu á sínum tíma. Franz Beckenbauer, landsliðseinvaldur Þýskalands á þeim tíma, sagði að hann hefði valið Ásgeir í þýska landsliðið og þegar Stuttgart mætti Napoli í úrslitaleikjum UEFA-bikarsins 1989 var leikjunum stillt upp sem einvígi á milli Ásgeirs og Diego Armando Maradona. Hæfileikar Ásgeirs á knattspyrnuvellinum voru vissulega einstakir. Yfirsýn hans og sendingageta gat splundrað vörn mótherjanna á svipstundu og vinstri fóturinn var hans þekktasta vopn enda bjó Ásgeir yfir mikilli skothörku og skottækni. Ásgeir skoraði sem dæmi ófá stórglæsileg mörk á sínum farsæla ferli og einstakur ferill hans hefur nú tryggt honum útnefninguna besti knattspyrnumaður Íslands fyrr og síðar. ooj@frettabladid.is



**Á TOPPNUM MEÐ STUTTGART** Ásgeir lék við frábæran orðstír hjá Stuttgart og var valinn besti leikmaður þýsku deildarinnar árið 1984.

Njósnari Íslands um Makedóníu, Kristján Guðmundsson, segir lið Makedóníu sterkara en Norðmenn og Skota:

# Ísland verður að skora á undan og helst snemma

**FÓTBOLTI** Kristján Guðmundsson, þjálfari Keflavíkur, fékk það hlutverk hjá Ólafi Jóhannessyni landsliðsþjálfara að njósna um lið Makedóníu. Það hefur Kristján gert og síðan kortlagt makedóníska liðið. Hann segir verkefnið í dag vera mjög erfitt.

„Þetta er geysiöflugt lið og rétt mat að þetta lið sé kandídat í annað sæti riðilsins. Þeir eru ekki með breiðan hóp en hafa fínt byrjunarlið. Markvörðurinn er ágætur, varnarmennirnir reyndir en þeir spila þriggja manna varnarleik með „sweeper“. Svo er fín blanda á miðjunni af tekniskum spilurum og hörðum nöglum. Kantmennirnir eru mjög sprækir og svo er stjarnan Goran Pandev frammi og hann stjórnar þessu mikið,“ sagði Kristján. Hann gerir ráð fyrir að Makedóníumenn muni spila 3-4-3 leikkerfið í dag en þeir hafa einnig spilað 3-5-2.

„Veikleikarnir hjá þeim liggja meðal annars á bak við hægri kantmanninn sem gefur oft svæði. Annars þurfa hraðar sóknir að vera í gangi hjá okkur upp vængina því þeir reyna að hægja á öllu með því að brjóta og annað. Þeir vilja hafa leikinn hægan og eru stundum lengi að stilla upp í föstum leikatriðum sem gæti nýst okkur. Þess utan eru þeir ekkert sérstakir í föstum leikatriðum.“

Kristján telur íslenska liðið verða að byrja af krafti. „Ég tel okkur þurfa að skora á undan og helst snemma til að slá þá út af laginu. Ef þeir ná að stýra ferðinni og keyra hraðann niður þá verður þetta mjög erfitt.“ - hbg

# HAFÐU STILLT Á BYLGJUNA

## ALLA SUNNUDAGA

### SUNNUDAGS-MORGUNN MEÐ HEMMA

**VIÐ FYRSTA HANAGAL KL. 8**

Notaleg stund með Hemma á ljúfum og vinalegum nótum í morgunsárið. Enginn hamagangur og læti, notaleg tónlist, fróðleikur og góðir gestir.

### SPRENGISANDUR

**SUNNUDAGA KL. 10.30**

Þjóðmálaþáttur á Bylgjunni í umsjón Sigurjóns M. Egilssonar. Tekin eru fyrir öll helstu átakamál þjóðfélagsins og ekkert gefið eftir.

### EYÐIEYJAN

**SUNNUDAGA KL. 17**

Skemmtilegur og spennandi viðtalsþáttur með Heimi Karlssyni. Þjóðþekktir Íslendingar eru sendir á eyðieyjuna og mega aðeins taka með sér átta dægurlög, tvær bækur, tvær kvikmyndir og einn hlut. Hvað verður fyrir valinu og hvers vegna?



BYLGJAN 989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!



**> Halle Berry**

„Þótt það kitli hégómagirndina þegar ég heyri að ég sé falleg þá vil ég fyrst og fremst að tekið sé eftir því hvað ég er að gera sem leikkona.“ Berry leikur aðalhlutverkið í kvikmyndinni Their Eyes Were Watching God sem sýnd er á Stöð 2 í kvöld.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ** PÁLL BALDVIN BALDVINSSON VILL BLAÐAMANNAFUNDI

## *Upplýsingaskyldu stjórnvalda brugðið*



Talið er að nú séu hér á landi á annan tug hópa erlendra blaðamanna með tökulið. Þetta fólk bíður og bíður. Einn áfanginn hjá því í gær var hin grátbroslega opnun Kauphallarinnar. Allt vill þetta lið ná í ráðamenn af ýmsu standi en í óvissunni sem hefur alla í greipum sér er ekki boðið upp á aðgang að ráðamönnum. Raunar virðist hrunið á íslenskri fjármálastarfsemi hafa náð inn í kjarna stjórnsýslunnar, inn í merg stjórnarinnar.

Allir sanngjarnir menn hljóta að hugsa heilt til ráðamanna og vona að dugur þeirra og skynsemi reynist styrk, þá úr vöndu er að ráða. Allir gera sér fulla grein fyrir því að vinnudagur þeirra er langur.

Það breytir því þó ekki að gríðarleg nauðsyn er á að upplýsingamiðlun haldi áfram með jöfnum styrk og þunga, ekki bara gagnvart þegnum landsins, sem, eins og útlitið er núna, er líklegt að greiði stóra reikninga í framtíðinni fyrir það hrun sem orðið er, heldur líka fyrir þá fjölmörgu erlendu aðila sem hér eru í leit að staðfastari gögnum um ástandið en myndum úr Bláa lóninu.

Þótt blaðamannafundir ráðherra hafi ekki verið skemmtilegasta efni sem boðið hefur verið upp á í íslensku sjónvarpi er brýnt að þeim sé haldið áfram og þannig unnið skipulega með uppfræðslu á þessum alvarlegu tímum.

MÁ BIÐJA UM MEIRA AF GEIR?

## EKKI MISSA AF



▶ **18.00** Ísland - Makedónía, BEINT SJÓNVARPIÐ



▶ **20,00** Vanity Fair STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30** The Dresden Files STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.00** America's Next Top Model SKJÁR EINN



▶ **21.10** Ghost Whisperer STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)

**17.20 Táknmálsfréttir**

▶**17.30 Landsleikur í fótbolta** Bein útsending frá leik Íslands og Makedóníu á Laugardalsvelli í undankeppni heimsmeistarakeppninnar 2010. Flautað er til leiks kl. 18.00.

**18.50 Fréttayfirlit**

**19.00 Landsleikur í fótbolta** Ísland - Makedónía, seinni hálfleikur.

**20.00 Fréttir**

**20.30 Veður**

**20.40 Víkingalottó**

**20.50 Hvaða Samantha?** (Samantha Who?) (10:15) Bandarísk gamanþáttaröð um unga konu sem þjáist af minnisleysi og neyðist til að komast að því hver hún í rauninni er.

**21.15 Heimkoman** (October Road II) (13:19) Bandarísk þáttaröð um ungan skáldsagnahöfund sem snýr aftur í heimahagana til að styrkja böndin við vini og vandamenn.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Kiljan** Bókmenntaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.

**23.05 Isabel Allende** Þýsk heimildarmynd um Isabel Allende.

**00.05 Scissor Sisters** (e)

**01.00 Forsetakosningar í Bandaríkjunum** John McCain og Barack Obama, frambjóðendur í forsetakosningum í Bandaríkjunum, takast á í kappræðu í beinni útsendingu.

**02.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.15 Elizabethtown**

**10.15 Honey, I Shrunk the Kids**

**12.00 The Pink Panther**

**14.00 Elizabethtown**

**16.00 Honey, I Shrunk the Kids**

**18.00 The Pink Panther**

▶**20.00 Vanity Fair** Ný kvikmynd eftir á sígildri skáldsögu Williams Makepeace Thackeray. Reese Witherspoon leikur stúlku í Lundúnum á 19. öld sem tekst að klífa metorða- og stéttastigann á skömmum tíma.

**22.15 Wet Hot American Summer**

**00.00 You, Me and Dupree**

**02.00 Children of the Corn 6**

**04.00 Wet Hot American Summer**

**06.00 To Walk with Lions**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Krakkarnir í næsta húsi, Justice League Unlimited, Tommi og Jenni og Kalli kanína og félagar.

**08.20 Oprah**

**09.00 Í fínu formi**

**09.15 Bold and the Beautiful**

**09.35 La Fea Más Bella** (170:300)

**10.20 Grey's Anatomy** (15:36)

**11.15 The Moment of Truth** (1:25)

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.35 Neighbours**

**13.00 Sisters** (11:28)

**13.45 Life Begins** (3:6)

**14.35 E.R.** (6:25)

**15.25 Friends**

**16.00 Skrímslaspilið**

**16.23 BeyBlade**

**16.48 Tommi og Jenni**

**17.13 Ruff's Patch**

**17.23 Gulla og grænjaxlarnir**

**17.33 Bold and the Beautiful**

**17.58 Neighbours**

**18.23 Markaðurinn og veður**

**18.30 Fréttir**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.15 Víkingalottó**

**19.20 Veður**

**19.30 The Simpsons** (12:22)

**19.55 Friends** (13:25)

**20.20 Project Runway** (7:15) Ofurfyrirsætan Heidi Klum og tískugúrúinn Tim Gunn stjórna hörkuspennandi tískuhönnunarkeppni þar sem markmiðið er að uppgötva næsta hönnuð í heimi hátískunnar.

▶**21.10 Ghost Whisperer** (48:62) Melinda Gordon er í nánu sambandi við hina framliðnu. Köllun hennar er að aðstoða þá sem nýlega hafa horfið á sviplegan hátt yfir móðuna miklu við að koma mikilvægum skilaboðum til sinna nánustu í heimi lifenda svo þeir fái að hvíla í friði.

**21.55 Oprah**

**22.40 Their Eyes Were Watching God**

**00.15 Dagvaktin** (4:11)

**00.45 E.R.** (6:25)

**03.30 Medium** (7:22)

**04.15 Crossing Jordan** (16:21)

**05.00 Pushing Daisies** (7:9)

**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**17.50 Gillette World Sport** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum út í heimi.

**18.20 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð.

**19.05 PGA Tour 2008 - Hápunktar** Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi.

**20.00 Undankeppni HM 2010** Útsending frá leik Hvíta-Rússlands og Englendinga.

**21.40 HM 2010 - Undankeppni** Útsending frá leik Noregs og Hollands í undankeppni HM en þessi lið eru með Íslendingum í riðli.

**23.20 Ultimate Fighter** Mögnuð þáttaröð þar sem sextán bardagamenn keppast um að komast á milljónasamning hjá UFC en tveir heimsþekktir bardagamenn þjálfa mennina.

**00.20 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.

**00.55 Undankeppni HM 2010** Bein útsending frá leik Brasilíu og Kólumbíu í undankeppni HM. Lið Brasilíu er sem stendur ekki öruggt um sæti á HM og þarf heldur betur að spýta í lófana ætli það sér að vera meðal fjögurra efstu liða í riðlinum.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Everton og Newcastle.

**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.30 Coca Cola-mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaþætti.

**19.00 Ensku mörkin** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir.

**19.55 Masters Football** UK Masters cup er vinsæl mótaröð en þar taka þátt 32 lið skipuð leikmönnum sem gerðu garðinn frægan á árum áður í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum.

**23.30 PL Classic Matches** Southampton - Liverpool, 2000.

**00.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Chelsea og Aston Villa í ensku úrvalsdeildinni. Leikurinn er sýndur beint á Sport 4 kl. 13.55.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**07.15 Rachael Ray** (e)

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Óstöðvandi tónlist**

**16.45 Vörutorg**

**17.45 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa vandamál og gefur góð ráð.

**18.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**19.20 Innlit / Útlit** (e)

**20.10 Kitchen Nightmares** (8:10) Í kvöld heimsækir Gordon Ramsey írskan veitingastað sem er í vondum málum. Eigandinn berst í bökkum til að halda staðnum gangandi en synir hans eru að eyðileggja allt saman. Annar felur sig á bak við barinn en hinn er fullur af valdagræðgi.

▶**21.00 America's Next Top Model** (3:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem Tyra Banks leitar að næstu ofurfyrirsætu. Það hitnar í kolunum þegar stúlkurnar fara í kennslustund hjá Benny Ninja og ein stúlkan reynir að nota líkama sinn aðeins of mikið. Í heita pottinum ná tvær stelpur saman og það verða heitar umræður í lúxusvillunni um mismunun.

**21.50 How to Look Good Naked** (4:8) Nú tekst Gok Wan á við stærsta verkefni sitt til þessa. Angela er 59 ára háskólakennari sem er laus og liðug á ný eftir 38 ára hjónaband. Nú er hún aftur að leita að ástinni en finnst líkaminn ekki nógu flottur til að næla í nýjan eiginmann.

**22.40 Jay Leno**

**23.30 Friday Night Lights** (e)

**00.20 Eureka** (e)

**01.10 Vörutorg**

**02.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18.15 Fréttir** og **Að norðan** Endurtekið á klst. fresti til 12.15 daginn eftir.

**N4 Sjónvarp Norðurlands**

**Digital Ísland rás 15**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.





STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 22.40

### Their Eyes Were Watching God



Magnþrungin og áhrifamikil örlagasaga byggð á samnefndri metsölubók og framleidd af Opruh Winfrey. Myndin skartar Halle Berry í aðalhlutverki en hún leikur blökkukonuna Janie Crawford sem er ástríðufull í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur. Fylgst er með henni í gegnum þrjú hjónabönd með afar ólíkum mönnum sem færðu henni allt sem lífið hefur upp á að bjóða, allt frá gríðarlegri velgengni til ólýsanlegrar ástarsorgar. Myndin var tilnefnd til fjölda verðlauna og hlaut Halle Berry bæði Golden Globe- og Emmy-tilnefningu fyrir frammistöðu sína.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Isabel Allende

### SJÓNVARPIÐ KL. 23.05

Sjónvarpið sýnir í kvöld þýska heimildarmynd um sílesku skáldkonuna Isabel Allende. Frægasta verk hennar er sennilega fyrsta bókin sem heitir Hús andanna en hún kom út árið 1982. Allende hefur starfað sem rithöfundur í tæpan aldarfjórðung og gefið út sautján bækur en bækur hennar hafa verið þýddar á rúmlega 30 tungumál og selst í 35 milljónum eintaka.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.05** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Brot af eilífðinni
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Heimur óperunnar
**15.03** Útvarpssagan: Sveigur
**15.30** Heimsauga
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Stefnumót
**21.10** Út um græna grundu
**22.07** Veðurfregnir
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Mitt nafn er Steinn Steinarr, skáld. Ég kvaðst á við fjandann
**23.10** Krossgötur

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (37:260)
**16.30 Hollyoaks** (38:260)
**17.00 Seinfeld**
**17.30 The Dresden Files** (10:13)
**18.15 Skins** (7:10)
**19.00 Hollyoaks** (37:260)
**19.30 Hollyoaks** (38:260)

**20.00 Seinfeld** Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunasamur og sérvitur. Sem betur fer á hann góðan vinahóp sem er álíka duttlungafullur og hann sjálfur.

▶**20.30 The Dresden Files** (10:13) Harry Dresden er enginn venjulegur maður, hann er galdramaður og notar hæfileika sína við að upplýsa sakamál. Harry á sér dökka fortíð en hefur nú ákveðið að nýta sér reynsluna til góðs.

**21.15 Skins** (7:10) Átakanleg bresk þáttaröð um unglinga sem reyna að takast á við daglegt líf í skugga átröskunar, eiturlyfjaneyslu og fleiri vandamála sem steðja að unglingum í dag.

**22.00 Chuck** (7:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur og lifir frekar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með er hann orðinn mikilvægasta vopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.

**22.45 Terminator. The Sarah Connor Chronicles** (5:9)
**23.25 Twenty Four 3** (21:24)
**00.10 Magick** (1:4)
**00.35 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Umsjónarkona er Steinunn Anna Gunnlaugsdóttir. Gestir: Kristbjörg Kristmundsdóttir og Edda Björgvinsdóttir.

**21.00 Líf og land** Valdemar Ásgeirsson vill fá hlutina á hreint og leitar víða fanga. Gestur hans er Daníel Magnússon bóndi við Rangá.

**21.30 Borgarlíf** Marta Guðjónsdóttir varaborgarfulltrúi veltir fyrir sér borgarmálum ásamt gesti sínum

**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## DR 1

**11.05** OBS **11.10** Dine, mine og vores børn **11.40** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Pigerne Mod Drengene **14.30** Hannah Montana **15.00** Drengene og pigerne fra Klassen **15.30** Skæg med tal **15.55** Gurli Gris **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Tæt på et geni **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** En sag for Frost

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Jessica Fletcher **12.00** NRK nyheter **12.05** Barmeny **12.30** ,Allo, ,Allo! **13.00** NRK nyheter **13.03** Utfordringen **13.30** Ace Lightning **14.00** NRK nyheter **14.10** Hannah Montana **14.35** Mona Mørk **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Vår aktive hjerne **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Rupert Bjørn **16.10** Ugler i mosen **16.30** Lure Lucy **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.50** TV-aksjonen Blå Kors. Det hemmelige landet **17.55** Tingenes tilstand **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** House **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt

## SVT 1

**10.35** Vem är rädd för Virginia Woolf? **12.40** Andra Avenyn **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hannah Montana **14.30** Mega **15.00** Lilla prinsessan **15.10** Dagens visa **15.15** Alfons Åberg **15.25** Den itusågade kaninen **15.40** Hemska Henry **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Plus **19.30** Carin 21.30 **20.00** Tell me You Love me **20.50** Livet i Fagervik




STÖÐ 2 VILD INNIHELDUR: 2 2+ 2 BÍÓ 2 BÍÓ+ 2 EXTRA 2 EXTRA+ 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

## GAMLA MYNDIN



*„Þarna hef ég verið í slæðu- og kaðlapeysufílingnum syngjandi með Rúnari Júl, Rabarbara-Rúna, vegna þess að ég er svo sein að meðtaka hlutina á réttum tímum. En svona er það nú, ég var bara frekar normal pía, ekki byrjuð með fjaðrafokið og fylgdi bara því sem var að gerast hverju sinni.“*

Sigríður Klingenberg spákona. Myndin er tekin í apríl 1994.

# RÚV lýsti beint frá Efstaleiti

„Þetta er algjör undantekning og ekkert leyndarmál. Við vorum búin að ákveða að senda menn út til Hollands en síðan reið þetta efnahagsfárviðri yfir landið og það var ákveðið að draga saman seglin,“ segir Margrét Marteinsdóttir, yfirmaður íþróttadeildar RÚV.

Geir Magnússon og Lárus Guðmundsson lýstu leik Hollands og Íslands beint á laugardagskvöldinu á Rás 2 þar sem Íslendingar töpuðu með tveimur mörkum gegn engu. Þeir kumpánar sátu þó ekki á leikvanginum meðal annarra blaðamanna heldur inni í stúdíói uppi í Efstaleiti og lýstu „beint“ af sjónvarpsskjá. Margrét segir þetta ekki vera neitt leyndarmál og aldrei hafi staðið til að halda þessu eitthvað leyndu. „Þetta mátti alveg koma fram í lýsingunni,“ segir Margrét, spurð hvort ekki hefði verið rétt að taka þetta fram. Hún bætir því jafnframt við að haft hafi verið samband við Vodafone og Stöð 2 Sport út af málinu og tekur skýrt fram að RÚV hafi átt útvarpsréttinn að lýsingunni.

Hilmar Björnsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2 Sport, segir þetta ekki vera sitt mál þrátt fyrir að sjónvarpsstöðin hafi sýnt leikinn beint. En hann er undrandi á þessum vinnubrögðum Ríkisútvarpsins. „Mér finnst ekki gott hjá Ríkisútvarpi allra landsmanna að lýsa ekki stórleik á borð við þennan,“ segir Hilmar. **- fgg**



**UNDRANDI** Hilmar Björnsson er undrandi á þessum vinnubrögðum en segir þetta annars ekki vera sitt mál.

**KREPPULÝSING** Íþróttafréttamenn RÚV lýstu landsleik beint frá Efstaleiti. Margrét Marteinsdóttir segir þetta ekki hafa verið leyndarmál.



**LÁRÉTT**
2. pest, 6. frá, 8. sauðagarnir, 9. húsfreyja, 11. hef leyfi, 12. frækorns, 14. sýna elliglöp, 16. í röð, 17. skjön, 18. ennþá, 20. grískur bókstafur, 21. betl.

**LÓÐRÉTT**
1. slitrótt tal, 3. tveir eins, 4. gufuskip, 5. skáhalli, 7. hraustur, 10. háma, 13. angan, 15. heimsálfu, 16. húðpoki, 19. átt.

**LAUSN**
LÁRÉTT: 2. kvef, 6. af, 8. vil, 9. frú, 11. má, 12. sæðis, 14. kalka, 16. hi, 17. mis, 18. enn, 20. pí, 21. snap.
LÓÐRÉTT: 1. tafs, 3. vv, 4. eimskip, 5. flá, 7. frækinn, 10. úða, 13. ilm, 15. asíu, 16. hes, 19. na.

## VEISTU SVARIÐ?

Svör við spurningum á síðu 8

1. Friðbert Traustason.
2. Skjöldur Eyfjörð.
3. Iceland Airwaves.









**NEI TAKK!** Eggert Jóhannsson feldskeri vill ekkert með viðskipti bresku ráðherranna Gordons Brown og Alistairs Darling hafa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

EGGERT FELDSKERI: SENDIR BRESKUM RÁÐHERRUM TÓNINN

# Þögul mótmæli vegna lúalegra ummæla Browns

„Þetta eru nú eiginlega þögul mótmæli,“ segir Eggert Jóhannsson, feldskeri, sem hefur sett upp óvenjulegt skilti í glugga verslunar sinnar við Skólavörðustíg. Þar meinar hann Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, og Alistair Darling fjármálaráðherra að versla þar með kreditkort sín því þeirra lánstrausti sé ekki tekið sem góðu og gildu.

„Mér fannst bæði viss húmor í þessu og svo finnst mér að borgararnir eigi að vera með friðsamleg mótmæli og eigi alltaf að láta í ljós það sem þeim finnst,“ segir Eggert, sem reynir eftir ýtrustu getu að fylgja því lögmáli. „Þetta er bæði okkar réttur og skylda, án þess þó að móðga einhvern. Í þessu tilfelli býst ég við að ég hvorki móðgi Brown né Darling. Fólk hefur tekið eftir þessu og þetta gleður suma og þá er tilganginum kannski náð.“

Eggert hélt sýningu á loðfeldum sínum í Bretlandi í síðustu viku, á sama tíma og allt var í háaloft í samskiptum Íslendinga og Breta. „Hinn almenni Breti var ekki í þessum látum sem Brown er í, hann vantar bara þetta stríð,“ segir Eggert. „Hann hefur beitt sér á mjög skringilegan hátt og það er eiginlega spurning hvort hann þurfi ekki að gera Shetlandseyjar að frjálsu ríki svo þeir geti fundið mátulega stórt ríki til að ráðast á,“ segir hann og hlær.

„Við skulum ekki gleyma því að Gordon Brown var ekki með nema 30 prósenta fylgi áður en þetta kom upp. Honum hefur tekist að nýta þetta með þessum lúaskap að ráðast svona að íslenskum bönkum og Íslendingum. Og líka að alhæfa svona. Það vita allir, bæði Bretar og Íslendingar, að það voru ekki allir sem stóðu í þessu og þetta kemur heldur ekki við alla.“

Eggert býst við minnkandi viðskiptum í kjölfar kreppunnar eins og kannski von er. „Það hlýtur að fækka eitthvað kaupendum en það eru margir sem vilja kaupa loðfeldi vegna þess að þetta er þó „stabílt“ verð á þessu. Sumir vilja kannski frekar eiga þetta en að eiga peninga undir koddanum eða í einhverjum verðbréfum.“

Sjálfur segist hann engu hafa tapað á undanförnum dögum. „Ég er ekki orðinn nógu fjáður til þess að eiga hlutabréf. Þótt þetta sé kannski áberandi fyrirtæki er þetta bara handverksfyrirtæki. Hér er bara fólk að sinna sínum störfum og búa til hluti. Stundum gengur betur og stundum verr, það er enginn stór galdur í þessu.“

**freyr@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Orðrómur um að bandaríska rokksveitin Queens of the Stone Age sé á leiðinni til landsins og ætli að spila á Nasa virðist vera úr lausu lofti gripinn. **Þorsteinn Stephensen** og fyrirtæki hans Hr. Örlygur var sagt vera á bak við tónleikana, en fyrirtækið flutti sveitina einmitt til landsins fyrir nokkrum árum síðan. Þorsteinn játar að hafa reynt að fá rokkarana til landsins í sumar í tengslum við tónleikaferð þeirra með **Mugison** en þeir hafi ekki komist sökum anna. Síðan þá hafi aftur á móti engar viðræður átt sér stað.



Almannatengillinn **Andrés Jónsson** stofnaði nýverið eigið fyrirtæki, Góð samskipti. Hann ber sig vel þrátt fyrir krepputal og kvartar ekki yfir verkefnaskorti. Nú síðast réð Andrés sig sem upplýsingafulltrúa Iceland Express og fetar þar með í fótspor ekki ómerkari manneskju en Láru Ómarsdóttur sem reyndar staldraði stutt við.



Umboðsmaður **Megasar**, **Rúnar Birgisson**, stríddi skjólstæðingi sínum á dögum og sagðist hafa gert frábæran díl við Toyota. Díllinn fælist í ferðinni Megas og Toyota á ferð um landið á sérmerktum Megasarjeppa. Þegar hér var komið við sögu sló Megas bylmingsfast í borðið og sagði hingað og ekki lengra. Hann hafði þó húmor fyrir þessu eftir á.

**-fb, hdm, drg**






# Þrír hestalampar á eina millu

Þegar sturlunin í Rómaveldi náði hámarki gerði Caligula hest að þingmanni. Þegar góðærissturlunin á Íslandi náði hámarki gerðum við hest að lampa. Sá hestur er úr svörtu plasti og var framleiddur af hollenska húsbúnaðarfyrirtækinu Moooi. Hann kom í sölu árið 2006.

„Það komu nú bara þrjú stykki og þau seldust öll í Saltfélaginu,“ segir Eiríkur G, sölustjóri hjá Lumex, sem flutti hestalampann inn. „Fullt verð út úr búð var í kringum 330.000 krónur.“

Stoltir eigendur hins smekklega hestalampa stilla honum út í glugga. Lampann má sjá í glugga veitingastaðarins B5 í Bankastræti og í glugga auglýsingastofunnar Jónsson & Le'macks á Vesturgötu. Ekki er vitað hvar sá þriðji er niðurkominn eða hvort honum er stillt út í glugga. **- drg**





**TÁKN UM GÓÐÆRI** Hestalampinn í glugganum á B5 vekur jafnan athygli vegfarenda í miðbænum. Hann er hannaður af Front fyrir Moooi. Þrjú stykki seldust á Íslandi. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# UPPFÆRSLUR Á FRÁBÆRU TILBOÐI

## UPPFÆRÐU GÖMLU TÖLVUNA Á BETRA VERÐI

STÆKKAÐU Í 2GB VINNSLUMINNI 1.990

STÆKKAÐU Í 500GB HARÐAN DISK 4.990

### SÚPERTURN 1

- 2.0GHz Sempron64 AM2 með 2000FSB
- Mjög hljóðlát örgjörvakælivifta
- 160GB WD Caviar SE harður diskur
- MSI K9N6PGM2-V - MCP61 móðurborð
- 1GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 128MB GeForce6 6100 PCI-E skjástýring
- 7.1 hljóðkort, Svartur ACE Clubs turnkassi

**29.990**

STÆKKAÐU Í 500GB HARÐAN DISK 1.490

### SÚPERTURN 2

- AM2 DualCore 4600+ X2 Athlon64
- Mjög hljóðlát örgjörvakælivifta
- 320GB WD Caviar SE16 harður diskur
- MSI K9N6PGM2-V - MCP61 móðurborð
- 2GB Dual DDR2 CL4 XMS vinnsluminni
- 128MB GeForce6 6100 PCI-E skjástýring
- 7.1 hljóðkort, Svartur ACE Clubs turnkassi

**39.990**

STÆKKAÐU Í 500GB HARÐAN DISK 1.490

STÆKKAÐU Í 4GB 800MHZ VINNSLUMINNI 4.990

STÆKKAÐU Í GEFORCE 8600GT SKJÁKORTI 6.990

### SÚPERTURN 3

- 2.4GHz, Intel Pentium E2220
- Mjög hljóðlát örgjörvakælivifta
- 320GB WD Caviar SE16 harður diskur
- MSI G31M3-F - Core 2 Duo móðurborð
- 2GB Dual DDR2 CL4 XMS vinnsluminni
- MSI GeForce NX8400GS skjákort
- 7.1 hljóðkort, Svartur ACE Clubs turnkassi

**54.990**

GEFORCE 8400GS SKJÁKORT Á TILBOÐI MEÐ UPPFÆRSLU 4.990

500GB HARÐUR DISKUR Á TILBOÐI MEÐ UPPFÆRLU 8.990

GEFORCE 8600GT SKJÁKORT Á TILBOÐI MEÐ UPPFÆRSLU 11.990

STÆKKAÐU Í 4GB 800MHZ VINNSLUMINNI 4.990

### SÚPERUPPFÆRSLUTILBOÐ 2

- AM2 4400+ X2 Athlon64 1MB flýtiminni
- Mjög hljóðlát örgjörvakælivifta
- MSI K9N6PGM2-V - MCP61 móðurborð
- 2GB Dual DDR2 CL4 XMS vinnsluminni
- 128MB GeForce6 6100 PCI-E skjástýring
- 7.1 hljóðkort, 10/100/1000 netkort
- 2xSATA2 Raid, 1xATA133 o.fl.

**24.990**

STÆKKAÐU Í GEFORCE 8600GT SKJÁKORTI 4.990

STÆKKAÐU Í 4GB 800MHZ VINNSLUMINNI 4.990

### SÚPERUPPFÆRSLUTILBOÐ 4

- AM2 5600+ X2 Athlon64 1MB flýtiminni
- Mjög hljóðlát örgjörvakælivifta
- MSI K9N NEO F - nForce550 móðurborð
- 2GB Dual DDR2 CL4 XMS vinnsluminni
- 512MB MSI Geforce8 NX8500GT skjákort
- Innbyggt 10/100/1000 Gigabit Lan
- Innbyggt Realtek 7.1 hljóðkort

**39.990**

STÆKKAÐU Í 1TB HARÐAN DISK 5.990

### SÚPERTURN 5 - DELUXE

- Intel Core 2 Duo E5200 2.5GHz
- Mjög hljóðlát örgjörvakælivifta
- 500GB WD Caviar SE16 harður diskur
- MSI P43 NEO-F móðurborð
- 2GB Dual DDR2 CL4 XMS vinnsluminni
- 384MB MSI Geforce9 N9600GSO skjákort
- 7.1 hljóðkort, Svartur ACE Clubs turnkassi

**74.990**

Öll verð og tilboð gilda á meðan birgðir endast og eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

## TÖLVULISTINN

TL.IS www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR • KÓPAVOGUR

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| NÓATÚNI 17 | STRANDGÖTU 9 | MIÐVANGI 2-4 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 | HLÍÐASMÁRA 10 |
| S: 414 1700 | S: 414 1730 | S: 414 1735 | S: 414 1740 | S: 414 1745 | S: 414 1750 | S: 414 1760 |

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**










**BAKÞANKAR**
Þórhildar Elínar Elínardóttur


## *Köttur úti í mýri*

Eftir heila viku af uppnámi sem einkenndist mest af fréttum af því hvað Davíð hafi eiginlega verið að meina höfum við nú hneppt börnin okkar og barnabörn í ævilangt skuldafangelsi.

**VIÐ** fyrsta kynslóð bómullarbarna drukkum í okkur spennandi ævintýri af kröppum sjó sem afi, amma og þau öll máttu sigla, boðaföllum og brimsköflum úr lífi venjulegs fólks – svo ég grípi til kunnuglegra myndlíkinga. Sögur af manneskjum sem reyndu sitt af hverju og þurftu að treysta á ýmislegt annað en óskerta dómgreind seðlabankastjóra til að lifa af. Sem vissu að stundum þarf að gera fleira en gott þykir og trúðu því að nægjusemi væri dyggð.

**ÞETTA** fólk gat sagt börnum og barnabörnum sögur af eigin lífsreynslu. Um frostaveturinn mikla 1918 þegar sængin hans afa fraus föst við útvegginn og andardráttinn hrímaði innandyra. Þegar lítil telpa sem varð seinna mamma mín stóð daglangt í röð til að kaupa skó en fékk enga því sendingin var búin, loksins þegar röðin kom að henni. Eða þegar allur bærinn fann ilminn af eplunum sem voru loksins komin í kaupfélagið og jólin gátu gengið í garð.

**VARLA** hafa öll þessi blankheit og vöruskortur á liðnum krepputímum verið eintóm skemmtun þótt frásagnirnar seinna meir hafi stundum orðið rómantískar, því margir liðu alvöru skort. Og vissulega er ógnvekjandi sú tilhugsun að fáeinir fjárhættuspilarar hafi nú klúðrað á stuttum tíma áratuga uppbyggingu heillar þjóðar. En kannski fáum við í staðinn tækifæri til að rifja upp lífsgæði sem einhvers staðar urðu undir í öllu atinu og safna í sarpinn upplýsingum til að miðla börnum og barnabörnum. Kannski verða síðari tíma frásagnir innihaldsríkari en um skeið leit út fyrir.

**EINHVERN** veginn yrðu nefnilega frekar andlausar og óspennandi velmektarsögur af pabbanum sem skipti jeppanum upp í flottari jeppa. Eða af ömmunni sem fílaði engan veginn parketið á stofunni og fékk sér loks nýtt í stíl við burstaða stálið í baðkarinu. Nú er lag til að gleðjast yfir því að upplifa alvöru efnivið. Síðar getum við sagt litlum börnum af næstu kynslóðum æsispennandi ævintýri um íslenska efnahagsundrið. Sögulaunin verða milljarðarnir sem þeim er gert að greiða fyrir okkar hönd.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 15. október, 288. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 8.19 | 13.13 | 18.06 |
| Akureyri | 8.09 | 12.58 | 17.46 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


